

2010

# Starfsgreinaráð og starfsgreinanevnd: Stefna og verklag



Skýrsla unnin fyrir mennta- og  
menningarmálaráðuneyti

Höfundar:

Elín Thorarensen

María Kristín Gylfadóttir

## Efnisyfirlit

Stjórnendaskýrsla .....	4
Skilgreining viðfangsefnis .....	6
Markmið .....	6
Áætlun um framkvæmd og efnisöflun .....	7
Greining á viðfangsefni.....	9
Hagsmunaaðilar .....	9
Starfsgreinaráð .....	11
Samantekt á ákvæðum eldri og nógildandi laga og reglugerða um starfsgreinaráð.....	12
Greining á ársskýrslum starfsgreinaráða fyrir árið 2008 .....	15
Viðtöl við fulltrúa starfsgreinaráða .....	21
Starfsgreinanevnd .....	35
Skilgreining á hlutverki í lögum .....	35
Væntingar hagsmunaaðila til starfsgreinanevndar .....	36
Skipulag starfsemi starfsgreinanevndar – að hverju þarf að huga? .....	36
Tillögur.....	37
Starfsgreinaráð .....	37
Áhættugreining .....	37
Tillaga um nýja sýn á hlutverk og samstarf við hagsmunaaðila.....	39
Hlutverkafléttu starfsgreinaráða.....	41
Samskiptaáætlun.....	43
Tillaga um fjárráð starfsgreinaráða.....	43
Verklag nýrra starfsgreinaráða.....	45
Mögulegir valkostir á fyrirkomulagi starfsemi starfsgreinaráða.....	46

Niðurstaða – mat á valkostum .....	51
Starfsgreinanevnd .....	51
Áhættugreining .....	51
Tillaga að skipulagi .....	53
Skipurit starfsgreinanevndar .....	54
Mennta- og menningarmálaráðuneyti .....	54
Hlutverk ráðuneytis.....	55
Verklagsþættir.....	55
Lokaorð.....	57
Heimildaskrá.....	58
Viðaukar .....	59

## Stjórnendaskýrsla

Starfsgreinaráð komu fyrst til sögunnar í lögum um framhaldsskóla árið 1996. Tilgangurinn með stofnun þeirra var að auka aðkomu aðila atvinnulífs að stefnumótun og uppbyggingu starfsnáms og þannig sömuleiðis auka ábyrgð þeirra á starfsnámi þannig að það væri betur tryggt að námið væri á hverjum tíma í samræmi við kröfur og þarfir atvinnulífs fyrir starfsfólk. Samkvæmt lögum eiga starfsgreinaráð að vera ráðherra til ráðgjafar um starfsnám á framhaldsskólastigi og sinna skilgreindu hlutverki.

Starfsgreinanevnd samkvæmt nýjum lögum um framhaldsskóla frá 2008 tekur við af samstarfsnevnd um starfsnám á framhaldsskólastigi sem kveðið var á um í lögnum frá 1996. Samkvæmt lögum er hlutverk starfsgreinanevndar tvíþætt; að vera ráðherra til ráðgjafar um stefnumótun í starfsnámi og framkvæmd starfsnáms; að vera vettvangur samráðs og samræmingar milli starfsgreinaráða.

Í þessari skýrslu sem unnin er að beiðni mennta- og menningarmálaráðuneytisins er leitast við að svara því hvernig framkvæmd og verklagi starfsgreinaráða og starfsgreinanevndar verður best háttað til ársins 2014. Við greiningu á viðfangsefninu var stuðst við verkfæri viðskiptafræða og verkefnastjórnunar. Þannig voru helstu hagsmunaaðilar kortlagðir með hagsmunaaðilagreiningu, tekin viðtöl við úrtak hagsmunaaðila, ný lög borin saman við fyrri lög og ársskýrslur starfsgreinaráða skoðaðar. Við gerð tillagna var stuðst við verkfæri eins og áhættugreiningu, PESTEL og SVÓT greiningu og hlutverkafléttu.

Eftirfarandi þrjú valkostir eru taldir vera fyrir hendi fyrir ráðuneytið til að tryggja starfsgreinaráðum nauðsynlega aðstöðu og stuðning og auka skilvirkni þeirra:

1. Óbreytt staða varðandi umsýslu en endurskoðað verklag og fjármögnun
2. Öll starfsgreinaráð gera þjónustusamning við lðuna eða aðra þjónustustofnun
3. Sett verði á laggirnar þjónustustofnun sem heyrir undir mennta- og menningarmálaráðuneyti og öll starfsgreinaráð tilheyra

Skýrsluhöfundar gera ekki tilraun til að meta hvaða valkostur er fýsilegastur en hver þeirra felur í sér mismunandi áhrif á rekstur starfsgreinaráða, virkni og möguleg tækifæri til aukinnar skilvirkni. Það er ráðuneytis að meta frekar kosti og galla hvers valkosti og velja einn eða fleiri til nánari útfærslu. Þó leggja skýrsluhöfundar áherslu á að ef valkostur eitt

verður fyrir valinu er engu að síður mikilvægt að ráðuneytið endurskoði eigi að síður verklagsreglur og fjármögnun starfsgreinaráða.

Sett er fram útfærð tillaga að skipulagi á starfsemi starfsgreinaneftndar og drög að skipuriti sem á að tryggja gagnsæi og virkni í starfseminni sem og aðkomu sem flestra hagsmunaaðila að störfum nefndarinnar.

Að síðustu eru tilgreindir nokkrir verklagsþættir sem mennta- og menningarmálaráðuneyti þarf að huga að og gætu auðveldað því að sinna hlutverki sínu gagnvart starfsgreinaráðunum og starfsgreinaneftndinni með nánari útfærslu.

Ef mennta- og menningarmálaráðuneytið ákveður að fara út í stórtækar breytingar er mjög brýnt að sérfræðingar verði hafðir með í ráðum frá upphafi og að lögð verði áhersla á að hér sé um breytingar á skipulagi og verkferlum að ræða sem eigi ekki að auka vinnuálag á starfsfólk. Sömuleiðis er mikilvægt að ráðuneytið standi rétt að kynningu á breytingum gagnvart hagsmunaaðilum. Mælst er til þess að allar breytingar sem gerðar verði komi til framkvæmda sem allra fyrst þannig að starfsgreinaráð og starfsgreinaneftnd geti nú strax í upphafi nýs starfstímabils tekist á við verkefni sín og uppfyllt skilgreindar kröfur um framkvæmd.

Reykjavík, 12. mars 2010

Elín Thorarensen, M.Ed., MPM-nemi  
María Kristín Gylfadóttir, M.A., MBA

## Skilgreining viðfangsefnis

Viðfangsefnið sem er til skoðunar er starfsgreinaráð, hlutverk þeirra og verklag og mótun skipulags fyrir starfsemi nýrrar starfsgreinaneftndar sem er ætlað að samræma störf starfsgreinaráða og vera til ráðgjafar um stefnumótun í starfsmenntun. Niðurstöðu greiningar er ætlað að auðvelda ákvarðanatöku ráðuneytis um utanumhald, umsýslu, verklag og fjárreiður starfsgreinaráða og nýrrar starfsgreinaneftndar til næstu ára.

Í því ljósi eru eftirfarandi þættir teknir til skoðunar við greiningu á viðfangsefninu:

- Hlutverk og verklag fyrri starfsgreinaráða með samanburði á lögum og reglugerðum og með rýni á starfsemi með viðtölum og úttekt á ársskýrslum ráða
- Viðhorf hagsmunaaðila til hlutverks og verklags nýrra starfsgreinaráða og starfsgreinaneftndar
- Fjármál og kostnaður við störf starfsgreinaráða og starfsgreinaneftndar
- Greining á umhverfi starfsgreinaráða og starfsgreinaneftndar, s.s. hlutverk og verkaskipting helstu hagsmunaaðila og innbyrðis samskipti og tengsl, með verkfærum verkefnisstjórnunar og stefnumótunar

## Markmið

Markmið greiningarinnar er tvíþætt; að kanna þörf nýrra starfsgreinaráða fyrir utanumhald og fjármögnun, stuðning og fræðslu vegna nýrra verkefna og samstarf við hagsmunaaðila, og að greina hlutverk og skoða mögulegar leiðir á skipulagi starfsemi nýrrar starfsgreinaneftndar. Við greiningu á þörf nýrra starfsgreinaráða verður kannað hversu fýsilegt það er fyrir ráðuneytið að breyta núverandi fyrirkomulagi á utanumhaldi og rekstri starfsgreinaráða. Tilgangurinn með slíkum breytingum er að tryggja að öll starfsgreinaráð geti sinnt hlutverki sínu með sama hætti, óháð því hvert bakland þeirra er og þannig aukið virkni þeirra. Með því að gera breytingar á starfsfyrirkomulagi skapast tækifæri til að efla starfsemi starfsgreinaráða, auka skilvirkni í starfsemi þeirra og þar með styrkja starfsnám í landinu.

Settir eru fram þrjú valkostir fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti við skipulagningu á þjónustu við starfsgreinaráðin til framtíðar. Þessir valkostir eru:

1. Óbreytt staða varðandi umsýslu en endurskoðað verklag og fjármögnun
2. Öll starfsgreinaráð gera þjónustusamning við Iðuna fræðslusetur eða aðra viðlíka stofnun
3. Sett verði á laggirnar þjónustustofnun sem heyrir undir mennta- og menningarmálaráðuneyti og öll starfsgreinaráð tilheyra

Við greiningu á hlutverki og þörfum nýrrar starfsgreinaneftndar fyrir skipulag sem styður við starfsemi nefndarinnar er horft til ákvæða laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, hvert hlutverk forvera nefndarinnar var, sem og væntinga viðmælenda skýrsluhöfunda til nefndarinnar.

### **Áætlun um framkvæmd og efnisöflun**

Skýrsluhöfundar voru fengnir til að gera úttektina af mennta- og menningarmálaráðuneytinu í lok árs 2009. Áætlun um framkvæmd verksins var skilað til ráðuneytis um miðjan janúar síðastliðinn. Í áætlun um framkvæmd er gert ráð fyrir að verkefnið skiptist í átta verkþætti:

1. Undirbúningur og umsjón með framkvæmd verkefnis
2. Fundir með bakhópi menntamálaráðuneytis
3. Upplýsingaöflun frá starfsmönnum ráðuneytis
4. Samantekt á ákvæðum núgildandi og eldri laga og reglugerða um starfsgreinaráð
5. Úttekt á starfsemi og verklagi starfsgreinaráða til ársins 2009
6. Viðtöl við helstu hagsmunaaðila
7. Samantekt á ákvæðum núgildandi laga um starfsgreinaneftnd og tillögur um hlutverk hennar og fyrirkomulag
8. Gerð heilstæðrar skýrslu um niðurstöðu greiningar með tillögum um hlutverk og verksvið einstakra hagsmunaaðila

Framkvæmdaáætlun gerir ráð fyrir að efnisöflun fari fram með margvíslegum hætti, s.s. með öflun skýrslna, laga og reglugerða, minnisblaða og annarra gagna frá starfsmönnum mennta- og menningarmálaráðuneytis, fundum með bakhópi ráðuneytis og viðtala við úrtak helstu hagsmunaaðila starfsgreinaráða og nýrrar starfsgreinaneftndar.

Lokaafurð greiningarinnar er heildstæð skýrsla með samantekt á greiningu á starfsemi starfsgreinaráða, niðurstöðum viðtala við hagsmunaaðila, og tillögur höfunda í formi valkosta um skipulag starfsemi (umsjón og verklag) starfsgreinaráða, fjármögnun almennrar starfsemi og annarra skilgreindra verkefna. Í valkostunum felst einnig tillaga höfunda um verklag sérfræðinga mennta- og menningarmálaráðuneytis varðandi umsjón með umsýslu og sérfræðiaðstoð við ráðin. Einnig er sett fram tillaga um skipulag starfsemi nýrrar starfsgreinaneftdar. Tekið skal fram að aðferðafræði, efnistöð, framsetning, niðurstöður og tillögur eru alfarið á ábyrgð höfunda.



## Greining á viðfangsefni

Greining á viðfangsefninu fór fram með margvíslegum hætti. Í fyrsta lagi voru hagsmunaaðilar starfsgreinaráða og starfsgreinanevndar kortlagðir með svokallaðri hagsmunaaðilagreiningu. Sú greining nýtist við skilgreiningu á hlutverki einstaka aðila og hagsmuna af þátttöku í ráðunum og aðkomu að starfsnámi. Þá voru tekin viðtöl við úrtak helstu hagsmunaaðila, s.s. formenn og starfsmenn fyrri starfsgreinaráða, skólameistara, sérfræðinga mennta- og menningarmálaráðuneytis og fullorðinsfræðsluaðila. Viðmælendur voru spurðir álit á hlutverki og verklagi starfsgreinaráða til dagsins í dag sem og nýrrar starfsgreinanevndar, verklagi ráðuneytis, hindranir núverandi skipulags, þörf fyrir stuðning, fræðslu og utanumhald sem og fjármögnun starfseminnar. Þessir aðilar voru sömuleiðis spurðir út í atriði sem varða starfsemi starfsgreinaráða og starfsgreinanevndar sem og fagráð, kjarnaskóla, fagháskóla, vinnustaðanámssjóð og eflingu starfsnáms til framtíðar. Gerð er grein fyrir helstu atriðum sem fram komu í viðtölunum í sérstökum kafla. Spurningalistar fylgja með í viðauka 1.

Gerður var samanburður á lögum um framhaldsskóla frá árunum 1996 og 2008, sem og reglugerðum sem fylgja lögnum og fjalla um starfsemi starfsgreinaráða og starfsgreinanevnd. Sömuleiðis var rýnt í greinargerðir sem fylgja með ofangreindum lögum. Gerð er grein fyrir helstu niðurstöðum greiningarinnar í viðauka 2. Einnig voru tiltækar ársskýrslur starfsgreinaráða fyrir árin 2007 og 2008 skoðaðar út frá tilmælum ráðuneytis frá árinu 2007 um verklag og dregnar ályktanir af því hvaða áhrif breytt verklag gæti mögulega haft á starfsemi þeirra. Heildargreining á ársskýrslum er í viðauka 3.

## Hagsmunaaðilar

Umhverfi starfsmenntunar er um margt ólíkt umhverfi bóknámsbrauta. Starfsnámsbrautir eru mun fleiri en bóknámsbrautir, eða 89, og að þeim kemur mjög stór hópur hagsmunaaðila sem flækir starfsumhverfi þeirra. Þessir aðilar eru s.s. stéttarfélag, samtök atvinnurekenda, fyrirtæki og starfsmenn fyrirtækja, framhaldsskólar, fullorðinsfræðsluaðilar, samtök iðnaðar og önnur fagfélög, starfsgreinaráð, auk nemendanna sjálfra.

Til að greina framlag og væntingar hvers hagsmunaaðila var framkvæmd svokölluð hagsmunaaðilagreining (sjá töflu 1). Markmið hagsmunaaðilagreiningar er í fyrsta lagi að

Hagsmunaaðilar	Framlag til verkefnis	Þýðing (1-5)	Væntingar hagsmunaaðila	Aðgerðir
<b>Menntamálaráðuneyti*</b>	Fræðsla, eftirlit, samningar	5	Uppfylli hlutverk sín skv. ákvæðum í lögum, reglugerðum og rammamálum	Skýrir verkferlar og rammamál. Gagnkvæmt og reglubundið samráð
<b>Samtök atvinnulífsins</b>	Tilnefningar í ráðin; samstarf um þróun starfsnáms; samræða um þróun /framτίðarsýn einstakra greina	4	Tryggja að lærdómsviðmið mæti þörfum atvinnulífs; tryggja rödd atvinnulífs inn í starf framhaldsskóla og tryggja að vinnustaðir uppfylli skilyrði vinnustaðanáms	Þekking á raunverulegum þörfum atvinnulífs innan ráða; fræðsla og samráð við fyrirtæki og fagfélög, halda uppfærða skrá yfir fyrirtæki vegna vinnustaðanáms
<b>Alþýðusamband Íslands/BSRB/ Fagfélög**</b>	Tilnefningar í ráðin; þjónusta við starfs-greinaráð; samstarf um þróun starfsnáms; samræða um þróun /framτίðarsýn einstakra greina	4	Þróun náms þar sem raunveruleg þörf er fyrir starfsfólk (vaxandi greinar); að lokamarkmið náms uppfylli þarfir fyrir þekkingu, leikni og hæfni.	Samráð um uppbyggingu/þróun náms; trygging fyrir því að í ráðunum sitji fólk fyrir hönd launþegahreyfingarinnar sem starfar í ákveðnu fagi í atvinnulífinu
<b>Kí / Félag Framhaldsskólakennara</b>	Tilnefningar í ráðin; samstarf um þróun starfsnáms; samræða um framτίðarsýn fyrir einstaka greinar	4	Námsbrautir sem mæta þörfum atvinnulífs og eru áhugaverðar fyrir nemendur; þátttaka í gerð námsbrautarlýsinga	Samræða um framτίðarsýn einstakra starfs-greina; samstarf um gerð námsbrautarlýsinga
<b>Framhaldsskólar</b>	Gerð námsbrautarlýsinga; ábyrgð á gerð námssamninga vinnustaðanáms; upplýsingamiðlun um framkvæmd og þróun náms í framhaldsskólum	5	Formlegt samráð um gerð námsbrautarlýsinga; sinni gerð lærdómsviðmiða og skiptingu náms og haldi fyrirtækjaskrá. Miðli uppl. um nýjungar og þarfir atvinnulífs	Formlegur samráðsvettvangur, t.d. í gegnum fagråd. Ársfundir haldnir þar sem bækur er bornar saman og horft til framτίðar
<b>Fræðslumiðstöð atvinnulífs</b>	Fræðsla um gerð námsbrautarlýsinga, gæðaviðmið, ferlibækur og viðmiðaramma; innlegg í þarfagrein. og þróun lærdómsviðmiða	2	Byggja brú um samstarf milli námsbrauta í frh.skólum og full.fræðslu; nýta sérfræðiþekkingu starfsmanna Fræðslumiðstöðvar	Fræðsla og námskeið; stuðla að nánara samstarfi milli námsbrauta í frh.skólum og fullorðinsfræðslu
<b>Iðan</b>	Þjónusta við starfsgreinaráð; fræðsla um gerð námsbrautarlýsinga, gæðaviðmið, ferlibækur og viðmiðaramma	4	Nýti sér þjónustu og aðstöðu; nýta sérfræðiþekkingu starfsmanna þar sem við á	Skilvirkt verklag og skýrir verkferlar þjónustu; fræðslutilboð og kynning á sérfræðikunnáttu
<b>Fyrirtæki og meistarar</b>	Útvega pláss á vinnustöðum til vinnustaðanáms og tryggja faglega leiðsögn í vinnustaðanámi; útvega fulltrúa í starfsgreinaráð; þátttaka í mótun starfsnáms	4	Fá góða starfsmenn sem útskrifast úr starfsnámi og sem búa yfir þeirri kunnáttu, leikni og hæfni sem viðkomandi starfsgrein þarfnast; aðkoma að mótun starfsnáms	Taka upp námsferlibækur í vinnustaðanámi; gera vinnustaðanam hluta af skólanámskrá; stuðla að markvissri og reglulegri þjálfun leiðbeinenda á vinnustað
<b>Nemendur</b>	Þátttaka í starfsnámi; endurgjöf á fyrirkomulag og framkvæmd starfsnáms	5	Mikil gæði starfsnáms; fyrirkomulag náms mæti þörfum hvers og eins; nám viðurkennt í atvinnulífi, s.s. með tilliti til launa	Endurskoðun námsbrauta; nám mæti þörfum atvinnulífs fyrir kunnáttu og hæfni; virkt gæðaeftirlit og námsferlibækur; virkt samráð við atvinnulíf um þróun starfsnáms

Tafla 1. Hagsmunaaðilagreining

Starfsgreinaráð og starfsgreinanefnd: stefna og ve

\*Önnur ráðuneyti sem koma að starfsmenntun og starfsgreinaráðum eru: Fjármálaráðuneyti, Félags- og tryggingamálaráðuneyti, Heilbrigðisráðuneyti og Iðnaðarráðuneyti

\*\* s.s. Samband íslenskra sveitarfélaga, BSRB, Bilgreinasambandið, Félags skipstjórnarmanna, Félag íslenskra snyrtifræðinga, Bændasamtök Íslands, Blaðamannafélag Íslands

kortleggja alla helstu hagsmunaaðila verkefnis. Annað markmið er að leggja mat á hvaða hagsmuni viðkomandi hefur af verkefninu, hvert hlutverk og/eða framlag hans er, hversu mikilvægur hann er fyrir verkefnið og mögulegar væntingar hans til verkefnis. Þriðja markmiðið er að skilgreina hvaða aðgerðir eru fýsilegar til að koma til móts við þær væntingar. Hagsmunaaðilum var gefin einkunn á bilinu einn til fimm þar sem einn stendur fyrir litla þýðingu en fimm fyrir mjög mikla.<sup>1</sup>

Til að átta sig enn frekar á því umhverfi sem starfsgreinaráðin og ný starfsgreinanefnd starfa í var gerð svokölluð PESTEL greining sem er gott verkfæri til að gera almenna greiningu á umhverfi fyrirtækis eða stofnunar. PESTEL greining hjálpar til við að greina hvaða þættir í umhverfinu hafa áhrif á stofnunina eða í þessu tilviki starfsgreinaráðin. Í PESTEL greiningu er umhverfinu skipt í 6 þætti en PESTEL stendur fyrir stjórnsmál, efnahagsmál, samfélagsmál, tæknileg atriði, umhverfisþætti og lagaleg atriði. Með því að rýna í alla þessa þætti fást upplýsingar sem hjálpa til við að finna lykilþætti í ytra umhverfi sem geta stuðlað að breytingum. Þessi greining getur sömuleiðis hjálpað stjórnendum að finna út hvaða breytingum stefna getur þurft að taka í framtíðinni. Einnig var gerð SVÓT greining þar sem tekin eru saman aðalatriðin úr greiningunni á ytra umhverfi sem og greining á innri þáttum sem hafa grundvallarþýðingu fyrir þróun á starfsemi starfsgreinaráða. SVÓT greining er gerð með því að skoða ógnanir og tækifæri í umhverfinu auk þess sem gerð er greining á innri styrkleikum og veikleikum starfseminnar. SVÓT greiningu er hægt að nýta sem grunn fyrir framtíðarstefnumótun<sup>2</sup>. Ekki er gerð nánari grein fyrir þessum greiningum hér þar sem þær voru aðeins notaðar til að skýra stöðuna betur en þær fylgja með í viðauka 4.

## Starfsgreinaráð

Starfsgreinaráð komu fyrst til sögunnar í lögum um framhaldsskóla árið 1996. Þau tóku við af fræðslunefndum sem var ætlað að aðstoða við stefnumótun náms á viðkomandi starfssviðum. Við setningu sömu laga höfðu aðilar vinnumarkaðarins jafnframt misst meirihluta sinn í fræðslunefndum sem frá upphafi höfðu starfað fyrir hverja iðngrein.<sup>3</sup> Burtséð frá starfsemi Iðnfræðsluráðs, sveinsprófsnefnda og fræðslunefnda iðngreina má segja að íslenskt atvinnulíf hafi í raun komið lítið nálægt starfsmenntamálum síðan um 1950 þegar ríki og sveitarfélög tóku alfarið yfir rekstur starfsmenntaskóla og nánast ekkert eftir að fjölbrautakerfið varð alls ráðandi.

---

<sup>1</sup> Fangel, 2008:162

<sup>2</sup> Goodstein, Nolan & Pfeiffer, (1993)

<sup>3</sup> Menntamálaráðuneyti, (1994:69)

Tilgangurinn með stofnun starfsgreinaráða með lögum um framhaldsskóla nr. 80 árið 1996 var þannig að auka aftur aðkomu aðila atvinnulífs að stefnumótun og uppbyggingu starfsnáms og þannig auka ábyrgð þeirra á starfsnámi svo það yrði raunverulegt samstarfsverkefni þeirra og stjórnvalda og betur tryggt að það væri á hverjum tíma í samræmi við kröfur sem gerðar eru til starfsfólk í atvinnulífinu og yrði viðurkennt m.t.t. mannráðninga og launa. Sömuleiðis var sterk krafa hagsmunaaðila að hnekkja veldi skólanna sem höfðu um langt skeið verið svo gott sem einvaldir um stefnu og framkvæmd skólastarfs en frá stofnun fjölbrautaskóla hafði bóknámshefð menntaskólanna verið ríkjandi í þróun framhaldsskólans og tengslin við meistaranámshefðina og atvinnulífið rofnað. Á móti heyrðust þær raddir innan skólanna að aðilar atvinnulífs gerðu oft óljósar og óraunhæfar kröfur til skólanna um nám en væru síðan tregir til raunverulegs samstarfs og samábyrgðar.<sup>4</sup>

### **Samantekt á ákvæðum eldri og núgildandi laga og reglugerða um starfsgreinaráð**

Starfsgreinaráð eru skipuð til fjögurra ára í senn af mennta- og menningarmálaráðuneyti skv. 28 gr. laga nr. 80/1996 og síðar skv. 24. gr. laga nr. 92/2008. Auk þess er að finna ákvæði er varða starfsgreinaráð á sviði löggiltra iðngreina í reglugerð nr. 698/2009 um sveinspróf og í reglugerð nr. 697/2009 um vinnustaðanáms og starfsþjálfun á vinnustað. Ráðin hafa starfað í samtals þrjú tímabil og hófst fjórða tímabilið nú í byrjun árs 2010. Eins og að framan er greint eru starfsgreinaráð tilkomin fyrst og fremst til að auka aðkomu atvinnulífs að starfsnámi og tryggja að námið þjóni þörfum og kröfum atvinnulífs á hverjum tíma. Sú meginástæða hefur ekki breyst þó hlutverksgrein starfsgreinaráða hafi breyst töluvert með tilkomu laga um framhaldsskóla nr. 92/2008.

Starfsgreinaráð eru nefnd á fjölmörgum stöðum í lögum um framhaldsskóla. Aftur á móti kveður við nýjan tón í lögunum frá 2008 varðandi skilgreiningu náms á framhaldsskólastigi. Þannig er engin sérgrein í lögunum um starfsnám eins og var í fyrri lögum en 25. gr. laga nr. 80/1996 tilgreinir sérstaklega tilgang starfsnáms.

Samkvæmt 24. grein laganna eru starfsgreinaráð skipuð til fjögurra ára í senn. Fulltrúar atvinnurekenda og launþega tilnefna jafnmarga fulltrúa, tvo til fjóra, og Félag íslenskra framhaldsskóla og Kennarasamband Íslands einn fulltrúa. Sú meginbreyting varð á frá fyrri lögum varðandi skipan fulltrúa í ráðin að mennta- og menningarmálaráðuneyti á ekki lengur

---

<sup>4</sup> Menntamálaráðuneyti, (1994:69)

fulltrúa í ráðunum en þess í stað kom sameiginlegur fulltrúi kennara og skóla. Í fyrstu útgáfu frumvarps var mælt til þess að fjölda fulltrúa yrði fækkað úr sjö og níu í fimm en það breyttist í meðförum þingsins og í endanlegri gerð laganna.<sup>5</sup> Hugmyndin með því að fækka fulltrúum var að gera starfsemi starfsgreinaráðanna sveigjanlegri og skilvirkari. Tilgreint er í 24. gr. að tilnefningaraðilar greiði kostnað við þátttöku sinna fulltrúa, sem er í samræmi við ákvæði fyrri laga, en mennta- og menningarmálaráðuneyti greiði kostnað af sérfræðivinnu við námskrágerð. Heildarsamtök á vinnumarkaði tilnefna í starfsgreinaráðin. Samtökin leita svo eftir tillögum frá undirsamböndum og aðildarfélögum um einstaka fulltrúa. Í reglugerð um starfsgreinaráð nr. 711/2009, 4. gr. er mælt til þess að þeir sem tilnefndir eru sem fulltrúar í starfsgreinaráð „*séu einstaklingar sem hafa góða þekkingu á starfssviði viðkomandi starfsgreinaflokks, hafa reynslu af fræðslustarfsemi á því sviði og þekkja þá stefnu sem mótuð hefur verið um þróun starfsnáms er undir ráðið heyrir.*“ Sömuleiðis er vísað til fyrirmæla 15. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Starfsgreinaráð skv. 25. gr. laganna eiga að vera ráðherra til ráðgjafar um starfsnám á framhaldsskólastigi. Hlutverk þeirra er samkvæmt greininni að:

- Gera tillögur um almenn markmið náms og skilgreina þarfir fyrir kunnáttu og hæfni sem námsbrautarlýsingar byggjast á og gera tillögur um lokamarkmið náms
- Setja viðmið fyrir skiptingu náms í skóla- og vinnustaðanám
- Gera tillögu um uppbyggingu og inntak prófa
- Halda skrá yfir fyrirtæki og vinnustaði sem uppfylla skilyrði til vinnustaðanáms
- Gera tillögur að námsbrautarlýsingum fyrir einstakar námsbrautir sem framhaldsskólar geta haft til viðmiðunar
- Veita ráðherra umsögn um námsbrautarlýsingar starfsnáms framhaldsskóla sem leita staðfestingu ráðherra.

Hér er lögð megináhersla á það hlutverk starfsgreinaráðanna að skilgreina þarfir fyrir kunnáttu og hæfni sem starfsnámið á að taka mið af og gera tillögur um lokamarkmið starfsnáms í samræmi við ramma um hæfniviðmið viðkomandi lokaprófs, þ.e. lærdómsviðmið. Dregið er úr öðrum verkefnum ráðanna í samræmi við breytt fyrirkomulag við gerð námsbrautarlýsinga og skipulag náms en sú ábyrgð færir með lögunum yfir til framhaldsskóla. Þannig eru starfsgreinaráð ekki lengur ábyrg fyrir gerð námsbrautarlýsinga heldur eiga einungis að veita umsögn um þær námsbrautarlýsingar sem koma frá einstaka skólum eða ráðuneyti. Starfsgreinaráð geta gert tillögu að námsbrautarlýsingum sem skólarnir geta haft til viðmiðunar.

---

<sup>5</sup> Af 12 starfsgreinaráðum eru þrjú skipuð 9 fulltrúum, átta skipuð 7 fulltrúum og eitt skipað 5 fulltrúum

Þá er sérstaklega nefnt að mennta- og menningarmálaráðuneyti greiðir kostnað af sérfræðilegri vinnu sem unnin er skv. a- og d-lið 25. greinar. Reglugerð 711/2009 um starfsgreinaráð fjallar með ítarlegri hætti um hlutverk ráðanna í 6. grein. Þar er einnig kveðið á um verklag starfsgreinaráða í 7. grein, og í 8. grein er fjallað um kostnað og þjónustu við ráðin. Þar segir að ráðuneyti greiði árlegt framlag til að standa straum af kostnaði við „*almenna starfsemi starfsgreinaráðs.*“ Mennta- og menningarmálaráðuneyti greiðir enn fremur „*kostnað af sérfræðilegri vinnu*“ skv. 6. grein, eftir því sem við á, samkvæmt sérstökum verksamningum.

Þau nýmæli eru í lögum að samkvæmt 26. grein geta starfsgreinaráð stofnað fagráð fyrir hverja starfsgrein en hvert starfsgreinaráð nær yfir margar starfsgreinar. Starfsgreinaráðið er ábyrgt fyrir mótun verklagsreglna fyrir fagráðin en þeim er ætlað að veita ráðgjöf um nýjungar og þróun einstakra starfsgreina og koma með tillögur um þróunarverkefni innan starfsgreinarinnar.

28. grein tekur við af 32. grein fyrri laga og fjallar um verknám og starfsþjálfun. Nýmæli eru í lögum að nú ber skóli ábyrgð á gerð sérstaks starfsþjálfunarsamnings um vinnustaðanám við vinnustað, samtök eða aðila sem er hæfur til að veita nemanda tilskylda þjálfun og menntun. Þannig er skólum falin ábyrgð á að gerðir séu starfsþjálfunarsamningar við nemendur og á að tryggja að þeir fái viðeigandi starfsþjálfun í stað þess að þeir beri sjálfir ábyrgð á þeim þætti námsins líkt og var. Nefnd um endurskoðun laganna beindi því til ráðherra að stofnaður verði *vinnustaðanámsjóður* með sérstökum lögum til að tryggja vinnustaðanámi framgang. Í Reglugerð nr. 697/2009, 4. grein er kveðið á um að framhaldsskólar geti samið við aðila utan hans um að annast umsýslu með gerð og staðfestingu námssamninga. Í 8. grein eru skilyrði fyrir heimild til að taka nemendur á námssamning og 9. grein kveður á um hlutverk starfsgreinaráðanna að halda skrá um fyrirtæki og vinnustaði sem uppfylla skilyrði. Sömuleiðis er þess getið að þau geti komið á fót *nemaleyfisnefnd* til að fara yfir umsóknir einstakra fyrirtækja eða meistara. Ráðherra setur *nemaleyfisnefndum* erindisbréf.

Samkvæmt 29. grein laganna getur ráðherra gert skóla að kjarnaskóla. Gerður er um það sérstakur samningur. Hagsmunaaðilar og starfsgreinaráð geta átt aðild að samningi og mennta- og menningarmálaráðuneyti leggur til fjármagn vegna samningsbundinna verkefna. Lagagreinin er að flestu leyti samhljóða 32. grein í fyrri lögum utan þess að ekki er lengur krafist þess að

starfsgreinaráð veiti umsögn vegna tilnefningar kjarnaskóla. Gert er ráð fyrir að almennt leiti ráðherra til ráðanna áður en til slíkra ákvarðana kemur (sjá nánar í viðauka 2).

### **Greining á ársskýrslum starfsgreinaráða fyrir árið 2008**

Til að meta með hvaða hætti starfsgreinaráðin hafa innt hlutverk sitt af hendi frá stofnun, samanber ákvæði framhaldsskólalaga nr. 80 frá 1996, og til að fá greinagóða innsýn í helstu verkefni og áherslur ráðanna voru ársskýrslur og ársreikningar starfsgreinaráða fyrir árið 2008 skoðaðar. Í upphafi árs 2010 höfðu sjö starfsgreinaráð af tólf skilað inn ársreikningi fyrir árið 2008 en ein ársskýrsla til viðbótar barst ráðuneytinu í byrjun febrúar 2010 og var því tekin með til skoðunar. Starfsgreinaráð snyrtigreina, málm,- véltækni og framleiðslugreina, upplýsinga – og fjölmiðlagreina, og sjávarútvegs- og siglingagreina, hafa ekki enn skilað inn ársreikningi fyrir árið 2008. Þannig voru ársskýrslur starfsgreinaráða málm,- véltækni og framleiðslugreina og starfsgreinaráðs sjávarútvegs- og siglingagreina fyrir árið 2007 skoðaðar í stað skýrslna fyrir árið 2008. Samtals voru því tíu ársskýrslur skoðaðar (sjá nánar viðauka 3).

### **Aðferðafræði greiningar**

Mennta- og menningarmálaráðuneyti gerir rammisamning við starfsgreinaráð um greiðslur fyrir störf þess. Þar kemur fram að ráðuneytið leggur starfsgreinaráði árlega til sérstakt fjárframlag sem ætlað er til almennrar starfsemi ráðsins, svo sem undirbúnings, umsýslu og umsagna. Framlaginu er ætlað að tryggja hverju starfsgreinaráði tiltekinn fjárhagslegan starfsgrundvöll en ráðuneytið greiðir starfsgreinaráði fyrir aðra lögbundna starfsemi samkvæmt sérstökum verksamningum. Samningurinn tilgreinir að starfsgreinaráðið skuli a.m.k einu sinni á ári, fyrir lok janúar, gera skriflega grein fyrir störfum sínum á næstliðnu ári og framgangi þeirra verkefna sem því eru falin eða um hefur verið samið samkvæmt nánara samkomulagi, þar með talin ráðstöfun fjárframlags. Einnig er ráðinu gerð grein fyrir áætlunum starfsgreinaráðs um verkefni á nýju ári.

Í „drögum að almennum verklagsreglum,“<sup>6</sup> um samskipti starfsagreinaráðs og ráðuneytis sem mennta- og menningarmálaráðuneytið útbjó árið 2007 og kynntar voru formönnum ráðanna sama ár koma fram tillögur um verklag, m.a. um samskipti starfsgreinaráðs og ráðuneytis, s.s. vegna mannbreytinga í ráði, við fundarboðun og fundarritun, fjölda funda, boðun varamanna á fundi o.s.frv. Sömu leiðis gera reglurnar ráð fyrir að starfsgreinaráð skuli skila ársskýrslu til ráðuneytisins um starfsemi fyrra árs fyrir 15. janúar ár hvert sem er í samræmi við ákvæði

---

<sup>6</sup> Sjá „Samskipti starfsgreinaráðs og ráðuneytis – drög að almennum verklagsreglum“ í viðauka 6.

rammasamnings. Skil á ársskýrslu er forsenda greiðslu árlegs fastaframlags en tengiliður viðkomandi starfsgreinaráðs í ráðuneytinu skal bregðast við skýrslunni innan mánaðar frá móttöku hennar og millifæra fastaframlag til starfsgreinaráðs.

Við greiningu á ársskýrslum starfsgreinaráða var notað skema með spurningum sem taka til ólíkra þátta í starfsemi ráðanna. Spurningarnar voru samdar með hliðsjón af drögum að almennum verklagsreglum ráðuneytis um samskipti við starfsgreinaráð sem getið er hér að framan en þar kemur fram hvaða meginþætti ársskýrslur eiga að innihalda. Þeir þættir eru:

- Almennar upplýsingar um störf ráðsins á næstliðnu ári, s.s. fundarhöld (s.s. fjölda funda og helstu viðfangsefni (s.s. verkefni sem tilgreind eru sem hlutverk starfsgreinaráða í reglugerð)
- Yfirlit yfir fjárreiður ráðsins, þ.e.a.s. nýtingu fastaframlags (skoðað var hvort fastaframlag var aðgreint frá öðrum rekstrarkostnaði sem fellur ekki undir rammamning við ráðuneyti um almenna starfsemi)
- Mat á stöðu starfsmenntunar á verksviði ráðsins og tillögur til umbóta (s.s. tillögur um breytingar á starfsnámi; mótun meginlína um viðkomandi starfsnám o.s.frv.)
- Áætlanir um verkefni ársins og næstu ára ef því er að skipta.

Til viðbótar við þá meginþætti voru eftirfarandi þættir skoðaðir:

- Samráð/samskipti við mennta- og menningarmálaráðuneyti (ráðgjöf og leiðsögn ráðuneytis)
- Upplýsingar um verkaskiptinu innan ráðsins
- Verklagsreglur ráðs
- Samstarf/samráð við helstu hagsmunaaðila ráðs

### ***Almennar upplýsingar, helstu viðfangsefni og mat á stöðu starfsmenntunar***

Ráðin héldu á bilinu þrjá til ellefu fundi á árunum 2007 og 2008. Fæsta fundi hélt starfsgreinaráð sjávarútvegs- og siglingagreina eða þrjá en flesta fundi hélt starfsgreinaráð uppeldis- og tómstundagreina alls ellefu. Algengast var að ráð héldu fimm til sex fundi sem er töluvert undir tilmælum ráðuneytis um að halda fundi að jafnaði einu sinni í mánuði, nema yfir sumarmánuði. Í einu tilvika hélt starfsgreinaráð fjóra fundi á starfsári þó eigin verklagsreglur kveði á um að halda skuli átta fundi á hverju starfsári. Í skýrslu starfsgreinaráðs í Farartækja- og flutningsgreinum sem tekur yfir 18 mánaða starfsemi, frá júní 2007 til desember 2008, er ekki gerð grein fyrir fjölda funda á starfstímabilinu. Einstaka ráð héldu ráðstefnu eða haustfund en



einungis er vikið að þessum fundum mjög stuttlega utan þess að gerð er ítarlega grein fyrir haustfundi starfsgreinaráðs í málm-, véltækni- og framleiðslugreinum haustið 2007.

Viðfangsefni ráðanna voru fjölmörg á starfsárunum 2007 og 2008. Fyrst ber að nefna vinnu við námskrárgerð. Í sumum skýrslunanna er sagt frá heilmikilli námskrárvinnu en í fæstum tilvikum er nægilega vel útskýrt hvert hlutverk viðkomandi ráðs var í þeirri vinnu, þ.e. hvort ráðið sjálft stóð að námskrárvinnunni eða hvort utanaðkomandi aðili annaðist hana. Þá ályktun má draga að ráðin hafi í flestum tilvikum, nema þar sem fræðsluskrifstofa er starfandi á viðkomandi sviði, einungis sinnt umsýslu en ekki framkvæmd námskrárverka. Þó má lesa út úr sumum skýrslum að formenn ráða hafi í einhverjum tilvikum annast skipulagningu, stjórnun og samhæfingu þessarar vinnu. Aftur á móti gera ráðin ekki grein fyrir greiðslum til fræðsluskrifstofa og einstaklinga í tengslum við námskrárvinnu nema að takmörkuðu leyti í yfirliti fjárreiðna. Sömuleiðis fylgdust ráðin með eftirfylgni á þróun námsbrauta eftir námsskrám viðkomandi ráðs. Um helmingur starfsgreinaráða ræddu einnig og gáfu umsögn um ný lög um framhaldsskóla en einungis eitt ráð greinir frá ítarlegri kynningu á frumvarpsdrögum að nýjum lögum um framhaldsskóla í sínu baklandi.

Umræða um skipulag og inntak iðnmeistaránáms var líka mjög fyrirferðarmikið hjá sumum ráðanna og nokkur þeirra unnu tillögur að útfærslu þess. Vinnustaðanám og námsferilbækur fyrir vinnustaðanám voru einnig til umræðu í nokkrum ráðum og sum hafa nú þegar unnið töluverða vinnu við þróun námsferilbóka. Þó nokkuð er skrifað um mikilvæga þróun raunfærímats og mikilvægi þess að ný framhaldsskólalög styðji við raunfærnimatið. Eitt ráð vann vinnureglur við mat á raunfærni og annað fór af stað og lauk tilraunaverkefni þessu tengdu. Flest ráðanna afgreiddu fjölmörg bréf/erindi og í einhverjum tilvikum er greint frá tilnefningum í fagráð, nemaleyfis- og sveinsprófsnefndir. Fylgiskjöl eru með einstaka skýrslum. s.s. skipunarbréf, álitsgerðir, fundargerðir, útsend bréf, bókhald, yfirlit yfir sóttar ráðstefnur eða námsferðir, en það er þó undantekning. Eitt ráðanna tilgreinir að fundargerðir hafi verið sendar mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Fæst ráðanna greina frá vinnu við mat á stöðu starfsmenntunar á verksviði ráðsins og þeirra eigin tillögum til umbóta í framtíðinni. Einstaka ráð segir frá því sem þurfi að gera í framtíðinni og hvernig leita þurfi eftir frekara samstarfi við hagsmunaaðila. Framtíðarverkefni (verkefni ársins 2008 og 2009) eru tilgreind í fjórum skýrslum en einungis eitt ráð, Starfsgreinaráð í málm-,

véltækni- og framleiðslugreinum, leitast við að búa til heildstæða framtíðarsýn. Ráðið hélt þannig haustfund árið 2007 þar sem þátttakendur mótuðu framtíðarsýn fyrir málm- og véltækniönaðinn og umhverfi hans næstu tíu árin. Athygli vekur að einungis 14 aðilar, sem ekki er tilgreint hverjir eru, tóku þátt í haustþinginu, og ekki er gerð grein fyrir því hvernig ráðið hyggst nýta sér niðurstöðurnar við mótun viðkomandi starfsnáms. Starfsgreinaráð hönnunar og handverks lét vinna símenntunarkönnun sem var kynnt fyrir helstu hagsmunaaðilum en ekki er gerð grein fyrir aðgerðum um eftirfylgni niðurstaðna könnunarinnar. Starfsgreinaráð heilbrigðis-, félags- og uppeldisgreina greinir frá ráðstefnu sem það stóð að en engin grein er gerð fyrir tilgangi og útkomu þeirrar ráðstefnu og enginn kostnaður virðist hafa verið henni samfara.

### *Yfirlit yfir fjárreiður*

Í tillögum ráðuneytis um innihald ársskýrslu kemur fram að skýrslan eigi að innihalda yfirlit yfir fjárreiður viðkomandi ráðs, þ.e.a.s. nýtingu fastaframlags á næstliðnu ári. Greinagóðar upplýsingar um tekjur og gjöld, eignir, eigin fjárstöðu og skuldir starfsgreinaráða er mjög ábótavant í flestum ársreikningum (sjá yfirlit á greiningu fjárreiðna í ársskýrslum í viðauka 5). Sömuleiðis er fastaframlag ekki aðgreint frá öðrum verkefnum ráðanna sem greitt er fyrir og í einungis einu tilviki af tíu er nýting á fastaframlagi sundurliðuð.

Reikningstímabil ársreikninga er í öllum tilvikum innan viðmiða, þ.e. innan 18 mánaða. Einungis starfsgreinaráð bygginga- og mannvirkjagreina er með 18 mánaða reikningstímabil en í öðrum tilvikum er það 12 mánuðir. Ef almennum reglum um skil á ársreikningum er fylgt fyrir starfsemi sem þessa ætti ársskýrsla að hafa að geyma rekstrarreikning og efnahagsreikning, svo og skýringar eftir því sem við á. Þannig mynda reikningsskilin eina heild. Sömuleiðis er krafa um að ársreikningur sé undirritaður af þeim sem bera ábyrgð á bókhaldinu. Í sex tilvikum af tíu er ársskýrsla og reikningar ekki undirritaðir.

Góðar reikningsskilavenjur kveða á um að í rekstrarreikningi sé á kerfisbundinn hátt sýndar tekjur og gjöld þannig sundurliðuð að reikningurinn gefi skýra mynd af rekstarafkomu á reikningsárinu.<sup>7</sup> Flestar skýrslurnar sýna rekstrarreikning en í öllum skoðuðum tilvikum nema einu er rekstrarreikningur ekki rétt upp settur. Í mörgum tilvikum er einungis gerð grein fyrir hluta rekstrarreiknings, s.s. tekjum og gjöldum en engum innvöxtum og fjármagnstekjuskatti. Þá gleymist iðulega að gera grein fyrir lokaniðurstöðu árs. Fastaframlag og útgjöld vegna þess er

---

<sup>7</sup> Lög um ársreikninga, nr. 3/2006

einungis aðgreint frá öðrum rekstri ráða í einu tilviki og alls ekki alltaf er gerð grein fyrir að um fastaframlag vegna starfsemi ráðs sé að ræða. Eitt starfsgreinaráð setur hvorki upp rekstrar- né efnahagsreikning og í einu tilviki er rekstrar- og efnahagsreikningi blandað saman. Einungis eitt starfsgreinaráð setur fram viðunandi skýringar á tekjum og gjöldum í rekstrarreikningi. Sums staðar er greint frá útgjöldum, s.s. launagreiðslum til fulltrúa í ráðum og námsferð og starfsdögum. Verulegar höldur eru á að þetta séu réttlæt看leg útgjöld vegna almennrar starfsemi ráðs sem fastaframlaginu er ætlað að brúa (sjá nánar í viðauka 5). Lög nr. 80/1996 kveða sömuleiðis á um að tilnefningaraðilar skulu sjálfir standa straum af kostnaði við þátttöku sinna fulltrúa í störfum ráða. Þá hafa formenn í einhverjum tilvikum tekið að sér að vinna námskrárvinnu og önnur störf fyrir ráðið og þegið greiðslur fyrir. Þetta getur orkað tvímælis ef ekki liggur fyrir stjórnarsamþykkt um að ráða viðkomandi í verkið og launakjör viðkomandi séu staðfest.

Efnahagsreikningur á að sýna á kerfisbundinn hátt eignir, skuldir og eigið fé í lok reikningsársins. Í samræmi við góða reikningsskilavenju skal efnahagsreikningur vera þannig sundurliðaður að hann gefi skýra mynd af stöðunni í árslok.<sup>8</sup> Í átta tilvikum af tíu er ekki settur upp efnahagsreikningur í ársreikningum. Í þeim tveim tilvikum sem efnahagsreikningur er til staðar er hann ekki rétt upp settur. Þannig lítur það út hjá mörgum ráðanna að staða í byrjun starfsárs sé á núlli en eignastaða í lok árs er síðan í engu samræmi við það upphaf, þ.e. sýnir í nokkrum tilvikum nokkuð miklar eignir, eða allt að 5 milljónir króna.

Vert er að nefna að mikill munur er á uppsetningu yfirlits fjárreiðna milli ráða og sérstaklega milli þeirra ráða sem lðan fræðslusetur annast umsýslu fyrir. Þannig lítur það út fyrir að hver verkefnisstjóri setji upp yfirlit fyrir sitt starfsgreinaráð og að ekki hafi verið leitast við innan stofnunarinnar að samræma vinnubrögð, hvort heldur sem um er að ræða framsetningu á yfirliti fjárreiðna eða yfirliti verkefna ráðsins.

### *Samantekt greiningar á ársskýrslum*

Verulegur misbrestur er á að starfsgreinaráðin fylgi eftir ákvæðum rammisamnings mennta- og menningarmálaráðuneytis við starfsgreinaráð um greiðslur fyrir störf þess en þessar verklagsreglur voru kynntar formönnum ráðanna í lok árs 2007. Í þeim er tilgreint með skýrum hætti að starfsgreinaráð skuli skila inn skýrslu um starfsemi fyrra árs í janúar árið eftir, sem og hvaða efnisþætti ársskýrsla á að innihalda, bæði hvað varðar framkvæmd verkefna og yfirlit yfir

---

<sup>8</sup> Lög um ársreikninga, nr. 3/2006

fjárreiður. Ljóst er af framangreindu, sem og í nánara yfirliti í viðaukum 3 og 5, að mennta- og menningarmálaráðuneyti þarf að endurskoða eigið verklag við yfirferð ársskýrslna, sem og ákvæði rammasamnings. Ársskýrslum er ekki skilað inn árlega og í byrjun árs 2010 höfðu einungis sjö ársskýrslur fyrir árið 2008 borist ráðuneyti. Ein skýrsla barst til viðbótar í byrjun febrúar 2010. Samkvæmt starfsmönnum einstakra starfsgreinaráða telja þeir ákveðna hefð fyrir því að skila inn skýrslum annað hvert ár. Þannig mætti ætla að það yrði til bóta að setja inn ákvæði um viðurlög og/eða niðurfellingu á greiðslu fastaframlags ef ársskýrsla berst ekki fyrir tilskildan tíma. Gerð er grein fyrir helstu niðurstöðum greiningar á ársreikningum hér að neðan en tillögur að umbótum er að finna í tillögukafla aftar í skýrslunni.

- Skýrslurnar eru mjög mislangar, frá tveimur upp í 26 síður. Uppsetning, efnistöð og framsetnings efnis er mjög ólík
- Fundartíðni misjöfn, þrjú til ellefu fundir á ári
- Oftast er getið um hverjir skipa ráðið. Undantekning er á að þeirra sé getið sem skipa fagráð og/eða eru í starfshópum á vegum ráðs og eða hvort varamenn sitji fundi ráðanna
- Verkaskipting innan ráðanna, fyrir utan formann, er sjaldnast tilgreind. Oftast tilgreint hver starfsmaður ráðs er þar sem það á við
- Viðfangsefni ráða eru fjölbreytt en staða ráða er mismunandi bæði hvað varðar vinnuálag og aðkomu að verkum, s.s. í tengslum við verkefni sem sérstaklega er greitt fyrir
- Takmarkaðar upplýsingar eru um samstarf við helstu hagsmunaaðila, s.s. framhaldsskóla og starfsgreinar. Samráð við mennta- og menningarmálaráðuneyti er helst nefnt
- Í einungis fjórum tilvikum af tíu er gerð grein fyrir verkefnum næsta starfsárs og einungis eitt ráð segir frá vinnu við mótun framtíðarsýnar
- Yfirliti yfir fjárreiður er mjög ábótavant í öllum tilvikum nema einu. Í því yfirliti sem telst viðunandi er hins vegar ekki settur fram efnahagsreikningur
- Rekstrarreikningar eru í flestum skýrslum en í níu tilvikum af tíu er uppsetning ófullnægjandi
- Tekjur og gjöld vegna almennrar starfsemi sem fastaframlag er fyrir er sjaldan sundurliðað frá öðrum tekjum og kostnaði. Í einungis einu tilviki af tíu eru útgjöld sem falla undir fastaframlag sundurliðuð
- Ársskýrslur/ársreikningar eru undirritaðir í helmingi tilvika

## Viðtöl við fulltrúa starfsgreinaráða

Eins og fram kemur hér að framan var rætt við ýmsa hagsmunaaðila til að fá fram sjónarmið þeirra og viðhorf gagnvart starfsgreinaráðunum og nýlegum lagabreytingum sem snúa að starfsnámi og umhverfi þess. Tekið var úrtak úr starfsgreinaráðum og í kjölfarið rætt við fjóra formenn starfsgreinaráða og fimm starfsmenn. Viðtölin voru hálfskipulögð, þ.e. stuðst var við spurningalista en spurningum var fylgt eftir ef tilefni þótti til. Hér er gerð grein fyrir helstu atriðum sem fram komu hjá þessum aðilum.

### Hlutverk og verklag gömlu starfsgreinaráðanna

Helstu hlutverk fyrri starfsgreinaráða samkvæmt svörum frá fulltrúum þeirra voru: Námskrángerð, gerð ferilmappa fyrir vinnustaðanám, nemaleyfi, vinnustaðanám, svara erindum frá mennta- og menningarmálaráðuneyti, gera umsögn um ný framhaldsskólalög og mat á námsefni. Verklag starfsgreinaráða samkvæmt þessum aðilum fólst einkum í reglulegum fundum, gerð ársskýrslna og þátttöku í verkefnum sem snerust einkum um námskrángerð og þróun iðnmeistaránáms. Bent var að á að starfsemin hafi verið mjög mismunandi, sum ráðin hafi verið mjög virk og önnur ekki. Þar sem hlutverk og verklag hafi ekki verið nægilega skýrt hafi það oft haft of mikil áhrif á starfsemina hver var formaður og hvort ráðin hefðu bakland eða ekki. Fram kom að erfitt væri að samræma undir einum hatti löggilt iðnnám og nám sem væri ekki löggilt.

Fæstir þessara aðila telja mikilvægt að þeir sem sitji í starfsgreinaráðum fái greitt fyrir sín störf. Þeir séu á launum hjá sínum vinnuveitanda á fundartíma en ef einhver kostnaður hlýst s.s. ferðakostnaður, þá þurfi að greiða hann og það hafi tilnefningaraðilar oftast gert. Eða líkt og einn viðmælandi orðaði það:

*„Enda er það þannig að fyrirtækin styrkja viðkomandi starfsmann til að sitja þarna, sitja þarna yfirleitt í vinnutíma sínum. Viljum tryggja að þarna sitji menn sem hafa bæði þekkingu og áhuga á viðkomandi málefni en ekki vegna þess að þeir fái greitt fyrir setuna þarna. Þetta er ekki stórvandamál“.*

Hvað varðar fastaframlag starfsgreinaráða þá telja allir þeir sem tjáðu sig um það í hópi starfsgreinafulltrúa að það væri ekki nægjanlegt og stæði jafnvel starfseminni fyrir þrifum.

Bakland ráðanna þyrfti alltaf að borga með starfseminni. Einn orðaði það svo að eðlilegt væri að ráðin gætu ráðið starfsmann í hálf starf fyrir fastaframlagið.

### **Hlutverk nýju starfsgreinaráðanna**

Flestir eru sammála því að þegar horft er til framtíðar að þá sé mikilvægt að starfsgreinaráðin hafi bakland, stefnumótun um verklag komi frá mennta- og menningarmálaráðuneyti og að haft sé samstarf við framhaldsskóla vegna þróunar námsbrautarlýsinga. Ljóst er að hlutverk ráðanna breyttist með nýjum lögum og flestir nefna það að nú sé ábyrgð á gerð námsbrautarlýsinga komin til skólanna. Einstaka aðilar nefndu hins vegar að hlutverk ráðanna hefði ekki breyst neitt því ráðin hafi ennþá leyfi til að þróa námsbrautarlýsingar. Segja má að áhyggjur aðila starfsgreinaráðanna kristallist í eftirfarandi ummælum eins viðmælanda:

*„Við höfum ekki áhyggjur af starfsgreinaráðunum sem slíkum, þó að hlutverk þeirra dragist saman. Þau eru ekki til fyrir sjálf sig en málið er bara það að þau eru auðveldasti farvegur fyrir atvinnulífið til að hafa áhrif á menntunina“.*

Að mati flestra í starfsgreinaráðum þá eru fagráð mikilvæg. Sum starfsgreinaráð hafa verið með fagráð í nokkurn tíma og telja að það fyrirkomulag hafi gefist vel. Sumir benda á að framhaldsskólar hafi stofnað sín eigin fagráð og þá án tengingar við starfsgreinaráðin og telja að slíkt fyrirkomulag geti orðið þungt í vöfum. Fagráð þurfa að mati sumra aðila að vera skipuð fagfólki og kennurum og brúa þannig bilið milli starfsgreinaráða og framhaldsskóla. Nokkrir litu þannig á að fagráðin væri skipuð til að vinna ákveðin verkefni en funduðu ekki reglulega. Þá þyrfti að vera hægt að sækja um fé til ráðuneytis til að sinna þessum verkefnum.

Hvað varðar stofnun nýrra starfsgreinaráða þá töldu sumir það fela í sér tækifæri til endurnýjunar á fulltrúum og til að virkja baklandið betur. Einnig var bent á að ný starfsgreinaráð veittu tækifæri til að formgera starfið betur.

Ekki hugnaðist öllum hugmyndin um eina stofnun sem myndi þjónusta öll starfsgreinaráð en flestir sáu samt einhverja kosti við slíkt fyrirkomulag. Fram kom að hjá slíkri stofnun þyrfti að tryggja að starfsmenn hefðu grunnþekkingu á viðfangsefnum ráðanna og að það gæti mögulega reynst erfitt. Sumir höfðu áhyggjur af því að litlu starfsgreinaráðin gætu týnst inni í slíkri stofnun þar sem mest vinna færi í stóru ráðin meðan aðrir töldu þetta einu leiðina til að efla litlu ráðin. Bent var á að það væru ýmsir kostir við það að vista starfsgreinaráð hjá fræðslumiðstöðvum því

þar færi fram frjó starfsemi sem kæmi ráðunum til góða. Samlegðaráhrif gætu aftur á móti verið nokkur með því að setja öll starfsgreinaráðin undir einn hatt, t.d. sparast tími við að svara erindum, og ekki ætti að slá slíka hugmynd af borðinu án þess að skoða hana vel.

### **Vinnustaðanámssjóður**

Nær allir viðmælendur okkar töldu að vinnustaðanámssjóður væri mikilvægt skref og að ekki mætti dragast á langinn að gera hann að veruleika. Sjóðurinn ætti að vera greiddur að hluta til af ríki og að hluta til af atvinnulífi. Öll fyrirtæki eigi að greiða í sjóðinn og síðan fái þau sem taka nema greiðslu úr sjóðnum.

Bent var á að nú er erfitt að koma nemendum í vinnustaðanám og þar sem ekki er greitt fyrir það að þá væri einnig erfitt að gera kröfur til atvinnurekenda. Með greiðslu væri hægt að setja fram kröfur til fyrirtækja um að námið færi eftir ákveðinni námsskrá og notast væri við ferilmöppur. Nokkrir nefndu að með slíku fyrirkomulagi yrði starfsnámið markvissara og þá væri hægt að stytta það. Að mati sumra má gera ráð fyrir að 24 vikur væri tími sem hentaði flestu starfsnámi:

*„Fyrstu 24 vikur gætu verið greiddar af vinnustaðanámssjóði sama hvort værir á starfsnámssamningi eða hjá meistara. Greitt með öllum í 24 vikur, láta jafnt yfir alla ganga. Í framhaldinu tekur meistarinn við. Þarf þá að sinna þeim vel fyrstu mánuðina eftir það gætu þau verið eins og hver annar starfsmaður og unnið fyrir laununum sínum.“*

### **Starfsgreinanefnd**

Flestir nefndu að helsta hlutverk nýrrar starfsgreinaneftndar ætti að vera samræming, það er að segja að þarna gætu formenn miðlað upplýsingum um hvað gengi vel og hvað ekki, og þeir þannig lært hverjir af öðrum. Einnig nefndu sumir að þarna ætti að fara fram umræða um skólamál og þróun starfsnáms og einnig var nefnt að þarna væri vettvangur til samræmingar gagnvart ráðuneytinu og þeim erindum sem það sendir ráðunum.

### **Samskipti við mennta- og menningarmálaráðuneyti**

Hvað varðar samskipti við mennta- og menningarmálaráðuneyti þá kom fram hjá aðilum starfsareinaráða að tenglafyrirkomulagið væri gott en að kerfið sjálft væri of þungt í vöfum. Það taki of langan tíma að fá svör við erindum og svo virðist sem ekki sé alltaf ljóst hver stefna ráðuneytisins er, né hver beri ábyrgð og geti tekið ákvarðanir. Mikilvægt er að fá svör við erindum fljótt, eða eins og einn viðmælandi sagði:

*“Við þolum það í atvinnulífinu að fá nei, bara fínt að fá nei, þá þurfum við ekki að hugsa um það meir, við förum þá bara að gera eitthvað annað.....ef erindinu er hafnað, þá erum við ekki í vafa um vilja ráðuneytisins og stöndum ekki í endalausum bréfaskrifum inni í tómið til einskis.”*

Einnig bentu flestir á að brýnt væri að skilgreina betur hlutverk starfsgreinaráða, skerpa á hlutverki þeirra og gera öllum hagsmunaaðilum það ljóst, jafnvel setja þeim erindisbréf. Eða eins og einn viðmælandi orðaði það:

*„Hvað felst í því sem stendur í reglugerð? Það þarf að setja viðmið um hvert viðfangsefni eins og þau eru sett fram í reglugerð þannig að hægt sé að vinna skipulega og samræma starfsemi milli starfsgreinaráðanna þannig að þau geti unnið í takt“.*

Annar hafði eftirfarandi um málið að segja:

*„Við bíðum eftir erindisbréfi, ekki nóg að skrifa reglugerðir. Við þurfum líka að sættast á vinnulagið sem slíkt. Eftir því sem þú getur myndað sterkari brú milli starfsgreinaráða og skóla þeim mun betra, það er fínt. Það hefur skort á það og ef horft er á lögin þá lofa þau engu um það í sjálfu sér. Það þurfa allir að vinna að þessu. Þetta er sameiginlegt verkefni atvinnulífs og skóla að byggja upp menntun.“*

Bent var á að ráðuneytið þurfi að sýna faglegt aðhald og skerpa á eftirlitshlutverki sínu sem hefur ekki virkað sem skyldi að mati sumra viðmælenda. Sumir viðmælenda höfðu áhyggjur af því að þessar miklu breytingar sem nú væri verið að gera á starfsmenntun, s.s. í tengslum við innleiðingu viðmiðaramma, fengju ekki nægan slagkraft úr ráðuneytinu, það náði ekki að miðla nægilega markvisst þessum hugmyndum um breytingar því þar er ekki nægilega margt starfsfólk til að sinna innleiðingu á þessum breytingum.

### **Framhaldsskólinn**

Þar sem framhaldsskólinn sér nú um gerð námsbrautarlýsinga þá telja allir fulltrúar starfsgreinaráðanna það mjög mikilvægt að gott samráð verði á milli framhaldsskóla og starfsgreinaráða um gerð þeirra. Sumir orðuðu það jafnvel svo að þarna á milli ætti að ríkja upplýsingaskylda og byggja þyrfti upp traust milli aðila. Kjörfyrirkomulag eins er á þessa leið:

*„Þannig ef skóla dettur í hug að gera drög að nýrri námsbraut eða breyta námsbraut þá hafi hann mjög snemma samband við viðkomandi starfsgreinaráð og beri það undir það fljótt*



*þannig að það geti brugðist við og lagt inn hugmyndir á móti þannig að það endi ekki í einhverri togstreitu um einhver ímynduð völd því þetta eru ansi aum völd í sjálfu sér. Þetta verður að gerast í samstarfi. Það hvílir á ráðuneytinu að búa þannig um að hvetja til og örva slíkt samstarf og það gerist ekki nema með beinum hætti, sérstökum fundum, erindisbréfi og hvatningu. Ráðuneytið verður að vera með smurólú þarna.“*

Hvað varðar endurnýjun námsbrauta þá ræddu nokkrir um mikilvægi þess að þær væru í sífelldri endurnýjun, einn taldi þörf á því að endurnýja þær árlega meðan annar benti á að hægt væri að endurnýja 1/3 námsbrautar árlega þannig að þrjú ár tæki að endurnýja hverja braut. Þessi vinnubrögð kalla á meiri skilvirkni hjá ráðuneytinu en gamla aðferðin sýnir að það virkar illa að láta mörg ár líða á milli þess sem námsbrautir eru endurnýjaðar eða eins og einn sagði:

*„Þegar 10-15 ára gamlar námsbrautir eru endurskoðaðar þá eru þær í raun úreltar og þá komast kennarar upp með að kenna ekki eftir henni. Erfitt að kenna síðan eftir nýrri námsskrá þegar miklar breytingar verða á einum bretti. Kallar líka á nýjan búnað sem ekki er til“.*

Sumir hafa áhyggjur af því að brautir verði ekki sambærilegar milli skóla og því sé umsagnarréttur starfsgreinaráða mikilvægur en ekki síður hlutverk og ábyrgð ráðuneytis. Ekki megi samþykkja brautir sem séu mjög ólíkar samsvarandi brautum í öðrum skólum eða uppfylla ekki skilyrði um þekkingu, leikni og hæfni. Einn viðmælandi hafi þetta um málið að segja:

*„Ráðuneytið þarf að vera samræmingaraðili milli framhaldsskóla og starfsgreinaráðs og passa að ekki verði til ólíkar námsbrautir um sama nám í mismunandi skólum. Sama nám þarf að vera sambærilegt í ólíkum skólum svo nemendur geta fært sig á milli. Þarf að uppfylla kröfur viðmiðaramma“.*

Einnig nefndu nokkrir mikilvægi þess að efla gæðavitund skólanna. Viðmælendur sögðu meðal annars eftirfarandi um gæðamat:

*„...það þarf gæðaúttekt í skólunum, hvað þeir eru að kenna. Hvaða árangri þeir skila svo við séum sífellt að meta menntunina, líka svo við stöðnum ekki“. „Þurfum að þora að meta námið sem börnin okkar eru að fá, þora að meta kennsluna, stjórnunina, starfsemi starfsgreinaráðanna. Við eigum milljón gæðamatstæki sem við erum ekkert að nota varðandi menntakerfið. Nú er niðurskurður framundan og ég er hræddur um að hann verði mjög ómarkviss því við höfum enga mælikvarða um hvar skynsamlegt er að skera niður eða hagræða.“*

Nokkrir höfðu orð á því að það vanti meiri sérþekkingu í námskrárgerð og námsefnisgerð, líka gagnvart vinnustaðanámi og að þetta kæmi niður á skólunum og þróun náms. Mikill skortur á námsefni væri einnig vandamál og því væri mikilvægt að kennarar væru tilbúnir að miðla eigin námsefni til annarra. Oft væri um að ræða námsefni unnið á vinnutíma kennara eða unnið fyrir fé úr þróunarsjóðum.

### **Viðmiðarammi**

Allir fulltrúar starfsgreinaráðanna sem rætt var við voru sammála um það að innleiðing viðmiðaramma væri jákvætt og mikilvægt skref. Hér væri aftur á móti um mikla breytingu að ræða og því þyrfti ráðuneytið að vanda til við innleiðingu hans. Ekki hefði farið fram nægilega mikil kynning á viðmiðarammanum og margir væru mjög óvissir um hvernig ætti að uppfylla þessar kröfur. Hér væri um að ræða nýja hugsun og það tæki tíma að koma slíkum breytingum á. Eða eins og einn orðaði það:

*„Gerist ekki bara með því að ráðuneytið leggi þetta fram heldur verður það að gerast á einhverjum fronti og það verður að tala fyrir þessu af einlægni og svona sæmilegu viti og leiða mönnum fyrir sjónir að hér séu allsherjar hagsmunir í húfi – að við bætum skólakerfið í gegnum nýja hugsun, ekki nýtt kerfi heldur nýja hugsun.“*

Einnig var bent á að það:

*„Þarf að tengja HÍ inn í innleiðingu á viðmiðaramma. Kennaranemar þurfa að alast upp við þessa nýju hugsun. Þarf verulegt átak til að ná til allra sem koma að námi og kennslu í starfsmenntun og einnig tilsjónarmanna í vinnustaðanámi“.*

### **Kjarnaskóli**

Flestir viðmælendur voru jákvæðir gagnvart hugmyndum um kjarnaskóla. Nokkrir bentu þó á að þetta hefði verið reynt og ekki gefist vel einkum vegna rígs sem kæmi upp á milli skólanna og þar sem kjarnaskólar væru ekki að fá neitt sérstakt fyrir að taka þetta hlutverk að sér. Bent var á dæmi þar sem þetta gengi vel og skilaði miklum árangri og hugmyndin væri góð eða með orðum eins viðmælanda:

*„Ég veit ekki að hve miklu leyti þurfi að formgera kjarnaskólahugmyndina, ég held að eigi að virkja hana. Á að gera það á forsendum litlu skólanna úti á landi. Móðurskólar eru ekki skipstjórar tiltekinna greina heldur eru þeir þjónar. Þeir eru að þjóna tilteknum greinum, þar*

*er nemendafjöldinn mestur og eðlilega vill hver skóli soga sem flesta nemendur til sín en þeir eiga samt að liðka til fyrir þeim sem fá námsbraut í heimahérað. Þeim ber skylda til að þjóna viðkomandi námsbraut og veita þeim skóla aðgang að allri sinni þekkingu og vera í samstarfi við hann.“*

### **Fagháskóli**

Flestir viðmælendur voru hlyntir hugmynd um fagháskóla einkum ef það yrði til að lyfta starfsnáminu og iðnmeistaránáminu. Hér væri um að ræða skólastig sem væri viðurkennt í nágrennalöndum okkar en vantaði hér. Einn viðmælandi var þó hikandi einkum ef þetta ætti að verða sem framhald einhvers eins framhaldsskóla, betra ef nýr fagháskóli væri sjálfstæð stofnun.

### **Efling starfsnáms**

Spurt var um það hvernig best væri að efla starfsmenntun og voru flestir sammála því að þar léki kynning stórt hlutverk. Kynning til nemenda á unglíngastigi, og ekki síður til foreldra þeirra, væri mjög brýn. Einnig þyrfti að kynna iðnnám fyrir almenningi eða eins og einn benti á:

*„Það þarf að eiga sér stað þung stór breyting og hún gerist ekki á einni nóttu. Það er óþarfi að gráta yfir iðnmenntuninni, þetta er fín menntun sem skilar fólki sem bjargar sér, fólki sem fær góða vinnu og góð laun. 23 ára iðnmenntaður maður stendur mun betur að vígi í lífsbaráttunni en 23 ára íslenskufraeðingur. Þetta er vel geymt leyndarmál.“*

Einn viðmælandi benti á að við erum með dag leikskólans og háskóladaginn en það vantar dag framhaldsskólanna. Þarna eru því mörg tækifæri og í árferðinu nú er að margra mati afturhvarf til gamalla gilda. Atvinnulífið sé að breytast, við séum á leið að verða framleiðsluþjóð og það eigi að nýta til sóknar.

### **Samantekt viðtala við starfsgreinaráð**

Hér eru teknir saman í stuttu máli helstu áhersluþættir sem fram koma hjá viðmælendum í starfsgreinaráðum. Það sem er með gulu lettri eru atriði sem einnig koma fram hjá skólameisturum.

- Ekki er þörf á að greiða fulltrúum í starfsgreinaráðum fyrir fundarsetu
- Fastaframlag starfsgreinaráðanna nægir ekki fyrir almennri starfsemi
- Mikilvægt er að starfsgreinaráðin hafi bakland, s.s. hjá fræðslumiðstöð
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti þarf að setja starfsgreinaráðum skýrar verklagsreglur
- **Samstarf þarf að vera á milli framhaldsskóla og starfsgreinaráða vegna vinnu við gerð námsbrautarlýsinga**
- Fagráð eru mikilvæg til að tryggja aðkomu sem flestra starfsgreina að störfum starfsgreinaráða. Fagráð geta sömuleiðis virkað sem brú milli framhaldsskóla og starfsgreinaráða t.d. við gerð námsbrautarlýsinga
- Kanna þarf möguleika á stofnun sérstakar þjónustustofnunar fyrir starfsgreinaráð í því miði að gera starfsemi þeirra skilvirkari og auka virkni þeirra
- **Mikilvægt er að raungera hugmynd um vinnustaðanámssjóð sem fyrst**
- **Meginhlutverk starfsgreinaneftndar er upplýsingamiðlun og samræming vinnubragða**
- **Stefna ráðuneytis er ekki nægilega skýr í mörgum málum og óljóst hvar ábyrgð liggur varðandi ákvarðanatöku. Ákvarðanatöku og svörun erinda tekur of langan tíma**
- Ráðuneytið þarf að útfæra betur hlutverk starfsgreinaráða eins og það er skilgreint í lögum og reglugerð og gera öllum hagsmunaaðilum þau ljós
- Ráðuneytið þarf að veita starfsgreinaráðunum virkara faglegt aðhald og skerpa á eftirlitshlutverki sínu
- Efla þarf gæðavitund innan framhaldsskóla
- Auka þarf þekkingu á námskrárgerð og námsefnisgerð
- **Innleiðing viðmiðaramma er mikilvægt skref í átt að nýrri nálgun í hugsun um nám sem vanda þarf til**
- Kjarnaskólar geta virkað vel ef hlúð er að þeim og þess gætt að ekki komi upp rígur milli skóla
- **Fagháskóli sem sjálfstætt skólastig vantar á Íslandi**
- Efla þarf starfsnám með markvissri kynningu til nemenda, foreldra og samfélagsins í heild

## **Viðtöl við skólameistara**

Tekið var úrtak úr framhaldsskólum eftir að þeim hafði verið skipt í minni og stærri skóla. Rætt var við sex skólameistara sem stjórna ýmist litlum eða stórum skólum á höfuðborgarsvæðinu eða á landsbyggðinni. Um hálfskipulögð viðtöl var að ræða, það er stuðst var við spurningalista en spurningum fylgt eftir ef tilefni þótti til. Hér er gerð grein fyrir helstu atriðum sem fram kom hjá þessum aðilum.

## **Gömlu starfsgreinaráðin**

Skólameistarar nefndu að stofnun starfsgreinaráða hafi verið gott skref á sínum tíma og mörg hver hafa verið að gera góða hluti og unnið sitt starf vel. Einn skólameistari hafði þetta að segja:

*„Hugmyndafræðin í kringum þau var ágæt og þau hafa verið að breyta nálgun á náminu töluvert og yfirleitt til góðs. Gallinn var sá að vinnugrundvöllur þeirra var ekki skýr, menn voru áhugasamir í byrjun en það var ekki borgað fyrir setuna og þannig dró oft úr áhuga þegar á leið.“*

Einnig var bent á að þetta kerfi hefði bæði haft kosti og galla. Þarna varð til mjög sterk fagvitund og að sumra mati hamlaði það á tímum þróun þar sem þröngsýni varð ríkjandi. Þá vantaði samræmingu á milli ráðanna, of mikil tilviljun réði því hvernig starf þeirra var, og þar skipti oft hver gegndi formennsku mestu. Þau starfsgreinaráð sem unnu besta starfið voru þau sem höfðu fagfélög á bak við sig og fengu fjármagn fyrir starfsemina hjá þeim. Það vantaði samt skólaumræðu í flest ráðin að mati viðmælenda og umræðan hafi þar af leiðandi í sumum tilvikum verið of fjarlæg þeim vettvangi sem henni var ætlað að þjóna.

Flestir skólameistarar voru sammála um að gamla fyrirkomulagið varðandi námsbrautarlýsingar hafi ekki verið nógu gott þar sem framhaldsskólarnir höfðu enga aðkomu að mótun námsbrauta. Starfsgreinaráðunum vantaði skilning á aðstæðum skólanna og því voru hugmyndir þeirra oft óhagkvæmar og dýrar í framkvæmd.

## **Hlutverk nýju starfsgreinaráðanna**

Hjá skólameisturum kom fram sýn á hlutverk nýju ráðanna sem að mestu ber að sama brunn. Að þeirra mati á hlutverk þeirra að vera faglegur stuðningur við skólanna. Þau eiga að fylgjast með þróun í greinum, hafa yfirsýn yfir það sem er að gerast og miðla því áfram til skólanna og tryggja að ekki verði stöðnun í aðferðum og tækni. Einnig þurfa þau að vera virkt bakland fyrir faggreinakennara. Nokkrir ræða um mikilvægi samstarfs á milli þessara aðila en einn aðili sér

ekki fyrir sér mikið samstarf og telur að samstarfið verði frekar við fagráð og fagfélög. Sami aðili telur að ráðin séu fyrst og fremst umsagnaraðili fyrir ráðuneytið og munu ekki koma að því að móta einstaka námsbrautir.

Skólameisturum fannst skýrt að það væri hlutverk starfsgreinaráða að halda skrá um fyrirtæki fyrir vinnustaðanám og að í því fælist líka úttekt á vinnustöðum til að tryggja að þau fyrirtæki sem eru á skránni séu hæf til að taka nema. Aftur á móti er það á forræði skólanna að semja um fyrirkomulag náms, mat á því og annað sem því viðvíkur þar sem markmið vinnustaðanáms verði hluti af námsskrá. Skólinn getur aftur á móti kosið að láta utanaðkomandi aðila sjá um þessa framkvæmd.

Skólameistarar telja það vera til hagsbóta fyrir nemendur að setja ábyrgð vinnustaðanámsins í hendur skólanna. Eða eins og einn orðaði það:

*„Ég hef aldrei skilið að nemendum hafi verið boðin þessi þjónusta, að skóli sjái bara um kennslu og beri ábyrgð á því. Vinnustaðanamið er hluti af náminu.....við skynjum töluvert brottfall tengt þessu ferli.“*

Skólameistarar segja einnig að þetta breytta fyrirkomulag muni gera verknámið markvissara og auka gæði þess og í kjölfarið verði hægt að stytta það. Einnig var nefnt að eðlilegt væri að fjármagn fylgdi hverjum nemanda og hann fengi ákveðna upphæð til að mennta sig óháð því hvort hann væri í bóknámi eða starfsnámi.

Viðmælendur eru sammála um að það sé jákvætt skref að nú eigi Kennarasamband Íslands og Félag framhaldsskólakennara fulltrúa í ráðunum. Telja þeir þetta fyrirkomulag auðvelda samstarf því þarna sé komin ákveðin tenging sem vantaði áður. Aftur á móti er mikilvægt að ráðin fái skýrar leiðbeiningar um það hvert hlutverk þeirra er til að vinnulagið breytist til hins betra.

Hvað fagráðin varðar þá telja nokkrir skólameistarar það vera jákvæða þróun og sjá margir samstarfsflöt við þau jafnvel frekar en starfsgreinaráðin í einhverjum tilvikum. Einhverjir skólar hafa stofnað sín eigin fagráð og fagfélögin skipa þar inn sína fulltrúa. Sumir eru hræddir um að það verði flókið kerfi að vera með mörg lög sem geti aftur leitt til óskilvirkni. Þar sem fagráð fjalli aðeins um eina faggrein þá hafi þau tilhneigingu til að einangrast og eins er hætta á að þau hafi ekki nægilega víðtækt samráð við alla skóla sem kenna viðkomandi grein.

### Vinnustaðanámssjóður

Skólameistarar eru sammála því að það sé mikil þörf á vinnustaðanámssjóði og telja hann jafnvel ákveðna forsendu fyrir því að tryggja hverjum nemanda pláss í vinnustaðaþjálfun. Þeir benda einnig á að svipað kerfi sé í nágrannalöndum okkar. Þetta kemur einnig inn á gæði vinnustaðanáms og lengd eins og komið hefur fram eða eins og einn skólameistari sagði:

*„Of langur tími er áætlaður á vinnustað...væri hægt að stytta þennan tíma umtalsvert ef hann væri skipulagður sem nám og þarna væru skrifaðar áfangalýsingar og kennsluáætlanir, væri bara sett í eðlilegt skólanámsumhverfi. Þarna á að fara fram kennsla og nám. Hægt að gera kröfur um að sinni nemendum, einhver gæði sem þarna fara fram. Meðan við leggjum ekkert til er erfitt að segja vinnustöðum hvernig á að gera þetta.“*

### Starfsgreinanevnd

Þeir sem svöruðu spurningu um starfsgreinanevnd töldu að hún ætti fyrst og fremst að vera samræmingaraðili. Sem sagt að leiðbeina og leiða starfsgreinaráðin saman, leiða umræðuna inni í ráðunum og reyna að tryggja samræmingu og samfellu í starfi þeirra.

### Hlutverk menntamálaráðuneytis

Hlutverk mennta- og menningarmálaráðuneytis er skýrt í lögum að mati viðmælenda. Ráðuneytið á að samþykkja eða hafna námsbrautum. Skólameistarar benda líka á að verklag ráðuneytis þurfi að breytast ef það á að geta sinnt þessu hlutverki. Námsbrautir þurfa að vera í sífelldri endurskoðun og því þarf afgreiðsla ráðuneytisins að ganga greiðlega fyrir sig. Til að þetta gangi allt upp þarf ráðuneytið að ganga úr skugga um að skólarnir séu með virkt sjálfsmat og gæðaeftirlit. Einn viðmælandi orðaði þetta þannig:

*„Ráðuneytið er að smíða sér ákveðið viðmið til að nota við að gera námsskrárnar en þeir eiga í rauninni að taka afstöðu til námsskráanna faglega. En samkvæmt lögnum er verulega mikið frelsi til að móta námsskrár. Ráðuneytið þarf að móta sér ferli sem heftir það ekki.“*

Einnig var bent á að nauðsynlegt væri að hafa starfsmann í ráðuneytinu sem hefði starfað í starfsmenntaskóla og skildi ferlið.

## **Framhaldsskólinn**

Hvað varðar samstarf framhaldsskólans við starfsgreinaneindir um gerð námsbrauta þá telja flestir skólameistarar en þó ekki allir að samstarfið sé mikilvægt og að gagnkvæmt traust þurfi að ríkja á milli samstarfsaðila. Eins og einn sagði:

*„Aðalspurningin er hins vegar þessi: Hvernig tryggjum við að þessir aðilar vinni saman? Það þarf að búa til hliðar batterí í kringum samstarfið, eins konar ráðgjafanefndir.....samræðan þarf að vera stöðug og felast í mörgum þáttum, t.d. að fara yfir tækjabúnað og sameiginlega stefna og sýn mynduð. ...Skólarnir eiga að hafa frumkvæði að stofnun fagráða. Ráðuneytið gæti líka haft hér hlutverk, fylgjast með að fagráð séu stofnuð og að þau starfi vel.“*

## **Viðmiðarammi**

Flestir skólameistararnir höfðu kynnt sér viðmiðarammann, leist vel á að vinna eftir honum og töldu hann vera til bóta. Hvað varðar innleiðingu rammans kom eftirfarandi meðal annars fram:

*„Ráðuneytið er búið að smíða grindina varðandi einingar, tímaramma, þrepaskiptinguna. Ég held að þeir hafi kannski ekki forsendur til að ákveða einhliða hvernig innihaldið á að vera. Þar verðum við að hafa bæði faggreinakennara og ekki síður iðngreinafélögin. Þar sem uppleggið er byggt bæði á sögunni, þróuninni og tækninýjungum og hröðum breytingum.“*

## **Kjarnaskóli**

Mjög skiptar skoðanir voru um ágæti kjarnaskóla meðal skólameistara. Margir töluðu um að þessi hugmyndafræði hefði ekki virkað. Hætta væri á að kjarnaskólar einangruðust og samvinna milli skóla yrði ekki nægileg. Landsbyggðarfólkið setur spurningarmerki við kjarnaskóla og óttast að missa nemendur úr heimabyggð ef þeir þurfa að sækja nám í ákveðinn tíma í kjarnaskóla. Þeir sem voru hlyntir hugmyndinni töldu að kjarnaskólar ættu ekki að hafa neitt vald heldur væru þeir fyrst og fremst samræmingaraðili og leiðbeinandi. Þeir töldu jafnframt vel hægt að sníða af ýmsa vankanta sem hefðu komið upp síðastliðin ár og bentu á að nemendur gæti útskrifast bæði úr kjarnaskóla og sínum heimaskóla. Það að einn skóli beri ábyrgð á þróun og nýjungum væri kostur en halda þyrfti markvisst utan um samstarf milli skóla því það sprettur ekki upp af sjálfu sér. Er flóknara eftir því sem fleiri skólar kenna greinina:

*„Getur verið flóknara í öðrum greinum, þar sem margir eru að kenna á svipuðum level, hver á að vera kjarnaskóli, upplifa að verið sé að hampa einum skóla frekar en öðrum. Má ekki*



*fara í þann farveg. Á að vera faglegt og greinum til framdráttar a.m.k. ef menn standa sig í að vera einhvers konar þróunarskóli.“*

### **Fagháskóli**

Flestum viðmælendum fannst mikilvægt að koma á fagháskólastigi á Íslandi og einn benti á að Finnar hefðu stofnað fagháskóla í sinni kreppu og að þeir væru orðnir miklu stærri og vinsælli en almennu háskólarnir. Einn viðmælandi taldi það standa okkur fyrir þrifum að við hefðum ekki fagháskólastigið og að margt sem nú væri kennt í háskólum uppfyllti í raun ekki kröfur sem gera á til náms í háskóla og ætti því í raun heima í fagháskóla. Bent var á að til að koma þessu á þyrfti að fara fram endurskoðun bæði á skilum grunn- og framhaldsskóla og skilum framhalds- og háskóla.

### **Efling starfsnáms**

Margir skólameistarar nefndu að gera þurfi meira í því að efla virðingu fyrir starfsmenntun og tryggja jákvæð viðhorf til starfsnáms. Einn viðmælandi taldi það mikilvægt fyrir starfsnám að atvinnulífið greiddi þeim sem lokið hefðu starfsnámi hærra laun en þeim sem eru ómenntaðir:

*„Þá spyr ég, til hvers erum við að segja fólki að leggja á sig nám og að það verði verðmætari starfskraftur ef vinnustaðurinn sýnir því enga virðingu. Ef við breytum ekki þessum hugsunarhætti þá breytist akkúrat ekki neitt. Ef við förum að meta þetta fólk sem búið er að fara í gegnum þetta nám, þó það væri ekki nema þrepinu ofar, og viðurkennum þar með að viðkomandi sé verðmætari starfsmaður af því að viðkomandi er búinn að fara í námið, þá skapast vonandi einhver virðing fyrir störfunum.“*

Einnig var kynning á námi nefnd sem leið til að efla starfsnám, bæði kynningar fyrir nemendur og foreldra, og markviss kynning fyrir grunnskólanemendur þar sem þeir koma í skipulagðar heimsóknir nokkrum sinnum í framhaldsskóla og fá þá kennslu í greininni. Líka var bent á að auka þurfi vægi verknáms í grunnskólum og leggja áherslu á í kynningum að nemendur sem klára stúdentspróf af iðnbrautum útskrifast bæði með iðnþekkingu og próf upp á vasann, sem og stúdentspróf. Eða eins og einn viðmælandi sagði:

*„Það fer alltaf í taugarnar á mér að fólk sé að tala um að starfsmenntunin sé ekki góð, að hún sé alltaf til hliðar og hef hreinlega bara ekki þolað þetta og finnst algjörlega óþarfi að tala svona. Ég efast um að fólk átti sig á því að á síðustu árum eru að útskrifast fleiri með*

*einvers konar starfsréttindi en þeir sem útskrifast sem stúdentar. Og er það ekki í lagi, er það ekki ásættanlegt? Hvaða prósentu viljum við hafa?“*

### **Samantekt viðtala við skólameistara**

Líkt og áðan þá eru hér dregnar fram helstu áherslur sem koma fram hjá skólameisturum og það sem er gult að lit kom einnig fram hjá fulltrúum starfsgreinaráðanna. Annað er sérstakt fyrir skólameistarana.

- Starfsgreinaráð eru gott framtak en starfið hefur ekki verið nógu markvisst
- Vantað hefur virkt samráð og samstarf milli starfsgreinaráða og framhaldsskóla
- Skort hefur á skólamálaumræðu í ráðunum og skilning á aðstæðum framhaldsskóla
- Nýju ráðin eiga fyrst og fremst að styðja við skólana, fylgjast með þróun og hafa yfirsýn yfir þörfum viðkomandi starfsgreina
- Nýju ráðin eiga að halda fyrirtækjaskrá og gera úttekt á vinnustöðum
- Það er til hagsbóta fyrir nemendur að ábyrgð á framkvæmd vinnustaðanáms er nú hjá skólunum
- Breytt skipan starfsgreinaráða og aðkoma fulltrúa FÍF og KÍ er jákvætt skref
- Skiptar skoðanir eru á mikilvægi fagraða, kostir og gallar við það kerfi
- Mikil þörf er á vinnustaðanámsjóði. Er forsenda fyrir því að koma nemendum í starfsnám og að auka gæði vinnustaðanáms, gera það markvissara og styttra
- Starfsgreinanevnd á fyrst og fremst að vera samræmingaraðili starfsgreinaráða
- Verklag ráðuneytis þarf að breytast og verða skilvirkara ef það á að geta sinnt því vel að samþykkja námbrautarlýsingar sem þurfa að vera í sífelldri endurskoðun
- Samstarf og gagnkvæmt traust þarf að ríkja milli framhaldsskóla og starfsgreinaráða við gerð námsbrautarlýsinga
- Viðmiðaramminn er jákvætt skref og góð þróun
- Mjög skiptar skoðanir eru um ágæti kjarnaskóla
- Á Íslandi vantar fagháskóla
- Efla þarf virðingu fyrir verknámi með markvissri kynningu til nemenda og foreldra sem og atvinnulífsins sem þarf að meta allt starfsnám, stutt sem langt m.t.t. launa

## Starfsgreinanevnd

Starfsgreinanevnd kemur í stað samstarfsnefndar um starfsnám á framhaldsskólastigi sem skipuð var á grundvelli 26. gr. framhaldsskólalaga nr. 80/1996. Samstarfsnefndin leysti af hólmi Iðnfræðsluráð, Fræðsluráð sjávarútvegs og Fræðsluráð ferðamála sem höfðu starfað samkvæmt lögum nr. 58/1988. Þó segja megji að samstarfsnefndin um starfsnám á framhaldsskólastigi sé forveri starfsgreinanefndar var hún ekki vettvangur samráðs og samræmingar milli starfsgreinaráða, enda ekki skipuðum fulltrúum þeirra eins og ný starfsgreinanevnd. Miklar væntingar voru í upphafi til samstarfsnefndar um starfsnám en viðmælendum skýrsluhöfunda og sérfræðingum mennta- og menningarmálaráðuneytis ber saman um að nefndin hafi aldrei almennilega „náð sér á flug“ og ekki skilað miklu starfi eftir að hafa skilað af sér tillögum um skiptingu og flokkun starfsgreina milli starfsgreinaráða sem unnin var á árunum 1997-1998. Af greinargerð með nýjum lögum um framhaldsskóla má ráða að væntingar til nýrrar starfsgreinanefndar eru miklar.

## Skilgreining á hlutverki í lögum

Fjallað er um starfsgreinanevnd í 27. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla. Samkvæmt lagagreininni er hlutverk nefndarinnar tvíþætt:

*„Að vera ráðherra til ráðgjafar um stefnumótun í starfsnámi og framkvæmd starfsnáms; að vera vettvangur samráðs og samræmingar milli starfsgreinaráða.“*

Auk þess er nefndinni gert að veita álit á skiptingu og flokkun starfsgreina milli starfsgreinaráða.

Samanber 29. gr. ofangreindra laga skulu í starfsgreinanevnd eiga sæti formenn starfsgreinaráða, auk tveggja fullrúa sem ráðherra skipar án tilnefningar. Ráðherrafulltrúar munu gegna stöðu formanns og varaformanns. Þannig sitja í starfsgreinanefndinni alls 14 fulltrúar. Mennta- og menningarmálaráðuneyti greiðir fyrir þátttöku sinna fullrúa en starfsgreinaráðin, eða tilnefningaraðilar viðkomandi, greiða kostnað sinna fullrúa.

Ekki er vikið nánar að hlutverki starfsgreinanefndarinnar í greinargerð með nýju lögunum að öðru leyti en því að sú breyting sem hefur orðið á skipan nefndarinnar frá því sem var, þ.e. að formenn starfsgreinaráða séu sjálfkrafa fulltrúar í nefndinni, stuðli að tengingu starfa starfsgreinaráðanna og þannig tryggi betri yfirsýn yfir stöðu og þróun starfsnáms. Sömuleiðis eru settar fram væntingar um að starfsgreinanefndin verði virkari stýrihópur fyrir starfsnám en reyndin var með samstarfsnefndina.

## Væntingar hagsmunaaðila til starfsgreinanevndar

Viðmælendur voru spurðir um væntingar til nýrrar starfsgreinanevndar. Flestir nefndu að helsta hlutverk nýju starfsgreinanevndarinnar ætti að vera „samræming“, þ.e. að þarna geti formenn starfsgreinaráða miðlað upplýsingum og borið saman bækur um hvað gangi vel og hvað ekki í starfsemi eigin ráða og þannig lært hverjir af öðrum. Sumir nefndu að þarna ætti að fara fram „umræða um skólamál og þróun starfsnáms til framtíðar“ en einnig var nefnt að þarna væri loks kominn „vettvangur til samræmingar gagnvart ráðuneytinu og þeim erindum sem það sendir ráðunum.“ Sömmuleiðis var minnst á að mikilvægt væri að búa starfsgreinanevndinni skilyrði til að sinna tvíþættu hlutverki sínu. Hvað varðar stefnumótun þá virðist vera ríkur vilji meðal sérfræðinga mennta- og menningarmálaráðuneytis til að móta skýrari starfsmenntastefnu fyrir landið en þá sem nú er. Spurningin er aftur á móti sú hvort starfsgreinanevndin sé rétti samstarfsaðilinn, þ.e. hvort raunverulegt hlutverk nefndarinnar sé að marka nýja sýn og stefnu til framtíðar um starfsmenntun? Nokkrir viðmælenda lýstu efasemdum um að samsetning fulltrúa starfsgreinanevndar væri rétt með tilliti til þess verkefnis og töldu að ekki bæri að túlka lagatextann um ráðgefandi hlutverk nefndarinnar sem svo að nefndin myndi vera í lykilhutverki hvað varðar stefnumótun í starfsnámi.

## Skipulag starfsemi starfsgreinanevndar – að hverju þarf að huga?

Eins og að framan segir gafst starfsemi samstarfsnefndar um starfsnám ekki nægilega vel og ljóst að skoða þarf vel hvað fór úrskeiðis í starfsemi samstarfsnefndarinnar áður en skipulag og verklag starfsgreinanevndarinnar verður endanlega ákveðið. Einn sérfræðingur í mennta- og menningarmálaráðuneytinu rekur í minnisblaði þrjár meginástæður þess að samstarfsnefndin hafi ekki verið sérlega virk eftir 1998. Þær ástæður eru: Hlutverk og verksvið nefndarinnar var ekki nægilega skýrt, nefndin naut ekki alltaf nægilega styrkrar og óumdeildrar forystu og nefndin var fjölmenn (18 manns) og starfið ekki skipulagt með skilvirkum hætti.<sup>9</sup> Eðlilegt verður að þykja að horft sé sérstaklega til þessa þátta við hönnun á skipulagi og verklagi starfsgreinanevndar. Við þessa þætti má bæta við að þrátt fyrir væntingar um að samstarfsnefndin yrði vettvangur til að undirbúa stefnumótandi ákvarðanir, virðist nefndin lítið hafa verið með í ráðum, eins og t.d. um skipan starfsnáms til framtíðar, heldur hafi sérstakir stýrihópar verið settir saman vegna slíkar vinnu.

---

<sup>9</sup> Starfsgreinaráð og starfsgreinanevnd (2009)

## Tillögur

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir áhættugreiningu skýrsluhöfunda á þáttum í starfsemi og verklagi starfsgreinaráða og ráðuneytis sem geta haft áhrif á framkvæmd starfsemi starfsgreinaráða og þarfnast frekari skoðunar. Þá eru settar fram tillögur um sýn á hlutverk, samstarf við hagsmunaaðila og ábyrgð hvers og eins í því samstarfi. Út frá framangreindum greiningum er sett fram tillaga um verklagsreglur fyrir starfsemi starfsgreinaráða og verklag ráðuneytis gagnvart ráðunum. Að lokum er sett fram tillaga um útfærslu á skipulagi og framkvæmd starfsemi starfsgreinanevndar.

## Starfsgreinaráð

Hér eru settar fram tillögur er snúa að starfsemi starfsgreinaráða til ársins 2014. Byrjað er á því að gera grein fyrir áhættugreiningu fyrir starf þeirra. Síðan er fjallað um sýn á hlutverk þeirra og samstarfsaðila við framkvæmd einstakra verkefna og gerð grein fyrir sýn skýrsluhöfunda á hlutverkafliettu starfsgreinaráða og mikilvægi góðra samskipta. Einnig er lögð fram tillaga um fjárráð og verklag starfsgreinaráða og að lokum er gerð grein fyrir þremur valkostum sem mennta- og menningarmálaráðuneytið stendur frammi fyrir varðandi umsýslu og utanumhald um starfsgreinaráðin að mati skýrsluhöfunda.

## Áhættugreining

Áhættugreining var unnin fyrir ný starfsgreinaráð til að koma auga á mögulegar hindranir sem gætu veikt starfsemi þeirra. Almenn markmið áhættugreiningar eru að draga fram verkþætti sem geta haft neikvæð áhrif á niðurstöðu skilgreinds verkefnis. Umhverfi verkefnis hefur áhrif á áhættuþætti verkefnis, sem og væntingar sem gerðar eru til þess og þær framkvæmdaaðferðir sem notaðar eru. Mikilvægt er að endurmeta áhættuþætti reglulega á verkefnistímanum þar sem aðrir áhættuþættir geta komið í ljós síðar á æviskeiði verkefnis.<sup>10</sup> Þeir áhættuþættir sem eru með áhættutölu tíu og yfir eru þættir sem bregðast þarf við á skilgreindan hátt.<sup>11</sup> Lagt er til að hvert og eitt starfsgreinaráð vinni áhættugreiningu til að átta sig betur á stöðu sinni og hvaða þættir það eru sem geta haft hindrandi áhrif á starfsemi þeirra. Best er að þeir sem þekkja best til hverju sinni framkvæmi greiningu sem þessa og að hún sé unnin af vinnuhópi, s.s. stjórn starfsgreinaráða.

---

<sup>10</sup> Kerzner, 2006:718

<sup>11</sup> Fangel, 2008:165.

Áhættuþáttur	Afleiðingar (1-5)	Líkur (1-5)	Áhættutala (A*L)	Aðgerð
Starfsgreinaráð viðurkenna ekki verklag um starfsemi sem ráðuneyti leggur til	4	3	12	Ráðuneyti útbýr verklag og kynnir sem tillögu fyrir ráðin. Ráðuneyti geri rammSAMning við ráðin sem felur í sér að þau samþykki ákveðið verklag. Greiðsla fastaframlags háð því að ráð framfylgi verklagsreglum
Fastaframlag dugar ekki fyrir almennum verkefnum sem eru skilgreind í lögum og nánar tilgreind í reglugerð	4	2	8	Atvinnulífið þarf áfram að leggja sitt af mörkum til reksturs ráðanna, s.s greiða ferða- og launakostnað fulltrúa sinna í ráðinu. Skilgreina þarf vel fyrir hvaða verkefni ráðuneyti greiðir sérstaklega. Sömuleiðis þarf að huga að fjármögnun fagráða
Samráð milli starfsgreinaráða og framhaldsskóla er takmarkað	4	4	16	Þriðji aðili beri ábyrgð á því að koma samskiptum á, s.s. ráðuneyti eða ný þjónustustofnun sem fer með umsjón með starfi starfsgreinaráða. Samið verði verklag um upplýsingagjöf milli starfsgreinaráða og framhaldsskóla
Gagnkvæmu upplýsingaflæði er ábótavant milli starfsgreinaráða og ráðuneytis	4	3	12	Setja upp verklag um upplýsingagjöf (samskiptaáætlun) milli ráðuneytis og starfsgreinaráða annars vegar, og framhaldsskóla og starfsgreinaráða hins vegar.
Verkaskipting milli sérfræðinga og deilda, sem og ákvörðunartaka í ráðuneyti ekki ljós	3	3	9	Ráðuneyti þarf að skilgreina hlutverk sitt gagnvart starfsgreinaráðum og koma upp gagnsæju og skilvirku verklagi þar sem ábyrgð hvers og eins sérfræðings, sem og yfirmanna, er skýr.
Starfsgreinaráð eru ekki öll jafn virk og sum sinna ekki þeim verkefnum sem eiga að sinna	5	2	10	Tryggja þeim starfsgreinaráðum sem ekki eiga bakland hjá fræðslumiðstöð vistun hjá aðila sem veitir þeim reglubundna þjónustu og faglegan stuðning. Ráðuneyti skipuleggi markvissa fræðslu og þjálfun til starfsgreinaráða svo þau geti sinnt hlutverki sínu sem skyldi
Starfsgreinaráð fá ekki nægt fé til að sinna öðrum verkefnum, s.s. þróunarverkefnum ýmis konar	3	3	9	Á samdráttartímum þarf að forgangsraða verkefnum og leita allra leiða til að sækja fé í sjóði sem veita styrki í verkefni sem snúa að þessum málaflokki, s.s. hjá hagsmunaaðilum

Tafla 2 – Áhættugreining fyrir ný starfsgreinaráð

## Tillaga um nýja sýn á hlutverk og samstarf við hagsmunaaðila

Hagsmunaaðilar kalla eftir skýrri skilgreiningu á hlutverki sínu gagnvart starfsgreinaráðum og tillögum að verklagi frá ráðuneyti. Einnig leggja þeir áherslu á mikilvægi samráðs og samvinnu við framhaldsskóla vegna vinnu við námsbrautarlýsingar og að ráðuneytið auðveldi slík samskipti með reglubundnum fundum og skýru og gegnsæju verklagi.

Reglugerð nr.711/2009 var rýnd til að átta sig á hlutverkum ráðanna sem og hvernig ráðgert er að kostnaður við þessi verkefni sé greiddur. Til að bera saman hlutverk skilgreind í reglugerð var sett upp önnur tafla þar sem skýrsluhöfundar leituðust við að skilgreina mögulega samstarfsaðila hvers skilgreinds verkefnis (hlutverks) sem og kostnaðarábyrgð.

Tafla 3 sýnir hvert hlutverk starfsgreinaráða er samanber reglugerð, og eins hvernig gert er ráð fyrir að kostnaður verði greiddur af þeim verkefnum sem af hlutverkinu hljóttast. Eins og sjá má þá gerir reglugerðin ráð fyrir að fastaframlag standi straum af þó nokkuð mörgum verkefnum, verkefnum sem ætla má að krefjist einhverrar fagkunnáttu til að leysa sem og samráðs við hagsmunaaðila. Ekki er fjallað um samráð í lögnum eða reglugerðinni en þar með er ekki sagt að samráð sé ekki möguleiki.

Tafla 4 sýnir aftur á móti sýn skýrsluhöfunda á helstu verkefni starfsgreinaráða. Taflan byggir á reglugerðinni en gerðar hafa verið smávægilegar áherslubreytingar, einkum hvað varðar gerð námsbrautarlýsinga, sem eru í samræmi við það sem fram kom í viðtölum við hagsmunaaðila. Í töflunni er einnig tiltekið hvaða samstarfsaðila æskilegt er að haft sé samráð við fyrir hvert verkefni fyrir sig. Eins og taflan sýnir þá þurfa starfsgreinaráðin að eiga í töluverðu samstarfi við aðra aðila til að geta sinnt hlutverki sínu vel. Telja má að aðkoma sérfræðinga í viðkomandi fagi, sem og sérfræðinga í námskrángerð, sé mikilvæg ef vel á að takast til með fyrstu þrjú hlutverkin. Starfsgreinaráðin þurfa að koma sér upp verklagi í kringum öll þessi samskipti sem krefjast bæði sameiginlegra funda og reglulegs upplýsingaflæðis milli samstarfsaðila. Fagráð skipa hér líka stórt hlutverk en gert er ráð fyrir að fulltrúar framhaldsskólanna sitji í þeim. Í þeim tilvikum þar sem fagráðum verður komið á fót þurfa starfsgreinaráðin að koma sér upp tengiliðum innan framhaldsskólanna. Lagt er til að leitast verði við að formgera með einhverjum hætti samstarf einstaka hagsmunaaðila eftir eðli verkefna, s.s. með gerð og með skipulagningu sameiginlegs fundar einstaka starfsgreinaráða og viðkomandi hagsmunaaðila árlega.

Hlutverk starfsgreinaráða samkvæmt reglugerð nr. 711/2009	Kostnaður
Skilgreina þarfir fyrir kunnáttu og hæfni sem námsbrautarlýsingar fyrir viðkomandi starfsgreinar byggjast á og eru hluti af aðalnámskrá	Samningur við ráðuneyti
Að gera tillögur um lokamarkmið starfsnáms í samræmi við ramma um hæfniviðmið viðkomandi lokaprófs, þ.e. lærdómsviðmið	Samningur við ráðuneyti
Gera tillögur að námsbrautarlýsingum til viðmiðunar fyrir framhaldsskóla	Fastaframlag
Setja viðmið fyrir skiptingu náms í skóla og náms á vinnustað	Fastaframlag
Gera tillögur um uppbyggingu og inntak lokaprófa í starfsnámi á sínu sviði	Fastaframlag
Veita umsögn um námsbrautarlýsingar starfsnáms	Fastaframlag
Vera ráðgefandi við mat á beiðni einkaskóla um viðurkenningu á starfrækslu starfsnámsbrauta	Fastaframlag
Halda skrá yfir fyrirtæki og vinnustaði sem uppfylla skilyrði til vinnustaðanáms	Samningur við ráðuneyti
Önnur verkefni sem ráðherra felur starfsgreinaráði hverju sinni	Fastaframlag/samningur

Tafla 3 – Hlutverk starfsgreinaráða

Ný sýn á hlutverk starfsgreinaráða	Samstarfsaðilar	Kostnaður
Gera tillögur um almenn markmið náms og skilgreina þarfir fyrir kunnáttu og hæfni sem námsbrautarlýsingar byggjast á og gera tillögur um lokamarkmið náms	Fagráð Sérfræðingar Framhaldsskólar Menntamálaráðuneyti	Samningur við ráðuneyti (sérfræðivinna)
Setja viðmið fyrir skiptingu náms í skóla- og vinnustaðanáms	Fagráð Sérfræðingar Framhaldsskólar Menntamálaráðuneyti	Samningur við ráðuneyti (sérfræðivinna)
Gera tillögu um uppbyggingu og inntak prófa	Fagráð Sérfræðingar Framhaldsskólar	Samningur við ráðuneyti (sérfræðivinna)
Samvinna við framhaldsskóla um gerð námsbrautarlýsinga	Framhaldsskólar Fagráð	Fastaframlag
Halda skrá yfir fyrirtæki og vinnustaði sem uppfylla skilyrði og gera úttekt á þeim	Atvinnulíf Framhaldsskólar	Samningur við ráðuneyti
Umsögn til ráðherra um námsbrautarlýsingar starfsnáms framhaldsskóla	Fagráð	Fastaframlag
Gera tillögur að námsbrautarlýsingum fyrir einstakar námsbrautir sem framhaldsskólar geta haft til viðmiðunar	Fagráð	Fastaframlag
Önnur erindi frá menntamálaráðuneyti til umsagnar	Fagráð	Fastaframlag

Tafla 4 – Hlutverk starfsgreinaráða og samstarfsaðilar



## Hlutverkaflétta starfsgreinaráða

Af framansögðu er ljóst að starfsgreinaráð þurfa að hafa samskipti og samráð við fjölda aðila ef þau eiga að geta sinnt öllum hlutverkum sínum af kostgæfni. Til að átta sig betur á hverjir þessir aðilar eru og hvaða hlutverki þeir gegna var sett upp svokölluð hlutverkaflétta fyrir starfsgreinaráð. Ábyrgðar- og hlutverkaskipting sýnir ábyrgðardreifingu og samskiptalínur fyrir starfsgreinaráðin. Fyrir hvern verkþátt þarf að skilgreina einn ábyrgðaraðila og a.m.k. einn framkvæmdaáðila líkt og gert hefur verið í töflu 5 hér að neðan. Skammstafanir í töflu þýða eftirfarandi: Á= Ábyrgð; F= Framkvæmd; U= Fær upplýsingar. Þar sem reitur er auður eru engin samskipti til staðar fyrir viðkomandi verkefni.

Eins og hlutverkafléttan sýnir þá ber ráðuneytið ábyrgð á flestum verkþáttum enda er hlutverk þess að hafa eftirlit með því að ákvæði laga séu uppfyllt. Formenn starfsgreinaráða bera ábyrgð á þáttum sem snúa að hinni daglegu starfsemi starfsgreinaráðanna en geta falið framkvæmd hennar starfsmanni sínum þar sem hann er til staðar. Formenn eru ásamt öðrum fulltrúum í ráðunum framkvæmdaraðili gagnvart þeim verkefnum sem tilgreint er í lögum að þeir eigi að sinna og mikilvægt er að þeir miðli upplýsingum um framgang þess starfs, til samstarfsaðila sinna, þ.e. framhaldsskóla, skólameistara þeirra sem og til starfsmanna skóla. Framhaldsskólinn er framkvæmdaraðili varðandi gerð námsbrautarlýsinga og mikilvægt að hann miðli upplýsingum um það starf til starfsgreinaráða og skólameistara. Upplýsingaflæði felur oft í sér gagnkvæmt samstarf en slíkt samstarf, t.d. varðandi gerð námsbrautarlýsinga, getur auðveldað ferlið og komið í veg fyrir að mikil vinna fari í súginn ef námsbrautarlýsingin fæst ekki samþykkt á lokastigum ferilsins. Tafla 5 sýnir stöðuna miðað við núgildandi lög. Hlutverkafléttan getur nýst starfsgreinaráðum í vinnu við skilgreiningu á hlutverki og verkefnum en einnig gætu þau gert slíka greiningu sjálf.

Aðilar Verkefni	Mennta- og menningar- mála- ráðuneyti	Mennta- og menningar- mála- ráðherra	Fulltrúar í starfsgr.ráðum	Formenn starfsgr.ráða	Starfsmenn starfsgr.ráða	Framhalds- skólar	Skóla- meistarar
Gerð námsbrautarlýsinga	Á		U	U	U	F	U
Gerð fyrirtækjaskrár vegna vinnustaðanáms	Á		F	F	F	U	U
Úttekt vinnustaða	Á		U	U	F	U	
Reglulegir fundir			F	Á	F		
Fundargerðir				Á	F		
Ársskýrslur	U		Á	Á	F	U	
Skilgreina þarfir fyrir kunnáttu, leikni og hæfni	Á		F	F	U	U	
Tillaga um lokamarkmið starfsnáms í samræmi við viðmiðaramma	Á		F	F	U	U	U
Tillögur að námsbrautarlýsingum	Á		U	U	U	F	U
Viðmið fyrir skiptingu náms í skóla og vinnustaðanám	Á		F	F	U	U	U
Tillaga um uppbyggingu og inntak lokaprófa	Á		F	F	U	U	U
Umsagnir um námsbrautarlýsingar	Á		F	F	U	U	U
Vera ráðgefandi fyrir ráðherra	Á		F	F	U		U
Staðfesting námsbrautarlýsinga	Á	F	U	U	U	U	U
Seta í starfsgreinanevnd	Á		U	F	U	U	

Tafla 5 – Hlutverkaflétta starfsgreinaráð

## Samskiptaáætlun

Eins og kemur fram í hlutverkafléttunni þá kallar starf starfsgreinaráða á margvísleg samskipti. Til að auðvelda slík samskipti er upplagt að gera samskiptaáætlun fyrir eitt ár í senn. Gerð samskiptaáætlunar í upphafi verkefnistímabils getur komið í veg fyrir mögulega samskipta- og/eða upplýsingaörðugleika milli fulltrúa í hverju starfsgreinaráði. Gott er að aðilar sammælist um hvernig samskiptum verði háttað og á hvaða formi æskilegt sé að þau verði. Fundir eru ein leið samskipta og einnig má nefna tölvupóstsamskipti og símtöl. Einnig gæti verið hentugt að geyma möppur fyrir ráðsmenn sem innihalda öll gögn á fundarstað til að auðvelda þeim utanumhald um gögn ráðsins. Eins má nýta sér ýmis tölvuforrit s.s. Sharepoint sem gerir mörgum aðilum kleift að hafa rafrænan aðgang að gögnum á einum stað.

Til að tryggja virkt samstarf og gagnkvæmt upplýsingaflæði milli starfsgreinaráða og mennta- og menningarmálaráðuneytis þarf að setja fram áætlun um hversu oft tengiliður ráðuneytis fundar með starfsgreinaráði, hvenær, og hver ber ábyrgð á fundarboðun og fundarritun. Boða ætti starfsmann starfsgreinaráðs á slíka fundi þar sem það á við. Starfsgreinaráðum þarf að vera ljóst hver tengiliður þess er innan ráðuneytis og hvert hans hlutverk er í að viðhalda samskiptum og miðla upplýsingum.

Til að tryggja samstarf og upplýsingaflæði milli starfsgreinaráða og framhaldsskóla þarf að sama skapi að setja fram áætlun um hversu oft á að funda, hvenær, hverjir og hver ber ábyrgð á fundarboðun og fundarritun. Ef fagáð starfa á vegum ráðsins þarf að gera sambærilega samskiptaáætlun fyrir það.

## Tillaga um fjárráð starfsgreinaráða

Fram kom hjá fjölmörgum viðmælendum að núverandi fastaframlag væri ekki nógu hátt til að standa straum af grunnstarfsemi, s.s. fundarhaldi, afgreiðslu erinda, ritun umsagna og samráðs við hagsmunaaðila. Nauðsynlegt er að tryggja öllum starfsgreinaráðum tækifæri til að rækja hlutverk sitt og jafna aðstöðu milli þeirra sem hafa bakland í fræðslumiðstöðum og þeirra sem hafa takmarkaðri stuðning hagsmunaaðila. Fastaframlag þarf að taka mið af þeirri vinnu sem ætlast er til að starfsgreinaráðin sinni sjálf, sem og umsjón með verkefnum sem ráðgert er að sérstaklega verði greitt fyrir, s.s. þarfagreiningu fyrir kunnáttu, leikni og hæfni, gerð lokamarkmiða og gerð og uppfærslu fyrirtækjaskráa. Ráðuneyti þarf að skilgreina

viðmið um greiðslur vegna þessa verkefna og gera stöðluð samningsdrög sem kveða á um verklag við framkvæmd verkefnis og hvers konar sérfræðiþekkingar er þörf til að framkvæma þau. Þannig ættu formenn og/eða aðrir ráðsmenn ekki að sinna sérverkefnum nema þeir hafi tilhlýðilega kunnáttu og fyrir liggi samþykkt stjórnar um ráðningu þeirra til verksins. Í töflu 6 eru sett fram tillaga að upphæð fastaframlags fyrir starfsgreinaráð og tilgreint í hvaða verkþætti fjármagnið fer.

Fastaframlag Starfsgreinaráðs							
Framlag í fjárlögum	11.000.000,000					Kostnaður samtals	
<b>Starfsmannakostnaður</b>							
<i>Utánumhald með fundum</i>	Kostnaður á dag	30.000,00	í	12	daga	360.000,000	
<i>Sérfræðiþjónusta</i>	Kostnaður á dag	30.000,00	í	12	daga	360.000,000	
<b>Fundakostnaður</b>							
<i>Veitingar</i>	Kostnaður á ári	100.000,00	á		ári	100.000,000	
<i>Ljósritun/póstburðargjöld</i>	Kostnaður á ári	50.000,00	á		ári	50.000,000	
<i>Umsýsluálag</i>	25%	180.000,00	á		ári	180.000,000	
<b>Heildarkostnaður</b>						1.050.000,000	
Starfsgreinaráð	Heildarkostnaður á ári	1.050.000,00	á	12	ári	12.600.000,000	
<b>Kostnaður miðað við fjárlög</b>						<b>-1.600.000,000</b>	

Tafla 6 – Fastaframlag starfsgreinaráðs

Til viðmiðunar við kostnaðarútreikning var horft til þess fjármagns sem ráðuneyti hefur greitt til starfseminnar umliðin ár, bæði sem fastaframlag og í laun fulltrúa ráðuneytis í fyrri starfsgreinaráðum, samtals að upphæð 11 milljónir á ári.

Við útreikning á nýrri upphæð fastaframlags voru áætlaðir 12 dagar fyrir starfsmann til að sinna annars vegar verkefnum tengdum fundarhaldi og hins vegar verkefnum tengdum afgreiðslu erinda og gerð umsagna. Þetta gera samtals 24 dagar á ári. Hver dagur er reiknaður sem 7,5 klukkustund sem hver kostar 4000 kr. Gert er ráð fyrir fundakostnaði sem skiptist annars vegar í veitingar vegna funda og hins vegar í ljósritun og pósthurðargjöld. Að lokum er reiknað umsýsluálag sem er 25% af starfsmannakostnaði. Kostnaður ráðuneytis vegna fastaframlags starfsgreinaráðs á ári er þannig áætlaður rúm ein milljón króna. Samtals áætlaður kostnaður ráðuneytis vegna starfsemi 12 starfsgreinaráða er þannig 12.6 milljónir króna.

## Verklag nýrra starfsgreinaráða

Niðurstöður viðtala og greining ársskýrslna sýna fram á mikilvægi þess að nýjum starfsgreinaráðum verði settar skýrar verklagsreglur um framkvæmd starfseminnar. Eftirfarandi drög að verklagsreglum taka mið af verklagsreglum sem menntamálaráðuneytið setti fram og kynnti í byrjun árs 2007. Lagt er til að verklagsreglurnar fylgi með í viðauka rammisamnings um daglega starfsemi.

Gerð er ráð fyrir því að hvert starfsgreinaráð móti sitt eigið vinnulag, og setji sér nánari verklagsreglur. Eftirfarandi er mikilvægt að hafa í heiðri:

- ❖ Ráðið skiptir með sér verkum og velur formann, varaformann, ritara og gjaldkera
- ❖ Tilkynnir tengilið í ráðuneyti um skipan ráðs sem og heimilis- og netföng ráðsmanna, eins ef einhverjar breytingar verða
- ❖ Ef fulltrúi biðst lausnar skal tilkynna það bréflaga til ráðuneytis og tilnefningaraðila og skipa staðgengil
- ❖ Tíðni funda. Fundir skulu haldnir reglulega, að lágmarki átta sinnum á ári
- ❖ Fundi reglulega með samstarfsaðilum. Þeir fundir fastsettir að hausti fyrir veturinn.
- ❖ Fastir fundartímar og fundarstaður ákveðnir fyrir ár í senn.
- ❖ Formaður boðar til funda með dagskrá og fundargögnum með viku fyrirvara
- ❖ Ritari skráir fundargerð og sendir fundarmönnum til samþykktar í síðasta lagi viku eftir fund sem og tengilið í ráðuneyti. Fundarmenn kvitta undir fundargerð á næsta fundi.
- ❖ Mælt er með að boða ætíð aðal- og varamenn á fundi. Ef þetta er ekki gert þarf að senda varamönnum fundargerðir, áætlanir og önnur gögn svo þeir geti fylgst með starfinu. Eins er æskilegt að þeir geti komið með tillögur og ábendingar
- ❖ Hafi reglulegt samráð við tengilið í ráðuneyti
- ❖ Komi sér upp tengilliðum í þeim framhaldsskólum sem kenna greinina þeirra
- ❖ Fagráð getur haft umsjón með samskiptum við framhaldsskóla og miðlað upplýsingum til starfsgreinaráðs
- ❖ Starfsgreinaráð með fleiri en eina faggrein setji á laggirnar fagráð. Í Fagráði sitji fulltrúar atvinnulífs og framhaldsskóla. Einn fulltrúi komi úr starfsgreinaráðinu
- ❖ Geri samning við ráðuneyti um sérverkefni
- ❖ Haldi ársfund þar sem allir hagsmunaaðilar ráðsins eru boðaðir, staða fagsins og menntunarinnar rædd og horft til framtíðar

❖ Ársskýrslu er skilað til menntamálaráðuneytis fyrir 15. febrúar ár hvert.

Í ársskýrslu skal eftirfarandi koma fram:

- Hverjir sitja í ráðinu
- Verkaskipting ráðs
- Tíðni funda – fundargerðir í viðauka
- Helstu verkefni á liðnu starfsári
- Niðurstaða afgreiðslu helstu erinda og/eða ályktana
- Helstu samstarfsaðilar og samráð við þá
- Upplýsingar um fagråd (ef starfandi), þ.e hverjir sitja og verkefni
- Ársreikningur – sundurliðaðir rekstrar- og efnahagsreikningar
- Lokaorð formanns – Verkefni næsta starfsárs og framtíðarsýn

### Mögulegir valkostir á fyrirkomulagi starfsemi starfsgreinaráða

Starfsgreinaráð gegna mikilvægu hlutverki við mótun og framkvæmd starfsnáms í landinu. Starfsgreinaráð eru líka vettvangur fyrir aðila atvinnulífs, samtök atvinnurekenda og launþega, til að hafa virka aðkomu að mótun og framkvæmd námsins. Eitt stærsta verkefni starfsgreinaráða í nánustu framtíð er að styðja við innleiðingu á nýjum viðmiðaramma um nám, gerð lærdómsviðmiða náms, og meta þarfir viðkomandi starfsgreina fyrir kunnáttu, leikni og hæfni, en þessi nálgun kallar á nýja hugsun í nálgun náms. Til að starfsgreinaráðin geti öll sinnt hlutverki sínu á skilvirkan hátt var í greiningu á viðfangsefninu horft sérstaklega til eftirfarandi þátta: Rekstrarfé (fastaframlag) til daglegrar starfsemi; samráð og samstarf við hagsmunaaðila, aðstaða til starfsemi; fræðsla og stuðningur og verklag.

Eftirfarandi þrjú valkostir eru settir fram fyrir mennta- og menningarráðuneytið til umhugsunar og frekari skoðunar. Allir kostirnir ná fram markmiðum um sambærilega aðstöðu og verklag, fræðslu og stuðning, aukna virkni, og skilvirkni í starfsemi starfsgreinaráða. Valkostirnir taka mið af niðurstöðum viðtala, samanburðar á lögum og reglugerðum og niðurstöðum greiningar á ársskýrslum og hagsmunaaðilum, svót greiningar, og áhættu-greiningar. Valkostirnir þrjú eru:

1. Óbreytt staða varðandi umsýslu en endurskoðað verklag og fjármögnun
2. Öll starfsgreinaráð gera þjónustusamning við lðuna fræðslusetur eða aðra þjónustustofnun
3. Sett verði á laggirnar þjónustustofnun sem heyrir undir mennta- og menningarmálaráðuneytið og öll starfsgreinaráð tilheyra

### Óbreytt staða fyrirkomulags umsýslu

Með óbreyttu utanumhaldi verður raunverulegur aðstöðumunur starfsgreinaráða enn til staðar og fer mögulega vaxandi, sér í lagi hjá þeim starfsgreinaráðum sem hafa ekki bakland í fræðslumiðstöðvum. Í töflu 7 má sjá kosti og galla þess að halda óbreyttu fyrirkomulagi umsýslu. Þess má geta að þó umsýsla verði óbreytt er samt talið nauðsynlegt að horfa til tillagna sem settar voru fram hér að framan um samstarf hagsmunaaðila og gerð samskiptaáætlunar, fjárreiður og verklag.

KOSTIR	GALLAR
Endurskoðað verklag sem ýtir undir meiri virkni og samræmingu í störfum ráða	Núverandi aðstöðumunur milli ráða líklegur til að aukast
Aukin fjárráð veita meira svigrúm til að sinna almennri starfsemi með markvissari og öflugri hætti	Ráð sem ekki eiga virkt bakland, eða sinna greinum sem ekki eru löggiltar, hafa ekki nauðsynlegan mannauð til að sinna hlutverki sínu og verkefnum (ástæðu að hluta til að finna í mönnun ráðanna)
Aukið gagnsæi í verklagi ráðuneytis	Ráðuneyti hefur ekki nægilega margt starfsfólk til að sinna hlutverki sínu gagnvart ráðunum
Samstarf við helstu hagsmunaaðila formgert, s.s. með gerð samskiptaáætlunar	

Tafla 7 – Óbreytt staða umsýslu

### ***Þjónustusamningur við ákveðna þjónustuaðila***

Með því að tryggja öllum starfsgreinaráðum bakland hjá tilteknum þjónustuaðila má gera ráð fyrir að starfsemi þeirra verði markvissari auk þess sem það auðveldar samráð og upplýsingaflæði á milli ráða að einhverju marki. Í töflu 8 má sjá kosti og galla þess að starfsgreinaráðin hafi öll bakland hjá tilteknum aðila að eigin vali.

<b>KOSTIR</b>	<b>GALLAR</b>
Tryggir jafnræði milli ráða og eyðir núverandi aðstöðumun, s.s. varðandi fundaaðstöðu, og aðgengi að sérfræðiþjónustu	Mögulegir þjónustuaðilar, s.s. lðan fræðslusetur, eru í eigu tiltekinna hagsmunaaðila
Auðveldar samráð milli <u>sumra</u> starfsgreinaráða, t.d. varðandi erindi og önnur sameiginleg verkefni, sem og samstarf milli ólíkra starfsgreina	Ekki tryggt að öll starfsgreinaráð felli sig við mögulega þjónustuaðila sökum mögulegra hagsmunaárekstra
Mögulegt aðgengi að sérfræðingum sem geta sinnt verkefnum sem falla utan rammisamnings um almenna starfsemi ráða	Ut anumhald ennþá í höndum fleiri en eins aðila sem gerir samræmingu verklags erfiðari
Umsýsla með öðrum verkefnum sem tengjast starfsemi viðkomandi starfsgreina, s.s. sveinspróf, og námssamningar	Lítill starfsgreinaráð geta týnst því verkefni stóru ráðanna eru fyrirferðarmeiri
Eykur gæði í starfsemi	Starfsmenn ráða eru í sumum tilvikum einnig starfsmenn fræðslumiðstöðva einstakra starfsgreina sem skapar ákveðið ójafnvægi þar sem hagsmunaaðilar greiða meira með sumum ráðum en öðrum

**Tafla 8 - Þjónustusamningar**

### ***Þjónustustofnun***

Stofnun nýrrar þjónustustofnunar sem heyrði beint undir mennta- og menningarmála-ráðuneyti myndi að öllum líkindum leysa þann aðstöðumun sem starfsgreinaráðin glíma við í dag auk þess gera starf þeirra skilvirkara og hagkvæmara. Flutningur umsýslu með starfsgreinaráðum á einn stað auðveldar ráðuneyti samskipti við ráðin, sem og miðlun upplýsinga og eftirlit með starfsemi þeirra. Tafla 9 dregur fram helstu kosti og galla þess að setja á laggirnar slíka þjónustustofnun.




KOSTIR	GALLAR
Hagræði fyrir ráðuneyti að eiga samskipti við einn þjónustuaðila (einn rammasamningur um þjónustu við öll starfsgreinaráð)	Óvíst að hagsmunaaðilar taki því vel að slík þjónustustofnun sé stofnuð
Möguleg samlegðaráhrif með öðrum undirstofnunum ráðuneytis, s.s. Námsmatsstofnun	Tekur tíma að móta skipulag stofnunar og ráða hæft starfsfólk
Tryggir jafnræði milli ráða og eyðir núverandi aðstöðumun, s.s. varðandi fundaaðstöðu, og aðgengi að sérfræðiþjónustu	Tekur tíma að þjálfa nýtt starfsfólk
Auðveldar samráð milli <u>allra</u> starfsgreinaráða, t.d. varðandi erindi og önnur sameiginleg verkefni, sem og samstarf milli ólíkra starfsgreina	Lítill starfsgreinaráð geta týnst því verkefni stóru ráðanna eru fyrirferðarmeiri
Auðveldar samráð við aðra hagsmunaaðila, framhaldsskólann, samtök atvinnurekenda og launþega	Núverandi góð tengsl við bakland í fræðslumiðstöðvum einstakra starfsgreina geta rofnað
Aukið aðgengi að sérfræðingum sem geta sinnt verkefnum sem falla utan rammasamnings um almenna starfsemi ráða	Virk tengsl við hagsmunaaðila ekki til staðar – stofnun gæti einangrast
Umsýsla með öðrum verkefnum sem tengjast starfsemi viðkomandi starfsgreina, s.s. sveinspróf, námssamningar	
Aukin skilvirkni starfsemi – þekking verður til á einum stað um málefni ráðanna	
Aukin gæði í starfi	
Fjárhagslegt hagræði líklegt	

Tafla 9 - Þjónustustofnun

Mynd 1 sýnir skipurit fyrir þjónustustofnun sem gæti þjónustað öll starfsgreinaráð. Þjónustustofnunin myndi heyra beint undir mennta- og menningarmálaráðuneytið og þjónusta jafnt starfsgreinaráð og framhaldsskóla. Þjónustustofnun sem þessi myndi hýsa starfsgreinaráðin líkt og lðan fræðslusetur og fleiri aðilar gera í dag og sjá um öll dagleg verkefni þeirra eins og þau eru skilgreind í lögum nr. 92/2008 og í reglugerð nr. 698/2009. Þessi leið er að mati margra viðmælenda okkar eina lausnin til að jafna núverandi aðstæður starfsgreinaráða, tryggja virkni þeirra allra og auðvelda samræmingu í störfum. Skoða ber vel hvort hugmynd sem þessi er raunhæf og hvort vilji er til hjá stærri starfsgreinaráðunum að flytja starfsemi sína til miðlægrar stofnunar. Einnig þarf að meta hvort einhver þekking tapast við breytingu sem þessa, sem og hvort sú tenging sem starfsgreinaráðin hafa nú við sitt

bakland, s.s. fræðslumiðstöðvar þar sem þær eru til staðar, og atvinnulífið verði eitthvað síðri fyrir vikið.



**Mynd 1 – Þjónustustofnun fyrir starfsgreinaráð og framhaldsskóla**

Í mynd 1 er sérstaklega dregið fram samstarf og samráð vegna vinnu við gerð námsbrautarlýsinga en þjónustustofnun sem þessi myndi einnig geta sinnt sértækari verkefnum starfsgreinaráða sem gert er ráð fyrir að greitt verði sérstaklega fyrir, s.s. gerð viðmiðaramma um nám (lærdómsviðmið og lokamarkmið). Auk þess mætti sjá fyrir sér að í þessari þjónustustofnun væri einnig þjónusta við framhaldsskólann almennt varðandi gerð námsbrautarlýsinga á bóknámsbrautum þar sem innleiðing nýrrar hugsunar og vinna við gerð viðmiðaramma um nám þar sem skilgreind eru lærdómsviðmið og lokamarkmið náms á jafnt við um bóknáms- og starfsnámsbrautir. Lagt er til að stofnunin heyri beint undir ráðuneytið en starfi í nánu samstarfi við og/eða í sama umhverfi og Námsmatsstofnun eða væri jafnvel

undirstofnun hennar þannig að hægt væri að samnýta þá sérfræðinga sem þar starfa, s.s. í tengslum við gæðaeftirlit.

### Niðurstaða – mat á valkostum

Við mat á valkostum var einkum horft til hlutverks starfsgreinaráða og væntinga hagsmunaaðila um framkvæmd hlutverks og verkefna þeirra og raunhæfa möguleika á aukinni skilvirkni. Hver valkostur felur í sér mismunandi áhrif á rekstur starfsgreinaráða, virkni og möguleg tækifæri til aukinnar skilvirkni. Til þess að starfsgreinaráð geti uppfyllt hlutverk sín eins og þau eru skilgreind í lögum nr. 92/2008 og útfærð í reglugerð um starfsgreinaráð 711/2009, og til að nauðsynleg skilvirkni náist fram í framkvæmd, þarf að tryggja að þeim sé sköpuð sú aðstaða og það fjármagn sem nauðsynlegt er. Sömuleiðis þarf að tryggja að fulltrúar í ráðunum fái nauðsynlega fræðslu og stuðning við vinnu við verkefni sem kalla á sértæka þekkingu, s.s. í tengslum við skilgreiningu á þörfum hæfni og við mótun lærdómsviðmiða í samræmi við kröfur nýs viðmiðaramma um náms. Við mat á valkostum var fyrst og fremst horft til nauðsynlegra breytinga til að tryggja sams konar aðstöðu fyrir öll starfsgreinaráð en minna horft til kostnaðar og mögulegrar fjárhagslegrar hagræðingar. Ekki er gerð tilraun til að meta hvaða valkostur er fýsilegastur enda krefst það mun ítarlegri greiningar, s.s. mats á vægi einstakra þátta, sem þessi greining tók ekki til.

### Starfsgreinanevnd

Hér er sett fram tillaga um skipulag starfsemi starfsgreinanevndar. Byrjað er á því að gera grein fyrir áhættugreiningu fyrir starfsgreinanevnd líkt og gert var fyrir starfsgreinaráð. Síðan er sett fram tillaga að skipulagi og drög að skipuriti starfsgreinanevndar.

### Áhættugreining

Framkvæmd var áhættugreining fyrir starfsgreinanevnd. Eins og fram kemur í töflu 10 þá eru margir þættir sem huga þarf að en huga þarf sérstaklega að öllum þáttum sem hafa áhættutölu hærrí en tíu og ákveða hvernig bregðast þarf við þeim.<sup>12</sup>

---

<sup>12</sup> Fangel, 2008:165

Áhættuþáttur	Afleiðingar (1-5)	Líkur (1-5)	Áhættutala (A*L)	Aðgerð
Hlutverk starfsgreina- nefndar ekki nógu skýrt í hugum fulltrúa nefndar	5	3	15	Fræða þarf þátttakendur um hlutverk nefndar og þeirra eigin hlutverk sem nefndarmanna. Hlutverk verði útfært í sérstakri reglugerð
Hlutverk starfs- greinanefndar ekki nógu skýrt í hugum helstu hagsmunaaðila	5	3	15	Útfæra þarf tvíþætt hlutverk starfs- greinanefndar í sérstakri reglugerð
Formaður veldur ekki hlutverki sínu	5	2	10	Vanda þarf val á formanni
Ólík sjónarmið innan starfsgreinanefndar hamla störfum hennar	5	3	15	Setja á laggirnar framkvæmdaráð sem í sitja formaður og 4 fulltrúar starfs- greinaráða, og skipta nefndinni upp í smærri hópa eftir gerð starfsgreinaráða sem eru fulltrúar fyrir / og eða eftir mismunandi stefnumótunarverkefnum?
Verklag starfsgreina- nefndar er illa skilgreint	4	3	12	Setja þarf nefndinni skýrar verklagsreglur
Áhuga skortir meðal fulltrúa í starfsgreinanefnd til að sinna verkefnum vel	4	2	8	Gott skipulag á starfsemi nefndar og skýr sýn á tilgang, markmið og hlutverk, sem og góð samskipti við ráðuneyti og hröð afgreiðsla mála, auðveldar störf fulltrúa og eykur um leið áhuga þeirra.

**Tafla 10 – Áhættugreining starfsgreinanefndar**

Grunnforsendan fyrir góðu skipulagi og skilvirkri starfsemi er fólkíð sem tekur þátt í starfseminni. Þannig má segja að gott skipulag tryggi einungis ramma um starfsemi en ekki virkni og gæði í starfi. Til að skipulag virki þarf að vera til staðar samstíga liðsheild. Ekki er síður mikilvægt að starfið leiði öflugur leiðtogi með skýra sýn og hæfileika til að gefa hverjum þátttakanda tækifæri til að nýta sína eigin styrkleika. Nokkur grundvallaratriði sem hugsa þarf um við gerð skipulags fyrir nýja starfsgreinanefnd er hvernig verkaskiptingu verður háttáð, hvar vald og ábyrgð liggur, hvernig miðlun upplýsinga á sér stað, og hvernig staðið verður að eftirfylgni aðgerða og mati á árangri. Sömuleiðis er mikilvægt að stjórnendur menntamála og hagsmunaaðilar hafi sameiginlega sýn á það hvert hlutverk starfsgreinanefndar er og hvernig skipulag og starfsemi nefndarinnar eigi að vera. Þessir

aðilar þurfa að sammælast um hvert skuli stefna svo gæði og virkni starfseminnar verði sem mest.

### Tillaga að skipulagi


Mynd 2 sýnir tillögu að skipuriti fyrir nýja *starfsgreinaneftnd*. Starfsgreinaneftndinni er ætlað að sinna tvíþættu hlutverki; að samhæfa störf starfsgreinaráða og vera ráðgefandi í stefnumótun starfsnáms. Í nefndinni munu sitja 14 fulltrúar, þar af 12 formenn starfsgreinaráða. Ráðherra skipar síðan tvo fulltrúa. Annar þeirra mun gegna formennsku í nefndinni og hinn varaformennsku. Allir fulltrúar eru kosnir til fjögurra ára. Mikilvægt er að formaður tengist ekki neinum hagsmunaaðilum í starfsmenntun með beinum eða óbeinum hætti, sé til þess bær að sameina og sætta ólík sjónarmið þeirra, hafi góða innsýn í starfsnám á Íslandi og stefnumótun á sviði starfsmenntunar í Evrópu. Ráðlegt er að varaformaður komi úr röðum sérfræðinga mennta- og menningarmálaráðuneytisins og gegni jafnframt stöðu ritara nefndarinnar, annist fundarboðun og ritun fundargerðar. Lagt er til að starfsgreinaneftndin hittist allt að fjórum sinnum á ári, þó eigi sjaldnar en tvisvar. Fulltrúar eru sjálfir ábyrgir fyrir boðun varamanna ef þeir komast ekki á fundi nefndarinnar. Gerð er grein fyrir niðurstöðum og ákvörðunum nefndarinnar á næsta fundi hvers starfsgreinaráðs. Gert er ráð fyrir að hlutverk nefndarinnar verði nánar útfært í sérstakri reglugerð um starfsgreinaneftnd.

Í ljósi þess hversu fjölmenn starfsgreinaneftndin er og til að tryggja virkni hennar leggja skýrsluhöfundar til að sett verði á fót fimm manna *framkvæmdaráð*, skipað formanni starfsgreinaneftndar (sjálfskipaður) og fjórum formönnum starfsgreinaráða völdum af öðrum fulltrúum í nefndinni. Framkvæmdaráð hittist allt að sex sinnum á ári, þó eigi sjaldnar en fjórum sinnum. Kosið er í framkvæmdaráð til tveggja ára í senn. Hlutverk framkvæmdaráðs er að undirbúa fundi starfsgreinaneftndar, vinna úr niðurstöðum funda, skilgreina og afmarka verkefni hennar og starfshópa sem starfa á hennar vegum. Tilgangur og hlutverk framkvæmdaráðs verði nánar skilgreint í reglugerð um starfsgreinaneftnd.

Stefnumörkun á sviði starfsmenntunar er viðamikil verkefni og net hagsmunaaðila stórt og flókið. Í því ljósi þykir ráðlegt að settar verði á fót *starfshópar* sem sinni afmörkuðum stefnumótandi verkefnum. Ráðuneyti gerir tillögu um starfshópa og vinnur að afmörkun viðfangsefnis hvers starfshóps með framkvæmdaráði starfsgreinaneftndar sem jafnframt velur fulltrúa úr starfsgreinaneftnd til þátttöku í hverjum starfshópi, tilgreinir hversu marga til

viðbótar hagsmunaaðilar geta valið til setu í hverjum starfshópi, og setur tímamörk um framkvæmd hvers verkefnis. Tillögum starfshópa er skilað til umsagnar starfsgreinanevndar og þaðan til mennta- og menningarmálaráðherra. Dæmi um viðfangsefni starfshópa eru, efling ímyndar og kynning á starfsnámi, samþætting grunnnáms í starfsmenntun við fullorðinsfræðslu og stofnun vinnustaðanámssjóðs. Tilgangur og hlutverk starfshópa verði nánar skilgreint í reglugerð um starfsgreinanevnd.

### Skipurit starfsgreinanevndar



### Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Hlutverk mennta- og menningarmálaráðherra er ákvörðunartaka, eftirfylgni með framkvæmd laga og stefnumótun í menntamálum. Ráðherra fer með yfirstjórn framhaldsskóla og samkvæmt 6. gr. laganna ber hann m.a. ábyrgð á almennri stefnumótun, aðalnámsskrá, staðfestingu á námsskrám og námsbrautarlýsingum, eftirliti með stjórnýslu og

skólastarfi, stuðningi við þróunarstarf og þróun námsefnis og söfnun, úrvinnslu og miðlun upplýsinga um skólastarf.

Hlutverk mennta- og menningarmálaráðuneytis og sérfræðinga þess gagnvart starfsgreinaráðum og starfsgreinanevnd er sett fram hér að neðan:

### Hlutverk ráðuneytis

Starfsgreinaráð	Starfsgreinanevnd
Skipar starfsgreinaráð, að fengnum tilnefningum, til fjögurra ára í senn	Skipar tvo fulltrúa, formann og varaformann, til fjögurra ára í senn
Greiðir kostnað af sérfræðilegri vinnu skv. skilgreiningu í lögum	Greiðir fyrir setu fulltrúa skipaða án tilnefningar
Greiðir starfsgreinaráðum fastaframlag til almennrar starfsemi	Greiðir kostnað við störf nefndarinnar
Samráð við skipan í sveinsprófsnefndir	Annast utanumhald með starfsemi nefndar í samráði við formann
Gera rammisamning um almenna starfsemi og greiðslu árlegs fastaframlags	Skilgreina afmörkuð stefnumótandi verkefni fyrir nefnd og starfshópa hennar
Tryggja hverju ráði tengilið í ráðuneyti sem heldur utan um samskipti ráðs og ráðuneytis og sinnir gæðaeftirliti með starfseminni	Stuðlar að gagnkvæmum samskiptum og virku upplýsingaflæði um verkefni
Vinna erindi sem sendast til ráða og tengjast málefnum þeirra og starfsnámi	Vinna erindi sem sendast til nefnda og tengjast málefnum þeirra og starfsnámi
Kalla eftir og bregðast við ársskýrslu ráða	Sinnir gæðaeftirliti með starfi og verkefnum nefndar
Annast fræðslu um hlutverk og verklag starfsgreinaráða og ný viðfangsefni, s.s. viðmiðaramma um nám	

**Tafla 11 – Hlutverk ráðuneytis gagnvart starfsgreinaráðum og starfsgreinanevnd**

### Verklagsþættir

Hér að neðan eru tilgreindir nokkrir verklagsþættir sem mennta- og menningarmálaráðuneyti þarf að huga að og með nánari útfærslu gætu auðveldað því að sinna hlutverki sínu gagnvart starfsgreinaráðum og starfsgreinanevnd. Með bættu verklagi getur ráðuneytið stuðlað að aukinni skilvirkni og faglegru vinnubrögðum innan starfsgreinaráða og starfsgreinanevndar.

Lagt er til að ráðuneytið skoði vel verklagsþættina sem tilgreindir eru í töflu 12, setji þá í mikilvægisröð og hefji sem fyrst vinnu við nánari útfærslu á einstaka þáttum sem þarfnast góðs verklags.

Starfsgreinaráð	Starfsgreinanevnd
Endurskoða skipulag utanumhalds með starfsgreinaráðum og skiptingu verkefna milli sérfræðinga ráðuneytis sem starfa í mismunandi deildum (framhaldsskóladeild og stefnumótunardeild)	Skilgreina skipulag utanumhalds með starfsgreinanevnd
Tilgreina einn aðila sem ber ábyrgð á eftirliti með framkvæmd allra starfsgreinaráða	Tilgreina einn aðila til að annast stuðning við starfsemi nefndar
Skilgreina hlutverk tengiliðs gagnvart ráði	Skilgreina hlutverk tengiliðs gagnvart nefnd
Skilgreina tímamagn tengiliðs vegna umsýslu með ráði	Skilgreina tímamagn ábyrgðaraðila vegna vinnu fyrir nefnd
Skilgreina tímamörk um svörun erinda frá ráðum	Skilgreina tímamörk um svörun erinda frá nefnd
Setja upp skipulag fyrir samráðsfundi með ráðum	Skrifa reglugerð um starfsgreinanevnd
Skilgreina hver ráðgjöf og leiðsögn ráðuneytis er gagnvart ráðum, s.s. varðandi fræðslu um viðmiðaramma	Útbúa leiðbeinandi handbók fyrir fulltrúa í nefnd um hlutverk og vinnulag
Setja fram samskiptaáætlun við ráð til að tryggja virkt samstarf og gagnkvæmt upplýsingaflæði	Útbúa verklagsreglur fyrir starfsemi nefndar
Búa til staðlað form fyrir yfirferð ársskýrslna og skilyrði fyrir greiðslu fastaframlags	Skilgreina þörf fyrir fræðslu til handa fulltrúum
Svara erindum frá ráðum innan skilgreindra tímamarka	
Endurskoða staðlað form fyrir rammamarkmið og sértæka verkefninga	
Skilgreina eðli, umfang og greiðslu vegna verkefna sem tilgreint er í lögum að ráðuneyti greiði sérstaklega fyrir	
Móta skýrar verklagsreglur fyrir ráð sem viðhengi við rammamarkmið	
Útbúa leiðbeinandi handbók fyrir ráð um uppsetningu ársskýrslu og ársreikninga	
Útbúa leiðbeinandi handbók fyrir ráð um boðun funda, fundarsköp og fundarritun	

**Tafla 12 – Verklagsþættir ráðuneytis**



## Lokaorð

Umhverfi starfsgreinaráða og starfsgreinanevndar er umfangsmikið og nokkuð flókið þar sem fjölmargir hagsmunaaðilar koma að starfsemi þeirra. Í þessari greiningu var leitast við að fá sem skýrasta mynd af heildarumfangi starfsemi starfsgreinaráða síðastliðin 12 ár m.a. með því að greina umhverfi þeirra og kortleggja hagsmunaaðila t.d. með tilliti til hlutverks og mikilvægis þeirra. Þær upplýsingar sem söfnuðust í greiningarferlinu voru síðan grunnur að þeim tillögum sem lagðar eru fram í þessari skýrslu. Einnig var horft til þess hvernig hægt sé að tryggja að starfsgreinanevnd verði öflugt bakland fyrir starfsgreinaráð og mikilvægur bakhjarl ráðuneytis við stefnumörkun í starfsmenntun.

Við lifum á óvissutímum og ljóst er að góðæristímar síðustu ára fóru að mestu framhá framhaldsskólum og sparnaður nú kemur því illa við þá. Það er mikilvægt að standa vörð um starfsnám og helst þarf að bæta í. Vinnumarkaðurinn þarf á menntuðu starfsfólki að halda og nemendur þurfa að hafa raunverulegt val á milli þess að fara í bóknám eða starfsnám. Starfsnám hefur lengi átt undir högg að sækja og það er margt í samfélaginu sem gerir það að verkum að erfitt er að breyta því. Þar má helst nefna viðhorf til starfsnáms, það nýtur ekki nægjanlegrar virðingar hjá foreldrum, nemendum og jafnvel atvinnulífinu sjálfu sem sést m.a. á því að starfsmenntun er ekki alltaf metin til launa. Ein leið til að breyta þessu er að fara í markvisst kynningarstarf bæði innan og utan skólakerfisins. Það er ekki auðvelt að breyta viðhorfum en kannski skapar kreppan ný tækifæri þar sem gildismat virðist hafa breyst og handverk og iðnum er gert hærra undir höfðu nú en oft áður.

Ný framhaldsskólalög sem leggja áherslu á að bóknám og starfsnám sé jafngilt og að nemendur geti útskrifast með stúdentspróf af öllum brautum eftir álíka langan námstíma er líka tækifæri sem vonandi kemur starfsnámi til góða. Með því að setja á laggirnar fagháskóla mætti enn frekar hefja starfsnám til virðingar þar sem nemendur sjá þá meira not fyrir starfsnám ef hugur þeirra stefnir á frekara nám. Ef það á að nýta mannauðinn sem best og draga úr brottfalli í framhaldsskólum þarf að bretta upp ermar og leggja fé í það verkefni að skapa öllum nám við hæfi. Það mun skila sér margfalt til baka er fram í sækir.

## Heimildaskrá

Fangel, M. (2008). *Proactive Project Management. How to make common sense common practice*. Denmark, Fangel Consultants Ltd.

Goodstein, Nolan og Pfeiffer. (1993). *Applied Strategic Planning*. New York, McGraw-Hill, Inc.

Menntamálaráðuneyti. (1994). *Nefnd um mótun menntastefnu*. Reykjavík, Ísland.

Lög um ársreikninga nr.3/2006

Lög um framhaldsskóla nr. 80/1996

Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008

Kerzner, H. K. (2006). *Project Management. A systems approach to planning, scheduling and controlling*. New Jersey, John Wiley & sons, Inc.

Reglugerð um starfsgreinaráð nr. 711/2009

Reglugerð um sveinspróf nr. 698/2009

Reglugerð um vinnustaðanám og starfsþjálfun á vinnustað nr. 697/2009

Starfsgreinaráð og starfsgreinanevnd. (2009). *Minnisblað sérfræðings í menntamálaráðuneyti frá 6. nóvember 2009*. Menntamálaráðuneytið.

## **Viðaukar**

## Spurningalisti fyrir formenn og starfsmenn starfsgreinaráða

### *Viðmælandi*

1. Hvert er starfssvið/hlutverk þitt hjá starfsgreinaráðinu?
2. Fulltrúi hvaða hagsmunaaðila ertu í starfsgreinaráðinu?
3. Hversu lengi hefur þú unnið með viðkomandi starfsgreinaráði?
4. Munt þú halda áfram að vinna með nýju starfsgreinaráði?

### *Staðan í dag (má sleppa en taka með hjá þeim sem lýsa framtíðarsýn)*

5. Hver er að þínu mati staðan í starfsmenntun á Íslandi í dag, hver eru helstu vandamálin/úrlausnarefnin?
6. Hvar og í hverju liggja tækifærin helst?

### *Starfsgreinaráðin*

7. Hvert er að þínu mati mikilvægasta hlutverk starfsgreinaráða? (nefnið 3-5 atriði)
8. Á að greiða fulltrúum starfsgreinaráða fyrir þátttöku sína í ráðunum og ef svo hver þá?
9. Hvað með fagråd, eru þau nauðsynleg og ef svo, hvert ætti hlutverk þeirra að vera?
10. Ætti að greiða fulltrúum fyrir þátttöku í fagráði og ef svo hver þá?
11. Hver er skoðun þín á verklagi starfsgreinaráða til dagsins í dag? (helstu kostir/gallar)
12. Hvar liggja helstu tækifærin við skipan nýrra starfsgreinaráða?
13. Hvernig verður aðkoma allra hagsmunaaðila, s.s. faggreinakennara, best tryggð að starfi ráðanna?
14. Hvert ætti hlutverk hagsmunaaðila, s.s. aðila vinnumarkaðar, skóla, kennara og menntamálaráðuneytis að vera gagnvart ráðunum?
15. Hvað með verklag ráðuneytis, er einhverra breytinga þörf frá því sem verið hefur?
16. Hver ætti fjárhagslegur rammi starfsgreinaráða að vera?
17. Hvaða verkefni ættu að falla undir þennan fjárhagslega ramma?

### *Samstarf starfsgreinaráða við helstu hagsmunaaðila*

18. Hver ætti verkaskiptingin á milli starfsgreinaráða og framhaldsskóla við gerð námsbrautarlýsinga að vera?
19. Hversu mikilvægt er að búa til kjarnaskóla fyrir ákveðnar starfsgreinar og hvernig ætti samstarfi þeirra við starfsgreinaráðin að vera háttað?
20. Hefur þú kynnt þér viðmiðaramma um nám sem ætlunin er að nota við gerð námsbrautarlýsinga?

**HlutverksStarfsgreinanevndar**

21. Hvert er mikilvægasta hlutverk nýrrar starfsgreinanevndar?
22. Hvernig verður best tryggt að allir hagsmunaaðilar taki þátt í vinnu starfsgreinanevndar?
23. Hvað með verklag nefndarinnar, hvernig verður því best háttað?

**Framtíðarsýn**

24. Hvar sérð þú starfsmenntun á Íslandi eftir 10 ár?

## Spurningalisti fyrir skólameistara

### Viðmælandi

#### Starfsgreinaráðin

1. Hvert er að þínu mati mikilvægasta hlutverk starfsgreinaráða? (nefnið 3-5 atriði)
2. Hvað með fagráð, eru þau nauðsynleg og ef svo, hvert ætti hlutverk þeirra að vera?
3. Hver er skoðun þín á verklagi starfsgreinaráða til dagsins í dag? (nefnið helstu kosti og helstu vankanta)?
4. Hvar liggja helstu tækifærin við skipan nýrra starfsgreinaráða?
5. Hvernig verður aðkoma einstakra skóla og faggreinakennara, best tryggð að starfi starfsgreinaráðanna?
6. Hvert er með hlutverk og mögulega verklag mennta- og menningarmálaráðuneytis gagnvart ráðunum og skólum varðandi gerð námsbrautarlýsinga?

#### Samstarf starfsgreinaráða við helstu hagsmunaaðila

7. Hvert á samstarfið á milli framhaldsskóla og starfsgreinaráða við gerð námsbrautalýsinga að vera?
8. Hversu mikilvægt er að búa til kjarnaskóla fyrir ákveðnar starfsgreinar og hvernig ætti samstarfi þeirra við starfsgreinaráðin að vera háttað?
9. Hefur þú kynnt þér viðmiðaramma um nám sem ætlunin er að nota við gerð námsbrautarlýsinga?
10. Nú á forræði framhaldsskólanna að tryggja hverjum nemanda pláss í vinnustaðþjálfun hvernig sérð þú framkvæmd þess verkefnið og samstarf við starfsgreinaráðin sem eiga að halda skrá um fyrirtækin í hverri starfsgrein?
11. Á að setja á laggirnar vinnustaðanámssjóð og hlúa að þróun vinnustaðanáms nú á krepputímum?
12. Hvernig sérðu fyrir þér umsýslu með starfsþjálfunarsamningum og eftirliti með vinnustaðanámi?

#### Annað

13. Hefur þú skoðun á því hvernig á að gera starfsnám meira aðlaðandi fyrir ungt fólk af báðum kynjum og ólíkum uppruna?
14. Á að skera ofan af lengstu starfsnámsbrautunum og skilgreina jafnframt framhaldsnám í starfsmenntaskóla?
15. Er nægilega hugað að þróun gæðamála í starfsmenntun?
16. Hver er að þínu mati staðan í starfsmenntun á Íslandi í dag, hver eru helstu vandamálin/úrlausnarefnin?
17. Hvar og í hverju liggja tækifærin helst?
18. Hvar sérð þú starfsmenntun á Íslandi eftir 10 ár?

## Samanburður á lögum og reglugerðum um framhaldsskóla frá 1996 og 2008

Viðauki 2

Lögin 1996 nr. 80/1996)	Greinargerð 1996	Lögin 2008 (nr. 92/2008)	Greinargerð 2008	Breyting	Reglugerð (nr. 711/2009)
<b>21. gr.</b> Í aðalnámskrá sem mennta- og menningarmálaráðherra setur skal kveðið á um uppbyggingu einstakra námsbrauta.		<b>23. gr.</b> Nýjung! Framhaldsskólar setja sér námsbrautarlýsingar og fá staðfestingu ráðherra. Sömuleiðis eru almenn fyrirmæli um uppbyggingu námsbrauta.	Í stað þess að ráðuneyti gefi út námsbrautarlýsingar fær ráðherra heimild til að gefa út námsbr.lýs sem skólar geta haft til viðmiðunar. Gert er ráð fyrir að skólar semji eigin námsbr.lýs og fái þær staðfestar af ráðherra. Skólar eiga að sýna frumkvæði og sjálfstæði við mótun náms og framkvæmd kennslu.	<b>Gerð námsbrautalýsinga flyst til skólanna</b> Staðfestingarvaldið er hjá ráðherra.	
<b>24. gr.</b> Ráðherra kveður á um samræmingu sveinsprófa með reglugerð (Rg. 525/2000) að fenginni umsógn viðkomandi starfsgreinaráðs.	<i>Skv. reglugerð gerir starfsgreinaráð tillögur um skipan tveggja af fjórum nefndarmönnum sveinsprófsnefnda (nr. 278/1997, 8. gr.)</i>	<b>30. gr.</b> Ráðherra setur reglugerð um uppbyggingu og framkvæmd sveinsprófa með reglugerð (Rg. 698/2009).		Starfsgreinaráð gefur tillögur um fulltrúa í sveinsprófsnefndir	Í 5. gr. reglugerðar nr.698/2009 kemur fram að menntamálaráðherra skipar sveinsprófsnefndir fyrir allt landið og að þóknun þeirra greiðist úr ríkissjóði skv. ákvörðun ráðherra.
<b>25. gr.</b> Skilgreining og hlutverk starfsnáms á framhaldsskólastigi	Náminu er ætlað að taka mið að kröfum atvinnulífs um fagmenntun, sem og stuðla að almennri menntun og jákvæðu viðhorfi til starfsmenntunar. Áhersla er á að námið sé skipulagt sem heild og nám í skóla og á vinnustað fari fram kerfisbundið á víxl	Engin sérgrein um starfsnám í nýjum lögum. <b>25. gr. samsvarar 29. gr. í gömlu</b>			
		<b>26. gr. Fagráð – Nýmæli</b> St.ráð geta stofnað fagráð	Hvert starfsgreinaráð nær yfir mörg fög því er veitt heilmild til að	Stofnun fagráða eru nýmæli í lögum um	

		fyrir hverja starfsgrein. Mótar verkreglur þeirra. Veita ráðgjöf um nýjungar og þróun starfsgreina, tillögur um þróunarverkefni.	stofna fagráð fyrir hverja starfsgrein.	framhaldsskóla	
<p><b>26. gr. Samstarfsnefnd um starfsnám</b> skipuð af ráðherra, skipuð 18 fulltrúum. Nefndinni er ætlað að vera mennta- og menningarmálaráðherra til ráðuneytis í stefnumótandi ákvörðunum um starfsnám þannig að áherslur í náminu séu í samhengi við atvinnuþróun í landinu á hverjum tíma.</p>	<p>Nefndinni er ætlað að vera stefnumótandi og með skipan hennar er horfið frá því að binda ráðgjöf til ráðherra við einstaka atvinnuvegi eða starfsgreinasvið.</p> <p>Nefndinni er þannig ætlað að leysa af hólmi iðnfræðsluráð, fræðsluráð sjávarútvegs og fræðsluráð ferðamála sem hafa starfað skv. Lögum nr. 58/1988.</p> <p>Við val á fulltrúunum 18 skal horft til þess að tryggja sem jöfnust hlutföll fulltrúa; hins opinbera, samtaka atvinnurekenda og samtaka launþega. Söguleiðis skal leitast við að fulltrúarnir komi frá sem flestum atvinnugreinum. Með nýju stjórnkerfi starfsmenntunar er þannig lögð áhersla á sameiginlega ábyrgð aðila atvinnulífs og hins</p>	<p><b>27. gr.</b> Formenn starfsgreinaráða skipa <b>sérstaka Starfsgreinanefnd</b>, ásamt varaformanni og formanni sem eru skipaðir án tilnefningar.</p> <p><b>Hlutverk (sjá 28.gr. í lögum frá 1996)</b> Vera ráðherra til ráðgjafar um stefnumótun í starfsnámi og framkvæmd þess, vera vettvangur samráðs og samræmingar milli starfsgreinaráða og veita álit á skiptingu og flokkun starfsgreina milli st.ráða. St.ráð greiða kostnað sinna fulltrúa en mmr hinna tveggja.</p>	<p>Starfsgreinanefnd kemur í stað samstarfsnefndar. Mikil breyting því gert er ráð fyrir að formenn starfsgreinaráða skipi starfsgreinanefndina sem hefur það hlutverk að vera ráðherra til ráðgjafar um stefnumörkun og framboð starfsnáms. Þetta er gert til að tengja saman störf starfsgreinaráðanna með betri yfirsýn yfir stöðu og þróun starfsnáms í huga. Vonast er til að þetta verði virkari stýrihópur fyrir starfsnám en reyndin var með samstarfsnefndina.</p>	<p>Starfsgreinanefnd kemur í stað samstarfsnefndar. Mikil breyting með skipan og en verið er að tengja störf starfsgreinaráða betur saman til að ná betri yfirsýn yfir stöðu og þróun innan hvers ráðs og samræma vinnubrögð. Starfsgreinanefnd á einnig að vera ráðherra til ráðgjafar um stefnumörkun og framboð starfsnáms (sama og samstarfsnefndin). <i>Væntingar eru til þess að með þessu fyrirkomulagi verði til mun virkari stýrihópur fyrir starfsnám en reyndin hefur verið með samstarfsnefndina.</i></p> <p>Ekki er kveðið á um hvernig hlutfall</p>	<p>Í reglugerð um starfsgreinaráð er tilgreint í 2. gr. að formaður taki sæti í starfsgreinanefnd sbr. 29. Grein laganna.</p>



	opinbera á mótun starfsmenntastefnu. Tilnefningaraðilar eiga að greiða kostnað vegna setu fulltrúa sinna á fundum nefndarinnar.			hagsmunaaðila skuli vera í nefndinni, sbr. Ákvæði 26.gr laga frá 1996	
<b>27. gr.</b> Hlutverk Samstarfsnefndar: stuðla að tengslum skóla og atvinnulífs; til ráðuneytis um heildarstefnumörkun og setningu almennra reglna um skipan og framkvæmd starfsnáms; gerir tillögur um starfsgreinaflokkun, forgangsröðun verkefna í starfsnámi, til ráðuneytis um tilrauna- og þróunarverkefni. Nefndin setji sér starfsreglur.	Ætlast er til að nefndin sé vettvangur þar sem fjallað er um heildarstefnumörkun í málefnum starfsnáms á framhaldsskólastigi. Nefndinni er jafnframt ætlað að sýna frumkvæði í störfum og gera tillögur til umbóta þar sem hún telur þörf á. Verkefni nefndarinnar eru einnig talin upp í greinargerð	<i>Ekki sérstök grein í lögum um hlutverk starfsgreinanefndar annað en það sem tilgreint er í 26. Grein.</i>		Hlutverk samstarfsnefndarinnar	
<b>28. gr.</b> Ráðherra skipar starfsgreinaráð til 4 ára. Fulltrúar: SA, launþegar í starfsgrein (jafnt hlutfall skal tryggt) 1 fulltrúi mmr. (Rg. 475/2001). Mmr greiðir fyrir sinn fulltrúa og sérfræðilegri vinnu við námsráðgerð. SA og Samt. Launþega greiða fyrir sína fulltrúa. Hver starfsgrein á kost á fulltrúaaðild og þar sitja	Starfsgreinaráð koma í stað fræðslunefndar í núverandi stjórnkerfi löggiltra iðngreina. Meginbreyting er krafa um að tryggja sérhverri atvinnugrein sem nýtur fræðslu aðild að starfsgreinaráði en einnig er tilgreint að æskilegt sé að hver starfsgrein hafi auk þess sérstaka fagnefnd eða fræðsluhóp	<b>24. gr.</b> Skipan starfsgreinaráða. 5-9 fulltrúar, 2-4 frá SA, 2-4 frá launþegum, 1 sameiginlega frá FÍF og KÍ. Formaður og varaformaður skulu kosnir úr hópi aðalmanna. Tilnefningaraðilar greiða kostnað. Mmr greiðir kostnað af sérfræðivinnu við námskrágerð.	Fjöldi aðila í starfsgreinaráðum verði lögbundinn og fulltrúum fækkað úr 7 til 9, skv. gildandi reglugerð, í 5 í hverju ráði. Hugmyndin með þessu er að gera starfsemi starfsgreinaráðanna sveigjanlegri og skilvirkari. Fulltrúi Mmr dettur út og í stað hans kemur sameiginlegur fulltrúi kennara og skóla.	Ekki lengur fulltrúi Mmr í ráðunum en þess í stað kemur sameiginlegur fulltrúi kennara og skóla. Skilgreindur fjöldi fulltrúa.	Í 4. gr. segir að þeir sem tilnefndir eru sem fulltrúar í starfsgreinaráðum „séu einstaklingar sem hafa góða þekkingu á starfssviði viðkomandi starfsgreinaflokks, hafa reynslu af fræðslustarfsemi á því sviði og þekkja þá stefnu sem mótuð hefur verið um þróun starfsnáms er undir ráðið heyrir.“

<p>nánast einvörðungu fulltrúar aðila atvinnulífs. Fjöldi og stærð ráðanna fer eftir flokkun starfsgreina og því hversu margar greinar heyra undir ráðið.</p> <p>Gert er ráð fyrir að starfsgreinasamtök greiði kostnað af hefðbundnum nefndarstörfum fulltrúa sinna.</p>	<p>sem vinnur að menntamálum greinarinnar. Í fyrri lögum var lögbundin aðild að tillögugerð um skipan náms í starfsgrein einungis á sviði löggiltra iðngreina.</p> <p>Gert er ráð fyrir að starfsgreinasamtök greiði kostnað af hefðbundnum nefndarstörfum fulltrúa sinna. Ráðherra getur skipað tímabundið sérstaka starfshópa til að sinna verkefnum starfsgreinaráðs fyrir starfsgreinar sem ekki sýna það frumkvæði sem vænst er.</p> <p>Lögð er áhersla á að ráðuneyti veiti raðunum sérfræðilega þjónustu og aðstoð við að laga tillögur þeirra og hugmyndir að eðli skólastarfs og ráðuneytið kostar gerð námsskrár í sérgreinum og aðra hluta aðalnámskrár.</p>				<p>Sömuleiðis er vísað til fyriræla 15. Gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.</p> <p>Sbr. 5. gr. eru fulltrúar stærstu starfsgreinaráðanna 9 (en ekki 7 eins og lagt er til í lögum) og 5 í því minnsta.</p>
<p><b>29. gr.</b> St.ráð skilgreinir þarfir atvinnulífs fyrir hæfni í einstökum starfsgreinum og setur fram markmið starfsnáms, þ.e.</p>	<p>Ítrekað er hlutverk starfsgreinaráða að setja fram markmið starfsnáms (lokamarkmið náms) og tillögur um uppbyggingu starfsnáms.</p>	<p><b>25. gr.</b> Starfsgreinaráð eru ráðherra til ráðgjafar um starfsnám á framhaldsskólastigi. Hlutverk starfsgreinaráða: A. Tillögur um almenn</p>	<p>Lögð megináhersla á það hlutverk starfsgreinaráðanna að skilgreina þarfir fyrir kunnáttu og hæfni sem starfsnámið á að taka mið af. Dregið er úr öðrum verkefnum ráðanna í samræmi við breytt</p>	<p>St.ráð gera ekki lengur námsbrautarlýsingar heldur veita umsögn um námsbrautarlýsingar</p>	<p>Sbr. Reglugerð þá eru verkefni starfsgreinaráða: 1. Að skilgreina þarfir fyrir kunnáttu og hæfni sem námsbr.lýsingar fyrir viðkomandi starfsgreinar</p>

<p>skilgreinir hvaða kunnáttu og færni nemi þarf að hafa tileinkað sér við lok námsins (á einnig við um markmið almennra bóknámsgreina). Gerir tillögu um uppbyggingu starfsnáms og námsskrá sem og námsmat. Sem og skiptingu náms í skóla og vinnustað, reglum um vinnustaðanám, viðurkenningu á vinnustöðum og kennarakost skóla sem annast starfsnám, tækjakost á vinnustöðum og í skóla, sem og tillögur um stofnun nýrra námsbrauta og inntökuskilyrði í viðkomandi starfsnám. Skal hafa frumkvæði að tillögugerð um breytta skipan náms. St.gr.ráð gerir einnig tillögur til ráðherra um fyrirkomulag eftirlits með gæðum skólastarfs og vinnustaðanáms. Að fengnum tillögum starfsgreinaráðs gefur ráðherra út námsskrá í</p>	<p>Ráðum skal standa til boða sérfræðipjónusta af hálfu menntamálaráðuneytis fyrir vinnu við skilgreiningu markmiða einstakra námsþátta.</p>	<p>markmið náms og skilgreina þarfir fyrir kunnáttu og hæfni sem námsbrautarlýsingar byggjast á og gera tillögur um lokamarkmið náms. B. Setja viðmið fyrir skiptingu náms í skóla- og vinnustaðanám. C. Tillögu um uppbyggingu og inntak prófa D. Halda skrá yfir fyrirtæki og vinnustaði sem uppfylla skilyrði E. Gera tillögur að námsbrautarlýsingum fyrir einstakar námsbrautir sem frhsk geta haft til viðmiðunar F. Veita ráðherra umsögn um námsbrautarlýsingar starfsnáms frhsk sem leita staðfestingu ráðherra.</p> <p><i>Menntamálaráðuneytið greiðir kostnað af sérfræðilegri vinnu sem unnin er skv. a- og d-lið</i></p>	<p>fyrirkomulag við gerð námsbrautarlýsinga og skipulag náms.</p>	<p>skóla. Tillögur að námsbrautarlýsingum m st.ráða aðeins viðmið fyrir skólana. Í stað þess að gera tillögu um skiptingu náms í skóla og á vinnustað eiga starfsgreinaráðin núna að setja viðmið fyrir skiptingu. Gera ekki lengur tillögu um kennarakost skóla, um tilhögun námsmats og eftirlit með gæðum kennslu og námsefnis. Ráðuneytið greiðir sérstaklega fyrir sérfræðipjónustu vegna liða a) og d).</p> <p><b>Áhrif skólanna meiri og starfsgreinaráða minni hvað varðar gerð námsbrautarlýsinga.</b></p>	<p>byggjast á og eru hluti af aðalnámsskrá. 2. Að gera tillögur um lokamarkmið starfsnáms í samræmi við ramma um hæfniviðmið viðkomandi lokaprófs, þ.e. lærdómsviðmið. 3. að gera tillögur að námsbrautarlýsingum til viðmiðunar fyrir framhaldsskóla 4. að setja viðmið fyrir skiptingu náms í skóla og náms á vinnustað 5. að gera tillögur um uppbyggingu og inntak lokaprófa í starfsnámi á sínu sviði 6. að veita umsögn um námsbrautarlýsingar starfsnáms 7. að vera ráðgefandi við mat á beiðni einkaskóla um viðurkenningu á starfrækslu starfsnámsbrauta 8. að halda skrá yfir fyrirtæki og vinnustaði sem uppfylla skilyrði til vinnustaðanáms 9. önnur verkefni sem ráðherra felur starfsgreinaráði hverju sinni. <b>7. greinin</b> kveður á um</p>
--	--	---	---	---	--

sérgreinum starfsnáms sem hluta af aðalnámskrá og reglur um framkvæmd starfsnáms					verklag starfsgreinaráða og <b>8. grein</b> um kostnað og þjónustu við ráðin. Þar segir að Mmr greiði árlegt framlag til að standa straum af kostnaði við „almenna starfsemi starfsgreinaráðs,“...Mmr greiðir ennfremur „kostnað af sérfræðilegri vinnu skv. 6. Gr., eftir því sem við á, skv. sérstökum verksamningum
<b>30.gr.</b> Skólanefnd má skipa <i>ráðgjafanefndir með fulltrúum atvinnulífs í viðkomandi byggðarlagi</i> . Slíkar nefndir ættu að aðstoða skólamenn við að útfæra skólanámskrá í starfsnámi á grundvelli aðalnámskrár og eru á ábyrgð viðkomandi skóla sem ber kostnað af störfum þeirra nema aðilar semji um annað. Eiga að leita til starfsgreinaráða v/ tilnefninga en gert er ráð fyrir jöfnum hlutföllum fulltrúa launþega og atvinnurekenda	Ákvæðið ekki lögbundið. Ákveðin tengsl milli ráðgjafanefndar og starfsgreinaráðs eru tryggð með því að starfsgreinaráð hafi milligöngu um tilnefningu fulltrúa úr atvinnulífi í byggðarlaginu.			Fellur burt. /fagráð í staðinn?	
<b>31. gr.</b> Ráðherra getur gert skóla eða deild að	Þetta er ný grein í framhaldsskólum .	<b>29. gr.</b> Ráðherra getur gert skóla að kjarnaskóla. Gerður	Ekki er lengur gert ráð fyrir að ráðherra þurfi umsögn st.ráðs til	Ekki lengur umsögn frá starfsgreinaráði	

<p>kjarnaskóla, þ.e. tilrauna- og þróunarskóla í starfsnámi, að fenginni umsögn starfsgreinaráðs.</p>	<p>Kjarnaskólar geta verið mismunandi enda um þróunarverkefni að ræða. Gert er sérstakt samkomulag milli Mmr og viðkomandi skóla. Í kjarnaskóla fer fram þróun á námsefni, námsskipan, kennsluaðferðum og námsmat í viðkomandi starfsnámi. Sömuleiðis sinnir skólinn þróunar- og þjónustuhlutverki fyrir allt landið.</p>	<p>um það sérstakur samningur. Hagsmunaaðilar og starfsgreinaráð geta átt aðild að samningi. Mmr leggur til fjármagn vegna samningsbundinna verkefna.</p>	<p>að gera frhsk að kjarnaskóla en leitar álits þeirra áður. Gert ráð fyrir að kjarnaskólar fái sérstakar fjárveitingar</p>	<p>vegna tilnefningar kjarnaskóla en almenna breytingin er sú að almennt leiti ráðherra til ráðanna áður en til slíkra ákvarðana kemur.</p> <p>Gerð er tillaga um fjárveitingu vegna tilgreindra verkefna kjarnaskóla</p>	
<p><b>32. gr.</b> Verknám og starfsþjálfun byggist á aðalnámskrá og reglum um vinnustaðanám í viðkomandi starfsgrein. Gera skal starfsþjálfunarsamning milli skóla og vinnustaðar eða námssamning á milli nema og vinnuveitanda. (rg. 280/2000).</p>	<p>Starfsþjálfunarsamningar eru gerðir milli skóla og einstakra fyrirtækja eða stofnana og er kveðið á um hvað kunni að vera í samningum. Námssamningur er hins vegar á milli nema og vinnuveitanda en staðfestur af fulltrúa menntamálaráðherra. Menntamálaráðherra setur jafnframt reglugerð um náms- og starfsþjálfunarsamninga.</p>	<p><b>28. gr.</b> Verknám og starfsþjálfun byggist á ákvæðum aðalnámskrár um nám á vinnustað. Skóli ber ábyrgð á gerð sérstaks starfsþj.samnings um vinnustaðanám við vinnustað, samtök eða aðila sem er hæfur til að veita nemanda tilskylda þjálfun og menntun. Samningarnir skulu kveða á um rétt og skyldur vinnuveitanda, skóla og nemanda, markmið vinnustaðanáms og gæðakröfur, gildistíma, meðferð ágreinings og samningsslit.</p>	<p>Meginbreyting felst í að skólum er falin ábyrgð á að gerðir séu starfsþjálfunarsamningar við nemendur. Á að tryggja að þeir fái viðeigandi starfsþjálfun í stað þess að þeir beri sjálfir ábyrgð á þeim þætti námsins líkt og var. Nefnd um endurskoðun laganna beindi því til ráðherra að stofnaður verði vinnustaðanámssjóður með sérstökum lögum til að tryggja vinnustaðanámi framgang</p>	<p>Skólum er falin sú ábyrgð á að gerðir séu starfsþjálfunarsamningar við nemendur. Þannig er ábyrgðin af þessum þætti námsins lyft af nemendum. Skólar taki ábyrgð á námi nemenda í starfsnámi og tryggi þeim m.a. vinnustaðanám og starfsþjálfun</p> <p>Tillaga um stofnun vinnustaðanámssjóðs</p>	<p>Í Reglugerð nr. 697/2009, 4. gr. er kveðið á um að framhaldsskólar geti samið við aðila utan hans um að annast umsýslu með gerð og staðfestingu námssamninga. Í 8. gr. eru skilyrði fyrir heimild til að taka nema á námssamning og 9. gr kveður á um þetta hlutverk starfsgreinaráða. Sömuleiðis er þess getið að þau geti komið á fót <i>nemaleyfisnefnd</i> til að fara yfir umsóknir einstakra fyrirtækja eða meistara. Ráðherra setur nema-leyfisnefndum erindisbréf</p>

## Mat á ársskýrslum Starfsgreinaráða fyrir árið 2008

Viðmið	Starfsgreinaráð skrifstofu- og verslunargreina
<p>1 <b>Almennar upplýsingar um störf ráðsins á árinu s.s. fundarhöld</b> (fjöldi funda) <b>og helstu viðfangsefni</b> (s.s. umsögn um námskrádrög)</p>	<p>Haldnir voru 4 fundir á árinu 2008. (eiga að vera 8 skv. verklagsreglum). Fundargerðir fylgja með í viðauka ársskýrslu. Starfsmarkmið fyrir árið 2008 voru 11 fundir. Í skýrslunni er gerð grein fyrir eftirfylgni fyrir hvert markmið.</p>
<p>2 <b>Yfirlit yfir fjárreiður ráðsins, þ.e.a.s. nýtingu fastaframlags</b> (er fastaframlag aðgreint frá öðrum rekstrarkostnaði sem fellur ekki undir rammisamning við ráðuneyti um almenna starfsemi ráðsins?)</p>	<p>Rekstartekjur og rekstrargjöld eru sundurliðað í rekstarreikningi sem er rétt settur upp. Sömuleiðis eru settar fram skýringar við tekju- og gjaldaliði. Efnahagsreikningur ekki settur fram</p>
<p>3 <b>Mat á stöðu starfsmenntunar á verksviði ráðsins og tillögur til umbóta</b> (s.s. tillögur um breytingar á starfsnámi; mótun meginlína um viðkomandi starfsnám)</p>	<p>Ekki er um heildarmat að ræða né heildstæða framtíðarsýn. Undir sumum markmiðum er rætt um hvað þurfi að gera og horft fram á veginn s.s. að koma námsskrá um "starfsnám þjónustugreina" inn í fleiri framhaldsskóla, leita eftir samstarfi við hagsmunaaðila um að innleiða námsskrá og mikilvægi þess að þróa frekar námsefni fyrir starfsnám þjónustugreina.</p>
<p>4 <b>Áætlanir um verkefni ársins og næstu ára ef því er að skipta</b></p>	<p>Setja sér markmið fyrir hvert ár og vinna síðan eftir verkáætlun sem byggir á þeim. Telja upp verkefni ársins 2009. Setja fram þrjú markmið fyrir árin 2009-2011: Eftirfylgni námsskrár "Starfsnám þjónustugreina"; kynning á starfsnámi þjónustugreina; kynnast hvernig starfsnámi þjónustugreina er háttað erlendis og taka þátt í samevrópskum verkefnum sem tengjast starfsnámi þjónustugreina. Nefna verkþætti sem vinna þarf til að ná þessum markmiðum</p>
<b>ANNAÐ</b>	
<p>5 <b>Samráð/samskipti við ráðuneyti</b> (ráðgjöf og leiðsögn ráðuneytis)</p>	<p>Ekki er fjallað sérstaklega um samráð við ráðuneytið. Hafa fengið úthlutað styrk úr þróunarsjóði mennta- og menningarmálaráðuneytis til námsefnisgerðar.</p>
<p>6 <b>Upplýsingar um verkaskiptinu innan ráðsins</b></p>	<p>Verkaskipting er tilgreind fyrir formann, varaformann, gjaldkera og ritara. Einnig eru upplýsingar um hverjir eru varamenn í ráðinu</p>
<p>7 <b>Verklagsreglur ráðs</b></p>	<p>Verklagsreglur ráðsins fylgja með í viðauka.</p>
<p>8 <b>Samstarf/samráð við helstu hagsmunaaðila</b></p>	<p>Eru í samstarfi við ýmsa aðila s.s. Verzlunarskóla Íslands, Mími-símenntun, ýmsa framhaldsskóla og fyrirtæki, fagráð verslunarinnar og menntamálaráðuneyti. Styðja við tvö Leonardó verkefni sem leidd eru af VÍ og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.</p>

# Mat á ársskýrslum Starfsgreinaráða fyrir árið 2007

Viðmið	Starfsgreinaráð Sjávarútvegs- og siglingagreina
<p><b>Almennar upplýsingar um störf ráðsins á árinu</b>  <b>s.s. fundarhöld</b> (fjöldi funda) <b>og helstu viðfangsefni</b> (s.s. umsögn um námskrádrög)</p>	<p>Haldnir voru 3 fundir á starfsárinu 2007. Helstu viðfangsefni voru vinna við gerð námsskrár fyrir vélstjórnar- og skipstjórnarnám. Sitt hvor vinnuhópur fyrir þessar námsbrautir. Unnið með starfsgreinaráði málm-, véltækni- og framleiðslugreina að samræmingu námsskrár fyrir vélvirkja og vélstjóra.</p>
<p><b>Yfirlit yfir fjárreiður ráðsins, þ.e.a.s. nýtingu fasta-framlags</b> (er fastaframlag aðgreint frá öðrum rekstrarkostnaði sem fellur ekki undir rammasamning við ráðuneyti um almenna starfsemi Ráðsins?)</p>	<p>Fastaframlag er aðgreint í ársreikningi. Fengu ekki fastaframlag frá ráðuneyti fyrir árið 2007 (né 2006). Áttu von að myndi skila sér í jan 2008 (skiluðu þá ársskýrslu f. 2006). Voru með samning vegna vinnu við námsskrá og fengu 2 milljónir á árinu 2005 vegna þess og áttu von á öðrum 2 milljónum við verklok á árinu 2008.</p>
<p><b>Mat á stöðu starfsmenntunar á verksviði ráðsins og tillögur til umbóta</b> (s.s. tillögur um breytingar á starfsnámi; mótun meginlína um viðkomandi starfsnám)</p>	<p>Engar tillögur, né framtíðarsýn</p>
<p><b>Áætlanir um verkefni ársins og næstu ára ef því er að skipta</b></p>	<p>Heildarnámsskrá fyrir vélstjórnarnámið send til ráðuneytis í desember 2007. Námsskrá skipstjórnarnáms á að klárast í janúar 2008. Áframhaldandi samstarf um samræmingu á námsskrá fyrir vélvirkja og vélstjóra. Á árinu 2008 á að skipuleggja vinnustaðnám, bæði um borð í skipum og í landi.</p>
ANNANÐ	
<p><b>Samráð/samskipti við ráðuneyti</b> (ráðgjöf og leiðsögn ráðuneytis)</p>	<p>Formlegur kynningarfundur á námsbrautum haldinn í mennta- og menningarmálaráðuneyti í september með skólunum.</p>
<p><b>Upplýsingar um verkaskiptinu innan ráðsins</b></p>	<p>Formaður tilgreindur sem og varamaður hvers aðalmanns.</p>
<p><b>Verklagsreglur ráðs</b></p>	<p>Engar verklagsreglur kynntar í ársskýrslu.</p>
<p><b>Samstarf/samráð við helstu hagsmunaaðila</b></p>	<p>Samráð haft við starfsgreinaráð málm-, véltækni- og framleiðslugreina vegna samræmingu á námsskrá í vélstjórn.</p>

# Mat á ársskýrslum Starfsgreinaráða fyrir árið 2008

Viðmið	Starfsgreinaráð uppeldis- og tómstundagreina
<p><b>1</b> Almennar upplýsingar um störf ráðsins á árinu s.s. fundarhöld (fjöldi funda) og helstu viðfangsefni (s.s. umsögn um námskrádrög)</p>	<p>Haldnir voru 11 stjórnarfundir. Helstu umræðuefni á fundunum voru áhrif nýrrar löggjafar, námskrárvinna og breytingar á frítíma- og tómstundabraut. Ráðið fylgdist með þróun námsbrauta sem fylgja þeirra námskrá. Hafa þrýst á þróun raunfærnimats sem og breytingu á námsskrá uppeldisgreina. Leonardóferð til Köben og Malmö.</p>
<p><b>2</b> Yfirlit yfir fjárreiður ráðsins, þ.e.a.s. nýtingu fasta-framlags (er fastaframlag aðgreint frá öðrum rekstrarkostnaði sem fellur ekki undir rammasamning við ráðuneyti um almenna starfsemi Ráðsins?)</p>	<p>Rekstar- og efnahagsreikningur eru ekki settir fram. Gerð grein fyrir stöðu tékkareiknings við lok árs, hverjir innvextir voru sem og fjármagnstekjuskattur. Greint frá því í texta að framlag ráðuneytis fari í að greiða kostnað við rekstur.</p>
<p><b>3</b> Mat á stöðu starfsmenntunar á verkviði ráðsins og tillögur til umbóta (s.s. tillögur um breytingar á starfsnámi; mótun meginlína um viðkomandi starfsnám)</p>	<p>Tala um mikilvægi þróunar raunfærnimats og að skólakerfið hafi ekki bolmagn til að vinna það. Gera sér vonir um að ný framhaldsskólalög styðji við raunfærnimatið. Telja þau að í kjölfar nýrra laga að þá sé framtíð starfsnáms sem og náms með vinnu bjartari en áður. Benda á að sýn vinnumarkaðar og ráðuneytis sé að minnka hlut þeirra sem enga viðbótarmenntun hafa í 10% árið 2020.</p>
<p><b>4</b> Áætlanir um verkefni ársins og næstu ára ef því er að skipta</p>	<p>Ekki gerð grein fyrir áætlunum næstu ára</p>
<b>ANNAÐ</b>	
<p><b>5</b> Samráð/samskipti við ráðuneyti (ráðgjöf og leiðsögn ráðuneytis)</p>	<p>Rætt um ósk um stuðning mennta- og menningarmálaráðuneytis vegna raunfærnimats en skortur á fjármagni hafi hamlað frekari samvinnu um þetta verkefni.</p>
<p><b>6</b> Upplýsingar um verkaskiptinu innan ráðsins</p>	<p>Skipan ráðsins er lýst sem og hver gegnir formannsembætti og embætti gjaldkera.</p>
<p><b>7</b> Verklagsreglur ráðs</p>	<p>Verklagsreglur eru ekki kynntar.</p>
<p><b>8</b> Samstarf/samráð við helstu hagsmunaaðila</p>	<p>Ekki er sérkafla um samstarfsaðila en í skýrslunni eru nefndir aðilar eins og mennta- og menningarmálaráðuneyti, Mímir, BHS, ÍTR, FOA í Kaupmannahöfn</p>



## Mat á ársskýrslum Starfsgreinaráða fyrir árið 2008

Viðmið	Starfsgreinaráð heilbrigðis-, félags og uppeldisgreina
<p>1 <b>Almennar upplýsingar um störf ráðsins á árinu s.s. fundarhöld</b> (fjöldi funda) <b>og helstu viðfangsefni</b> (s.s. umsögn um námskrádrög)</p>	<p>Ráðið hélt 10 stjórnarfundum á árinu, þar af einn hátíðarfund á Sjávarkjallaranum. Helstu verkefni ráðsins fólust í gerð nokkurra námsskráa, s.s. fyrir heilbrigðisritara, rannsóknatækna, heilsunuddara og framhaldsnám sjúkraliða í geðhjúkrun og framhaldsnáms fyrir lyfjatækna. Ráðið hélt ráðstefnu um starfsmannamál og menntun starfsmanna á félagssviði. Ekki er gerð grein fyrir aðkomu ráðsins að þeirri vinnu. Sömuleiðis afgreiddi ráðið fjölmörg erindi, sem m.a. fólu í sér tillögur um stofnun starfshópa, skipan í sveinsprófsnefndir. Ráðið skilaði ekki inn sérstöku álitum um ný framhaldsskólalög.</p>
<p>2 <b>Yfirlit yfir fjárreiður ráðsins, þ.e.a.s. nýtingu fasta-framlags</b> (er fastaframlag aðgreint frá öðrum rekstrarkostnaði sem fellur ekki undir rammamening við ráðuneyti um almenna starfsemi Ráðsins?)</p>	<p>Gerð er grein fyrir fjárreiðum ráðsins en ekki er gerð grein fyrir stöðu sjóðs í upphafi árs 2008 þannig að ekki er ljóst hvað var í sjóði við upphaf árs. Kostnaður vegna rekstrar ráðsins er ekki aðgreindur frá öðrum kostnaði og ekki er gert grein fyrir því í útgjaldaliðum hver þiggur laun vegna námskrárgerðar og undirbúningsvinnu við námskrárgerð. Þá greiðist kostnaður upp á 847.639 vegna námsferðar ráðsins af rekstrarfé og sömuleiðis starfsdagar ráðsins upp á 360.928 sem ekki er gerð grein fyrir í ársreikningi.</p>
<p>3 <b>Mat á stöðu starfsmenntunar á verkssviði ráðsins og tillögur til umbóta</b> (s.s. tillögur um breytingar á starfsnámi; mótun meginlína um viðkomandi starfsnám)</p>	<p>Gerð er góð grein fyrir afgreiðslu erinda og afstöðu ráðsins til þeirra erinda. Heilmikil námskrárvinna var unnin á árinu en ekki er ljóst hvert hlutverk ráðsins var í þeirri vinnu, auk þess sem ekki er gerð grein fyrir kostnaði við þá vinnu nema að takmörkuðu leyti í ársreikningi. Sömuleiðis var haldin ráðstefna um starfsmannamál og menntun starfsfólks á félagssviði en engin grein er gerð fyrir tilgangi og útkomu þeirrar ráðstefnu. Lagðar voru nokkrar tillögur fyrir ráðið um breytingar á starfsnámi og ráðið ræddi stofnun fagráðs vegna framhaldsnáms en skipaði ekki. Frumvarpsdrög um ný framhaldsskólalög eru ekki nefnd.</p>
<p>4 <b>Áætlanir um verkefni ársins og næstu ára ef því er að skipta</b></p>	<p>Gert er grein fyrir nokkrum fyrirhuguðum verkefnum á árinu 2009 í punktaformi, s.s. námskrárgerð en ekki er ljóst hvort sú vinna verði á forræði ráðsins.</p>
ANNANÐ	
<p>5 <b>Samráð/samskipti við ráðuneyti</b> (ráðgjöf og leiðsögn ráðuneytis)</p>	<p>Ráðið fékk fjölmörg erindi frá ráðuneytinu til umsagnar á árinu og gerð er ítarlega grein fyrir afgreiðslu hvers erindis. Þá fundaði Ráðið amk 3 sinnum með fulltrúum ráðuneytisins.</p>
<p>6 <b>Upplýsingar um verka-skiptinu innan ráðsins</b></p>	<p>Gerð er grein fyrir því hver er formaður, ritari og gjaldkeri. Ekki kemur fram hver heldur utan um starfsemi ráðsins né hvort greitt er fyrir þá vinnu.</p>
<p>7 <b>Verklagsreglur ráðs</b></p>	<p>Ekki er gerð grein fyrir verklagsreglum ráðs.</p>
<p>8 <b>Samstarf/samráð við helstu hagsmunaaðila</b></p>	<p>Ráðið hélt ráðstefnu á árinu en engar upplýsingar eru um hverjir sóttu þá ráðstefnu né um viðfangsefni hennar. Ráðið hélt einn fund með forsvarsmönnum framhaldsskóla en ekki verður séð að aðrir fulltrúar hafi verið kallaðir á fundi ráðsins.</p>

## Mat á ársskýrslum Starfsgreinaráða fyrir árið 2008

Viðmið	Starfsgreinaráð handverks og hönnunar
1 <b>Almennar upplýsingar um störf ráðsins á árinu s.s. fundarhöld</b> (fjöldi funda) <b>og helstu viðfangsefni</b> (s.s. umsögn um námskrádrög)	Starfsgreinaráðið endurnýjaði á árinu samning við Iðuna fræðslusetur um umsýslu og hýsingu á starfsemi þess. Ráðið hélt 9 fundi á árinu sem dreifðust nokkuð reglulega um árið. Helstu verkefni ársins fólust í áframhaldandi vinnu við nýja námsskrá í fataiðngreinum; verkefninu SPOR í Norden um kynningu á námsframboði framhaldsskóla; hugmyndir ræddar um handbækur nemaleyfis- og sveinsprófsnefnda, kynning á niðurstöðum símenntunarkönnunar og afgreiðsla erinda.
2 <b>Yfirlit yfir fjárreiður ráðsins, þ.e.a.s. nýtingu fastaframlags</b> (er fastaframlag aðgreint frá öðrum rekstrarkostnaði sem fellur ekki undir rammamening við ráðuneyti um almenna starfsemi Ráðsins?)	Ráðið fékk 665.000 krónur í fastaframlag á árinu en í sjóði við upphaf árs voru rúmlega 430 þúsund. Í árslok voru 584.707 krónur í sjóði. Fastaframlag er ekki aðgreint frá öðrum rekstrarkostnaði sem fellur ekki undir rammamening, s.s. erlend verkefni, námskrárgerð, og símenntunarkönnun en tekjur og útgjöld vegna þeirra verkefna eru færð í rekstrarreikning. Leonardó styrkir eru á sérstökum reikningum.
3 <b>Mat á stöðu starfsmenntunar á verksviði ráðsins og tillögur til umbóta</b> (s.s. tillögur um breytingar á starfsnámi; mótun meginlína um viðkomandi starfsnám)	Ráðið kynnti niðurstöður símenntunarkönnunar fyrir helstu hagsmunaaðilum en engin grein er gerð fyrir hugmyndum um eftirfylgd með niðurstöðum. Ráðið ályktaði sömuleiðis um iðnmeistaránám en engar upplýsingar eru um efnistöð þeirrar ályktunar. Heilmikil vinna tengdist fjöldatakmörkunum í gull- og silfursmíði. Ráðið samþykkti erindi FG um breytingar á tillögum á áfangahæðum og áfangalýsingum einstakra áfanga. Ráðið skilaði ályktun um framhaldsskólafrumvarp.
4 <b>Áætlanir um verkefni ársins og næstu ára ef því er að skipta</b>	Ráðið ákvað að fara af stað með vinnu við að stofna nemaleyfisnefndir í greinum ráðsins. Sömuleiðis var ákveðið að fara af stað með vinnu við að útbúa handbækur fyrir sveinsprófsnefndir og nemaleyfisnefndir í sömu greinum. Ráðið hefur óskað eftir leyfi til að fara í vinnu við að setja nefndirnar á stofn. Erfitt er að gera tillögur að verkefnum sökum fyrirhugaðra breytinga á starfi starfsgreinaráða með nýjum lögum en brýnast er talið að hefja vinnu við handbækur og nemaleyfisnefndir.
ANNAÐ	
5 <b>Samráð/samskipti við ráðuneyti</b> (ráðgjöf og leiðsögn ráðuneytis)	Niðurstöður símenntunarkönnunar voru kynntar fulltrúum ráðuneytis á fundi. Engar áætlanir lagðar fram um eftirfylgd. Ráðið sendi ráðuneytinu ályktun um iðnmeistaránám og ný framhaldsskólalög. Þá skilaði ráðið inn nýrri námsskrá í fataiðngreinum á fyrri hluta ársins. Ráðið sendi sömuleiðis inn erindi til ráðuneytis með ósk um leyfi fyrir að fara í vinnu við að stofna nemaleyfisnefndir.
6 <b>Upplýsingar um verkaskiptinu innan ráðsins</b>	Engar upplýsingar um verkaskiptingu í skýrslu annað en það sem tilgreint er hér að ofan um verksvið starfsmanns ráðsins. Formaður er tilgreindur en ekki önnur verkaskipting stjórnar. Gerð er grein fyrir fulltrúum starfsgreinaráðsins en ekki fulltrúum fagnefnda í skýrslunni.
7 <b>Verklagsreglur ráðs</b>	Engar upplýsingar um verklagsreglur í skýrslu
8 <b>Samstarf/samráð við helstu hagsmunaaðila</b>	Litlar upplýsingar eru um samráð við hagsmunaaðila utan þess að einhverjum voru kynntar niðurstöður símenntunarkönnunar. Sömuleiðis er sagt frá fagnefndum einstakra greina en ekki tilgreint hverjir eru í þeim. Fáir hagsmunaaðilar komu á fundi ráðsins.

## Mat á ársskýrslum Starfsgreinaráða fyrir árið 2007

Viðmið	Starfsgreinaráð í málm-, véltækni- og framleiðslugreinum
<p>1 <b>Almennar upplýsingar um störf ráðsins á árinu s.s. fundarhöld</b> (fjöldi funda) <b>og helstu viðfangsefni</b> (s.s. umsögn um námskrádrög)</p>	<p>Ráðið hélt 6 reglulega fundi auk haustfundar á starfsárinu. Ráðið vann að endurskoðun námsskrár fyrir málm- og véltæknigreinar og starfshópur á vegum ráðsins vann að skýrslu um iðnmeistaránám, og fundaði með starfsgreinaráði sjávarútvegs- og siglinga um samræmingu námsskráa í vélstjórn og vélvirkjun. Gerð er grein fyrir stofnun starfsmenntadeildar Iðunnar sem á að vista alla starfsemi er varðar framhaldsskólann og gerð námsskrá, ráðið tilgreini einni fulltrúa í ráðgjafanefndir einstakra skóla í ýmsum faggreinum og í nemaleyfis- og sveinsprófsnefndir. Fulltrúar sóttu fundi í ráðuneytinu um verklag starfsgreinaráða, rammamning um greiðslur og frumvarpsdrög að nýjum framhaldsskólalögum. Ráðið hélt haustfund sem á voru boðaðir 14 einstaklingar en markmiðið var að vinna framtíðarsýn fyrir greinar ráðsins.</p>
<p>2 <b>Yfirlit yfir fjárreiður ráðsins, þ.e.a.s. nýtingu fastaframlags</b> (er fastaframlag aðgreint frá öðrum rekstrarkostnaði sem fellur ekki undir rammamning við ráðuneyti um almenna starfsemi Ráðsins?)</p>	<p>Rekstrarreikningur ráðsins er engan veginn fullnægjandi. Einungis er gerð grein fyrir tekjum upp á kr. 199.880 og gjöldum upp á kr. 199.88. Í efnahagsreikning aftur á móti fram að ráðið á eignir upp á rúmlega 1,8 milljónir króna. Engar skýringar eru gefnar á þeirri eignamyndun.</p>
<p>3 <b>Mat á stöðu starfsmenntunar á verkviði ráðsins og tillögur til umbóta</b> (s.s. tillögur um breytingar á starfsnámi; mótun meginlína um viðkomandi starfsnám)</p>	<p>Á haustfundi ráðsins var framkvæmd svokölluð "scenario planning" þar sem þátttakendur mótuðu þrens konar framtíðarsýn fyrir málm- og véltækniíðnaðinn og umhverfi hans næstu 10 ár. Ekki er gerð grein fyrir því hvernig ráðið hyggst hins vegar nýta sér þessar niðurstöður til mótun viðkomandi starfsnáms. Ekki er gerð grein fyrir því hverjum var boðin þátttaka á fundinum og hvort fulltrúar allra hagsmunaaðila hafi tekið þátt.</p>
<p>4 <b>Áætlanir um verkefni ársins og næstu ára ef því er að skipta</b></p>	<p>Ekki er gerð nein grein fyrir áætlunum næsta starfsárs.</p>
<b>ANNAÐ</b>	
<p>5 <b>Samráð/samskipti við ráðuneyti</b> (ráðgjöf og leiðsögn ráðuneytis)</p>	<p>Gerð er grein fyrir þátttöku á fundum sem ráðuneyti boðaði fulltrúa allra ráða á en að öðru leyti er ekki gerð grein fyrir samskiptum við ráðuneyti en það hefur ekki svarað beiðni ráðs um tillögur að námsskrá og um iðnmeistaránám.</p>
<p>6 <b>Upplýsingar um verkaskiptinu innan ráðsins</b></p>	<p>Ekki er gerð grein fyrir upplýsingum um verkaskiptingu innan ráðsins utan þess hver er formaður þess.</p>
<p>7 <b>Verklagsreglur ráðs</b></p>	<p>Engar upplýsingar um verklagsreglur ráðs.</p>
<p>8 <b>Samstarf/samráð við helstu hagsmunaaðila</b></p>	<p>Lítið sem ekkert gert grein fyrir samstarfi við hagsmunaaðila.</p>

## Mat á ársskýrslum Starfsgreinaráða fyrir árið 2008

Viðmið	Starfsgreinaráð matvæla-, veitinga- og ferðaþjónustugreina
<p>1 <b>Almennar upplýsingar um störf ráðsins á árinu s.s. fundarhöld</b> (fjöldi funda) <b>og helstu viðfangsefni</b> (s.s. umsögn um námskrádrög)</p>	<p>Starfsgreinaráðið fundaði 6 sinnum á árinu. Vinnuhópur um iðnmeistaránám fundaði 3 sinnum. Helstu verkefni ráðsins snéru að skipulagi og inntaki iðnmeistaránáms (gerð grein fyrir afstöðu ráðsins til námsins), fræðslu um nám í hóteltjórnun og starfsmenntun í Skotlandi, s.s. áherslur þeirra á starfsþjálfun. Ráðið kynnti frumvarp til laga um framhaldsskóla og sendi inn athugasemdir, s.s. um samskipti framhaldsskóla og starfsgreinaráða um starfsnámsbrautir. Erindi afgreidd tengd kennslu í kjötið hjá VMA (langt mál og flókið) og áherslur ráðsins í námsefnisgerð í matvæla-, veitinga- og ferðaþjónustugreinum kynntar fyrir ráðuneytinu. Tillögur um vinnureglur um raunfærni samþykktar.</p>
<p>2 <b>Yfirlit yfir fjárreiður ráðsins, þ.e.a.s. nýtingu fastaframlags</b> (er fastaframlag aðgreint frá öðrum rekstrarkostnaði sem fellur ekki undir rammasamning við ráðuneyti um almenna starfsemi Ráðsins?)</p>	<p>Gert er grein fyrir tekjum og kostnaði ráðsins á árinu. Fastaframlag og ráðstöfun þess er ekki aðgreind frá kostnaði vegna annarra verkefna, s.s. námskrárvinnu. Þannig verður ekki séð af ársreikningi hversu hátt hlutfall af launakostnaði starfsmanns er vegna starfa fyrir starfsgreinaráðið.</p>
<p>3 <b>Mat á stöðu starfsmenntunar á verkviði ráðsins og tillögur til umbóta</b> (s.s. tillögur um breytingar á starfsnámi; mótun meginlína um viðkomandi starfsnám)</p>	<p>Starfsgreinaráðið vann tillögur að útfærslu iðnmeistaránáms og vinnureglur við mat á raunfærni sem eru hvoru tveggja mikilvæg viðfangsefni. Þá stóð ráðið fyrir ítarlegri kynningu á frumvarpsdrögum að nýjum lögum um framhaldsskóla.</p>
<p>4 <b>Áætlanir um verkefni ársins og næstu ára ef því er að skipta</b></p>	<p>Tilgreind eru helstu verkefni og áherslur næsta starfsárs, s.s. endurskoðun námsskráa í matvæla- og veitingagreinum, eftirfylgni námskrárvinnu iðnmeistaránáms, tilnefning í fagråd faggreina og markaðssetning á námi og námsleiðum.</p>
<b>ANNAÐ</b>	
<p>5 <b>Samráð/samskipti við ráðuneyti</b> (ráðgjöf og leiðsögn ráðuneytis)</p>	<p>Gerð er grein fyrir nokkuð ítarlegum samskiptum við ráðuneyti, s.s. vegna nýrra laga, samningum um námskrángerð, og ekki síst framkvæmd kjötiðnaðarnáms hjá VMA og afgreiðsla erinda.</p>
<p>6 <b>Upplýsingar um verkskiptinu innan ráðsins</b></p>	<p>Tilgreint er hver formaður ráðsins er og hverjir sátu í vinnuhópi ráðsins um iðnmeistaránám.</p>
<p>7 <b>Verklagsreglur ráðs</b></p>	<p>Ekki gerð grein fyrir verklagsreglum í ársskýrslu</p>
<p>8 <b>Samstarf/samráð við helstu hagsmunaaðila</b></p>	<p>Af lestri ársskýrslunnar að dæma má segja að leitast hafi verið að hafa samráð við helstu hagsmunaaðila s.s. framhaldsskóla sem kenna greinar á forræði ráðsins. Þó gefa áherslur ráðsins fyrir starfsárið 2009 til kynna að þörf sé á betra samráði og kynningu á námi á þessu sviði.</p>

## Mat á ársskýrslum Starfsgreinaráða fyrir árið 2008

Viðmið	Starfsgreinaráð byggingar- og mannvirkjagreina
<p>1 <b>Almennar upplýsingar um störf ráðsins á árinu s.s. fundarhöld</b> (fjöldi funda) <b>og helstu viðfangsefni</b> (s.s. umsögn um námskrádrög)</p>	<p>Ráðið hélt 5 fundi á starfsárinu 2008. Allar fundargerðir voru sendar ráðuneyti. Helstu málefni sem voru rædd á fundum ráðsins voru námsferilbækur fyrir vinnustaðanáam, tillögur um nýskipan sveinsprófa og endurskoðun þeirra, málþing (ekki tilgreint hvaða málþing um er að ræða), frumvarp til laga um framhaldsskóla, umsögn um námsskrá bygginga- og mannvirkjagreina og meistaranám. Viðfangsefnum er lítið líst í ársskýrslu en vísað í fundargerðir sem sendar hafa verið ráðuneytinu.</p>
<p>2 <b>Yfirlit yfir fjárreiður ráðsins, þ.e.a.s. nýtingu fasta-framlags</b> (er fastaframlag aðgreint frá öðrum rekstrarkostnaði sem fellur ekki undir rammasamning við ráðuneyti um almenna starfsemi Ráðsins?)</p>	<p>Greint er frá verkefnasamningi við lðuna um vinnu fyrir ráðið sem byggist á rammasamningi ráðuneytis og ráðsins. lðan leggur til ritara fyrir ráðið, húsnæði og aðstoðar við ýmsan undirbúning, gerð umsagna o.fl og fær 685.000 þúsund krónur fyrir. Nýting fjármuna vegna rammasamnings er sundurliðuð í nokkra þætti; laun ritara, laun verkefnisstjóra, laun fagnefndarmanna og kostnað vegna þátttöku ráðsmanna á fundum. Að auki er tilgreint umsýsluálag upp á 25% af heildarupphæð samnings. Ekki er greint frá fjármunum vegna annarra verkefna ráðsins á árinu.</p>
<p>3 <b>Mat á stöðu starfsmenntunar á verkviði ráðsins og tillögur til umbóta</b> (s.s. tillögur um breytingar á starfsnámi; mótun meginlína um viðkomandi starfsnám)</p>	<p>Engar upplýsingar um slíkt er að finna í ársskýrslunni</p>
<p>4 <b>Áætlanir um verkefni ársins og næstu ára ef því er að skipta</b></p>	<p>Greint er frá 10 verkefnum sem Ráðið mun setja í forgang í vinnuáætlun fyrir árið 2009. Á meðal forgangsverkefna eru; að koma námsferilsbókum byggingagreina í notkun, veita umsögn um frumvarp til laga um framhaldsskólann (lög samþykkt 2008?), koma tillögum um nýskipan sveinsprófa til framkvæmda, semja nýja námsskrá fyrir faghluta meistaranáms í byggingargreinum, endurskoða innihald og sveinsprófsbanka fyrir byggingagreinar, veita umsagnir vegna mats og viðurkenningar menntunar erlendra iðnaðarmanna og gera tillögur um námsskrá vegna náms fyrir byggingarliða</p>
<b>ANNAD</b>	
<p>5 <b>Samráð/samskipti við ráðuneyti</b> (ráðgjöf og leiðsögn ráðuneytis)</p>	<p>Ekki er vikið að samneyti við mennta-og menningarmálaráðuneyti utan þess að þess er getið að fundargerðir hafi verið sendar ráðuneytinu.</p>
<p>6 <b>Upplýsingar um verka-skiptinu innan ráðsins</b></p>	<p>Verkaskipting er ekki tilgreind og engar upplýsingar er að finna um hver starfsmaður ráðsins er.</p>
<p>7 <b>Verklagsreglur ráðs</b></p>	<p>Ekki gerð grein fyrir verklagsreglum í ársskýrslu</p>
<p>8 <b>Samstarf/samráð við helstu hagsmunaaðila</b></p>	<p>Ekki gerð grein fyrir samstarfi við hagsmunaaðila í ársskýrslu</p>

## Mat á ársskýrslum Starfsgreinaráða fyrir árið 2008

Viðmið	Starfsgreinaráð í farartækja- og flutningsgreinum
<p><b>Almennar upplýsingar um störf ráðsins á árinu</b>  <b>1 s.s. fundarhöld</b> (fjöldi funda)  <b>og helstu viðfangsefni</b> (s.s. umsögn um námskrárdrög)</p>	<p>Ársskýrslan tekur til starfsemi ráðsins frá júní 2007 til desember 2008. Starfsgreinaráðið hafði aðsetursskipti haustið 2007 þegar samningur var gerður við Iðuna um umsýslu og hýsingu starfsemi. <i>Ekki er gerð grein fyrir því hversu marga fundi ráðið hélt á umræddu starfstímabili.</i> Helstu viðfangsefni á starfstímabilinu voru; vinna við nýja námskrá í bíliðngreinum, raunfærnimatsverkefni í bíliðngreinum í samvinnu við Mími-símenntun, skoða styttri námsleiðir í hleðslu flugvéla, flutningabíla og gáma, umsögn um meistaranám og umræða um frumvarpsdrög að nýjum lögum. Ráðuneyti óskaði eftir tillögu um áherslur í iðnmeistaranámi sem ráðið vísaði til vinnslu hjá sérfræðingum í viðkomandi greinum og var lokið síðla árs 2008. Ráðið ræddi einnig gerð ferilbóka, sveinsprófs- og nemaleyfishandbækur fyrir bíliðngreinar en ráðgert er að hefja þá vinnu 2009. Þá ræddu ráðsmenn tillögur um nýja skipan starfsgreinaráða og sameiningu við málm-, véltækni og framleiðslugreinar.</p>
<p><b>Yfirlit yfir fjárreiður ráðsins, þ.e.a.s. nýtingu fastaframlags</b> (er fastaframlag aðgreint frá öðrum rekstrarkostnaði sem fellur ekki undir rammamening við ráðuneyti um almenna starfsemi Ráðsins?)</p>	<p>Ráðið á nokkuð mikla fjármuni. Í upphafi árs 2007 eru rúmlega 3,5 milljónir á reikningi ráðsins en í upphafi árs 2008 er sú upphæð orðin 4,5 milljónir. Gerð er grein fyrir greiðslu frá ráðuneytinu upp á 1200 þúsund árið 2007 en ekki kemur fram fyrir hvað sú greiðsla er. Þá eru engar tekjur skráðar á árinu 2008. Kostnaður vegna umsýslu Iðunnar er um 340 þúsund árið 2007 en er komin upp í rúma milljón árið 2008. Reikningar eru vel settir fram. Þannig er gerð grein fyrir öllum færslum, hvort heldur þær eru tekjur, útgjöld, þjónustugjöld, innvextir eða fjármagnstekjuskattur.</p>
<p><b>Mat á stöðu starfsmenntunar á verkviði ráðsins og tillögur til umbóta</b> (s.s. tillögur um breytingar á starfsnámi; mótun meginlína um viðkomandi starfsnám)</p>	<p>Í framhaldi af árangri af raunfærnimatsverkefni var sett upp dreifnám í bíliðngreinum í Borgarholtsskóla sem gerir fleiri aðilum kleift að klára nám sitt.</p>
<p><b>Áætlanir um verkefni ársins og næstu ára ef því er að skipta</b></p>	<p>Ráðið telur erfitt að gera áætlun um starfsemina árið 2009 þar sem ekki liggur fyrir hvort sameining verði á starfsgreinaráðum. Mikilvægt er þó talið að hefja vinnu við ferilbækur, sveinsprófshandbækur og nemaleyfishandbækur í bíliðngreinum. Fjármunir, að upphæð 3 milljónir króna, er til á reikningum ráðsins fyrir þeirri vinnu. Sömuleiðis er talið mikilvægt að hefja undirbúningsvinnu við styttri námsbrautir en engum áætlunum um slíkt er lýst.</p>
<b>ANNAÐ</b>	
<p><b>5 Samráð/samskipti við ráðuneyti</b> (ráðgjöf og leiðsögn ráðuneytis)</p>	<p>Einungis er gerð grein fyrir einum samráðsfundi með ráðuneyti vegna mögulegrar sameiningar starfsgreinaráða. Þá óskaði ráðuneytið eftir því að ráðið setti fram tillögur um áherslur í iðnmeistaranámi</p>
<p><b>6 Upplýsingar um verkaskiptinu innan ráðsins</b></p>	<p>Ekki er gerð grein fyrir verkaskiptingu innan ráðs</p>
<p><b>7 Verklagsreglur ráðs</b></p>	<p>Ekki er gerð grein fyrir verklagsreglum ráðs</p>
<p><b>8 Samstarf/samráð við helstu hagsmunaaðila</b></p>	<p>Ráðið blés til samstarfs við Mími-símenntun á fyrri hluta árs 2007. Að öðru leyti er ekki gerð grein fyrir samstarfi við hagsmunaaðila.</p>

## Mat á ársskýrslum Starfsgreinaráða fyrir árið 2008

Viðmið		Starfsgreinaráð rafiðngreina
1	<b>Almennar upplýsingar um störf ráðsins á árinu s.s. fundarhöld</b> (fjöldi funda) <b>og helstu viðfangsefni</b> (s.s. umsögn um námskrádrög)	Starfsgreinaráðið hélt 6 fundi á starfsárinu. Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins heldur utan um starfsemi ráðsins og fundnir eru haldnir í húsnæði hennar. Bæði aðalmenn og varamenn eru boðaðir á alla fundi ráðs. Helstu verkefni ráðsins snéru að framkvæmd sveinsprófa og mögulegar breytingar, s.s. að gera lokapróf í skólum að sveinsprófum. Tillögur um sameiningu rafeindavirkja og símsmiðanáms voru ræddar (unnið árið 2007). Námskrá í rafveituvirkjun fékkst samþykkt (unnið 2004). Þá kom ráðið að vinnu við raunfærnimat en samið var við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um framkvæmd þess (samstarf við Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins). Ráðið vann sömuleiðis að tillögu að nýjum viðauka fyrir rafvirkja. Fræðsluskrifstofan fékk verðlaun fyrir vel unnið Leonardó Evrópuverkefni en þrír nemar fóru til Norðurlanda í starfsþjálfun.
2	<b>Yfirlit yfir fjárreiður ráðsins, þ.e.a.s. nýtingu fastaframlags</b> (er fastaframlag aðgreint frá öðrum rekstrarkostnaði sem fellur ekki undir rammasamning við ráðuneyti um almenna starfsemi Ráðsins?)	Gerð er stuttlega grein fyrir fjármálum ráðs í rekstrarreikningi en ekki er settur upp efnahagsreikningur fyrir ráðið. Gerð er grein fyrir fastaframlagi ráðuneytis, tekjum vegna annarra verkefna, sem og framlagi Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins í tekjulið. Þannig er daglegum störfum fræðsluskrifstofu blandað við störf starfsgreinaráðs. Það sama á við um gjaldaliði. Athygli vekur að kostnaður vegna undirbúnings funda er settur saman með kostnaði vegna veitinga á fundum.
3	<b>Mat á stöðu starfsmenntunar á verk sviði ráðsins og tillögur til umbóta</b> (s.s. tillögur um breytingar á starfsnámi; mótun meginlína um viðkomandi starfsnám)	Ekki er gerð grein fyrir afstöðu ráðs til mats á stöðu starfsmenntunar á verk sviði ráðsins og settar fram tillögur til úrbóta. Þó er gerð nokkuð ítarlega grein fyrir starfinu framundan (sjá hér að neðan). Ekki er sagt frá því hvort ráðið skilaði inn umsögn um ný framhaldsskólalög.
4	<b>Áætlanir um verkefni ársins og næstu ára ef því er að skipta</b>	Ráðið tilgreinir sjö verkefni sem framundan eru. Þar ber fyrst að telja raunfærnimatið (verkefni fræðsluskrifstofu), endurskoðun faghluta námskrár fyrir meistaranám í rafeindavirkjun og rafvirkjun, breytingar á fyrirkomulagi sveinsprófa, þróun námsefnis-, verkefna- og prófabanka fyrir sveinspróf sem og gerð námsefnis fyrir rafiðngreinar (verkefni fræðsluskrifstofu). Önnur verkefni sem tilgreind eru er lokið en beðið er svars frá ráðuneyti.
<b>ANNAÐ</b>		
5	<b>Samráð/samskipti við ráðuneyti</b> (ráðgjöf og leiðsögn ráðuneytis)	Samráð við ráðuneyti er ekki nefnt í skýrslunni utan þess að nefnt er að tillögur um námskrár bíði samþykktar ráðuneytis.
6	<b>Upplýsingar um verka-skiptinu innan ráðsins</b>	Gerð er grein fyrir verkaskiptingu innan ráðs, þ.e. hver er formaður og hver er varaformaður ráðs. Starfsmenn eru einnig tilgreindir.
7	<b>Verklagsreglur ráðs</b>	Ekki er gerð grein fyrir verklagsreglum ráðs
8	<b>Samstarf/samráð við helstu hagsmunaaðila</b>	Ekki er minnst á samstarf við hagsmunaaðila aðra en Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins. Ekki er gerð grein fyrir svörun neinna erinda.

## Svót greining

### Styrkleikar og veikleikar

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá styrkleika og veikleika starfsgreinaráða og starfsgreinanevndar sem er innri þáttur SVÓT greiningar.

Styrkleikar	Veikleikar
Komin reynsla á störf starfsgreinaráða	Hafa ekki komið sér upp góðu verklagi
Þekking er til staðar víða	Sum ráð hafa ekki bakland
Sum ráð hafa bakland	Sum ráð tilnefndu að mestu sömu aðila og áður
Nýjar tilnefningar leiða til endurnýjunar í ráðum	Sumir fulltrúar starfa ekki við fagið í atvinnulífinu; sumir hafa setið í ráðum frá upphafi
Hlutverk tilgreint í lögum	Ekki sátt um hlutverk starfsgreinaráðanna meðal allra hagsmunaaðila
Nýr vinnustaðanámssjóður sem getur eft vinnustaðanám til muna	Verklag ekki nægilega skýrt
Ný starfsgreinanevnd með nýtt hlutverk	Í starfsgreinanevnd sitja fulltrúar allra ráðanna en þau eru misstór og með ólíka starfsemi. Getur torvelað samráð.
	Ósætti um túlkun laganna og sýn á hlutverk ráðanna og nefndarinnar

### Ytri greining

SVÓT greining felur einnig í sér að skoða ytri þætti starfsgreinaráða og nefndar. Ytri þættir fela í sér greiningu á tækifærum og ógnunum sem geta haft áhrif á starfsemina sem ýmist stuðla að eða koma í veg fyrir að settum framtíðarmarkmiðum verði náð.



## **PESTEL**

*PESTEL* er notuð til að greina hvaða þættir í umhverfinu hafa áhrif á fyrirtækið

### **Pólítísk atriði**

Pólítískar sviptingar geta haft áhrif á ýmsa þætti í starfseminni. Er þá einkum horft til vilja stjórnvalda til að leggja til það fjármagn sem þarf til að greiða fyrir þau fjölmörgu verkefni sem bíða nýrra starfsgreinaráða. Það hver er við völd hverju sinni getur haft áhrif á viðhorf til starfsnáms.

### **Efnahagsleg atriði**

Samdráttur í samfélaginu eins og nú er getur dregið dilk á eftir sér og dregið úr fjármagni til ráðanna og komið í veg fyrir aukningu á fjármagni á næstunni. Erfiðleikar í atvinnulífinu hafa áhrif á tækifæri nemenda til að komast í vinnustaðanám. Það gerir ráðunum erfitt fyrir varðandi það að halda úti vinnustaðalista.

### **Samfélagsleg atriði**

Viðhorft til starfsnáms skipta miklu máli. Samdráttur í samfélaginu getur beint sjónum fleiri nemenda að starfsnámi sem gerir þá um leið starfsemi ráðanna enn mikilvægari, þ.e. að þau sinni vel þeim verkefnum sem þau eiga að sinna..

### **Tæknileg atriði**

Tækniframfarir hafa áhrif á þróun náms og gera þær kröfur til starfsgreinaráða að fylgjast vel með og miðla til framhaldsskóla upplýsingum um nýjar kröfur um leikni, hæfni og kunnáttu.

### **Umhverfisleg atriði**

Starfsgreinaráð þurfa að vera meðvituð og kynna sér markvisst breytingar á umhverfi okkar sem og auknar kröfur um umhverfisvitund og miðla til framhaldsskólanna hvernig námið sem þeir bjóða upp á þarf að taka tillit til umhverfislegra atriða.

### **Lagaleg atriði**

Ný lög um framhaldsskóla tóku gildi 2009 og breyttar áherslur frá fyrri lögum hafa mikil áhrif á starfsemi ráðanna og nefndarinnar. Það skiptir líka miklu máli hvenær lögini verða innleidd en það liggur ekki enn ljóst fyrir og skapar það ákveðna óvissu.

## Ógnanir og tækifæri

Gögn úr PESTEL eru notuð við ytri greininguna í SVÓT til að meta ógnanir og tækifæri í ytra umhverfi.

Ógnanir	Tækifæri
Viðhorf stjórnvalda til starfsnáms breytilegt eftir því hver er við völd. Getur komið niður á samfellu	Lagarammi sem skerpir betur á hlutverki
Samdráttur í samfélaginu	Jákvæðara viðhorf til starfsnáms
Innleiðing laganna óviss	Örar tækniframfarir kalla á þörf fyrir nýjar námsbrautir
Örar tækniframfarir kalla á sífellda endurnýjun sumra námsbrautarlýsinga og sumar faggreinar úreldast	Jákvæð viðhorf stjórnvalda sem vilja efla starfs- og iðnnám sem lið í uppbyggingu landsins
Ónógt samstarfs milli starfsgreinaráða	

### Ársreikningar starfsgreinaráða 2007/2008

Nr.	Nafn Starfsgreinaráðs	Reikningsár (12-18 mán)	Rekstrarreikningur (sýna kerfisbundið tekjur og gjöld til að gefa skýra mynd af rekstarafkomu á reikningsári)	Efnahagsreikningur (eignir, skuldir og eigið fé í lok árs; sundurliðun til að sýna skýra mynd af stöðu í árslok)	Undirritun ársreiknings	Skýringar
1	Skrifstofu- og verslunargreina	2008	Tekjur og gjöld sýnd kerfisbundið; skýringar á tekjum og útgjaldaliðum fullnægjandi; grein fyrir vaxta tekjum og fjármagnstekjuskatti; rekstarafkoma sýnd. <i>Nýting fastaframlags ekki aðgreind frá öðrum verkefnum ráðs</i>	Enginn efnahagsreikningur. Eign tilgreind í upphafi árs og í lok árs í lok rekstrarreiknings	Engin undirskrift	Fræðslumiðstöð atvinnulífsins sér um umsýslu
2	Sjávarútvegs- og siglningagreina	2007	Uppsetning rekstrarreiknings er ekki rétt, tekjur og vaxta tekjur eru settar saman (kredit megin) og gjöld og fjármagnstekjuskattur. Ekki er gerð grein fyrir rekstrarmiðurstöðu fjárhagsárs, né upphafsstöðu í byrjun árs	Efnahagsreikningur ekki rétt settur upp. Gerð er grein fyrir eigið fé í upphafi árs og skuld en ekki eign; sundurliðun skýrir ekki skýra mynd af stöðu í árslok	Nöfn formanns og gjaldkera koma fram en engin áritun	Gott dæmi um hvernig ekki á að setja upp ársreikning
3	Heilbrigðis- og félagsgreina	2008	Rekstrarreikningur ekki rétt upp settur. Vextir og fjármagnstekjuskattur ekki aðgreindur frá tekjum og gjöldum. Engar skýringar á gjaldaliðum. Fjárhagsstaða í upphafi árs 2009 í raun mismunur tekna og gjalda eins og staða á reikningi hafi verið 0 í upphafi árs 2008.	Enginn efnahagsreikningur.	Reikningur undirritaður. Ekki ljóst hver undirritar	Á eigin vegum
4	Uppeldis- og tómstundagreina	2008	Enginn rekstrarreikningur - sagt frá í texta í hvað fastaframlag Mmr á að fara í og sýndar 2 tölur í lok árs 2008 um innvexti og fjármagnstekjuskatt	Enginn efnahagsreikningur	Engin undirritun	Gott dæmi um hvernig ekki á að setja upp ársreikning
5	Matvæla-, veitinga- og ferðaþjónustugreina	2008	Rekstrarreikningur ekki rétt upp settur. Ekki gerð grein fyrir rekstrarstöðu í lok árs, né innvöxtum og skattgreiðslum. Fastaframlag tilgreint sem og greiðsla vegna námskrárvinnu. Kostnaður vegna námskrárvinnu ekki sérstaklega tilgreindur. Kostnaður vegna almennrar starfsemi mun hærrí en fastaframlag	Enginn efnahagsreikningur	undirritun	Iðan sér um starfsgreinaráð
6	Farartækja og flutningsgreinum	2007/2008	Rekstrarreikningur til staðar en ekki rétt uppsettur - blandað er saman rekstrar- og efnahagsreikningi. Þannig er inneign á tékkareikningi skilgreind sem tekjur	Enginn efnahagsreikningur	Engin undirritun	Iðan sér um starfsgreinaráð
7	Hönnunar- og handverksgreina	2008	Rekstrarreikningur til staðar og gerð grein fyrir öllum tekjum og útgjöldum en rekstrarreikningi og efnahagsreikningi blandað saman. Fastaframlag ekki aðgreint frá tekjum vegna annarra verkefna. Ekki nægar útskýringar á útgjaldaliðum	Enginn efnahagsreikningur	Undirritun	Iðan sér um starfsgreinaráð
8	Rafiðngreinar	2008	Rekstrarreikningur til staðar en ekki rétt uppsettur. Ekki gerð grein fyrir rekstrarmiðustöðu árs og innvöxtum og fjármagnstekjuskatti (ef við á). Útgjöld vegna annarra verkefna sem sérstaklega er greitt fyrir ekki aðgreind frá almennum verkefnum sem fastaframlag er fyrir. Nýting á fastaframlagi ekki sundurliðuð	Enginn efnahagsreikningur	Undirritun - formaður og starfsmaður	Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins annast umsýslu
9	Málm- véltækni- og framleiðslugreinum	2007	Rekstrarreikningur til staðar en einungis er getið um vaxartekjur og fjármagnstekjuskatt en engar aðrar tekjur og útgjöld. Þannig kemur ekki fram í hvað fastaframlag ráðuneytis vegna starfseminnar fór í.	Efnahagsreikningur til staðar en ekki rétt uppsettur	Engin undirritun	Iðan annast umsýslu. Dæmi um illa uppsett uppgjör
10	Bygginga- og mannvirkjagreina	2008	Rekstrarreikningur til staðar en ekki rétt upp settur. Einungis er gerð grein fyrir kostnaðarliðum en ekki tekjulíðum og stöðu í lok árs. Nýting á fastaframlagi sundurliðuð	Efnahagsreikningur ekki til staðar	Engin undirritun	Iðan annast umsýslu. Reikningar ekki í lagi en gott dæmi um sundurliðun á nýtingu fastaframlags

## Samskipti starfsgreinaráðs og ráðuneytis - drög að almennum verklagsreglum -

Ráðuneytið útnefni sérstakan tengilið við hvert starfsgreinaráð sem heldur utanum erindi ráðsins, annast dagleg samskipti ráðs og ráðuneytis, undirbýr gerð verksamninga, fylgir verkefnum eftir og er ráðinu innan handar með ráðgjöf og leiðsögn. Ráðuneytið gerir rammasamning við starfsgreinaráð um almenna starfsemi þess og greiðslu árlegs fastaframlags sem á að nægja fyrir almennum rekstri, svo sem kostnaði við fundi og utanumhald um dagleg verkefni og fjársýslu.

Gert er ráð fyrir því að hvert starfsgreinaráð móti vinnulag sitt, skipti með sér verkum og setji sér nánari verklagsreglur. Nauðsynlegt að sérhvert starfsgreinaráð hafi eftirfarandi í heiðri

- tilkynna skal viðkomandi tengilið í ráðuneyti um það hver sé formaður ráðsins svo og um formannaskipti ef um er að ræða
  - tilkynna skal breytingar á heimilis- og netföngum ráðsmanna til tengiliðar svo halda megi rétta skrá yfir ráðsmenn
  - þegar fulltrúi í starfsgreinaráði óskar að biðjast lausnar skal hann tilkynna það bréfluga til ráðuneytisins og senda afrit til tilnefningaraðila en ráðuneyti leitar eftir nýrri tilnefningu og skipar staðgengil
  - tíðni funda er ákvörðunaratriði hjá hverju starfsgreinaráði en eðlilegt má teljast að fundir séu að jafnaði ekki sjaldnar en mánaðarlega utan sumarleyfistíma
  - boða skal til funda í starfsgreinaráði á formlegan hátt, með dagskrá og fundargögnum og með hæfilegum fyrirvara, sem ráðið kemur sér saman um, og gera það að reglu að menn tilkynni forföll
  - samþykktar fundargerðir skulu jafnóðum sendar öllum aðalmönnum og varamönnum í ráðinu svo og viðkomandi tengilið í ráðuneyti
- hvert starfsgreinaráð ákveður hvenær allir varamenn eru boðaðir á fundi ráðsins og hver skuli annast boðun varamanns þegar aðalmaður er forfallaður
- tryggja þarf að varamenn geti fylgst eins vel með störfum ráðsins og kostur er með því að senda þeim fundargerðir, áætlanir og önnur gögn svo sem námskrádrög og æskilegt er að gefa þeim kost á að koma með tillögur og ábendingar
- að loknu hverju starfsári (fyrir 15. janúar) skal starfsgreinaráð skila skýrslu til ráðuneytisins og er hún forsenda greiðslu árlegs fastaframlags. Skýrslan skal innihalda eftirtalda meginþætti
- almennar upplýsingar um störf ráðsins á næstliðnu ári s.s. fundahöld og helstu viðfangsefni
  - yfirlit yfir fjárreiður ráðsins, þ.e.a.s. nýtingu fastaframlags
  - mat á stöðu starfsmenntunar á verksviði ráðsins og tillögur til umbóta
  - áætlanir um verkefni ársins og næstu ára ef því er að skipta
- ráðuneyti skal að öllu jöfnu bregðast við ársskýrslu starfsgreinaráðs innan mánaða frá móttöku hennar og millifæra fastaframlag til starfsgreinaráðs